Um 1, að með því að lög um lausafjártíund 12. júlí 1878 ekki nefna geitfje í 2. gr., þar sem mælt er fyrir um, hvernig fjenaður skuli lagður í tíund, og lögin þannig ekki virðast ætlast til, að það skuli talið fram til tíundar, þá fæ jeg ekki sjeð, að yður beri skylda til að greiða tíund af geitfje yðar.

Um 2, að með því að tilskipun um vegina 15. marz 1861 mælir svo fyrir í 18. gr., að það sje skylda innbúanna í hverjum hreppi, »hvort sem þeir eru af bændastjett eða ekki«, að leggja til verk til vegabóta og viðhalds á aukavegum um hreppinn, þá virðist það auðsætt, að þessi skylda hafi eptir tjeðri lagagrein náð jafnt til presta sem til annara hreppsþúa, og með því að ekki verður álitnið, að vegalög 15. október 1875 og vegalög 10. nóvember 1887 hafi gjört neina breyting á því, hverjir eigi að inna af hendi skylduvinnu að hreppavegum, þá verð jeg að ætla, að fyrirmæli 15. greinar í síðastnefndum lögum um vinnu að hreppavegum náí jafnt til yðar sem til annara búenda í hreppnum.

Brjef landshöfðingja til biskupsins um gjaldskyldu presta, emeritpresta og 39 prestsekkna til kirkju, og emeritpresta og prestsekkna til prests. — Í þóknan- 25. febr. legu brjefi, dagsettu 18. nóvbr. f. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, beiðzt leiðbeiningar minnar um, hvernig beri að leysa úr nokkrum fyrirspurnum, sem prófasturinn í Skagafjarðarprófastsdæmi hefur borið upp fyrir yður, en þær eru þessar :

- 1, hvort prestar, emeritprestar og prestsekkjur eigi ekki að greiða lausafjártíund til kirkju, samkvæmt lögum 12. júlí 1878, 12. gr.
- 2, hvort prestar, emeritprestar og prestsekkjur eigi ekki að borga til kirkju sinnar ljóstoll og legkaup fyrir sig og sína eptir sömu reglum og aðrir.
- 3, hvort emeritprestar og ekkjur þeirra sjeu gjaldfrjálsar til prests.

Jafnvel þó að framangreindar spurningar eigi að fá fullnaðarúrslit af hendi dómstólanna en ekki umboðsvaldsins, vil jeg ekki skorast undan að láta yður í ljósi álit mitt um, hvernig eigi að svara þeim, og verður það á þessa leið :

6. dag maímán. 1891.

39 Um 1. Samkvæmt reglugjörð 17. júlí 1782, 6. gr., eiga prestar og andlegr-
25. febr. ar stjettar menn, sem opinberum embættum þjóna, að greiða tíund af lausafje sínu, að eins til fátækra, en eigi annara, og þá ekki til kirkju, en fyrirmæli lagagreinarinnar virðast ekki veita heimild til að álykta, að þessi undanþága nái einnig til uppgjafapresta og prestsekkna, sbr. dómsmálastjórnarbrjef 31. marz 1869. Í landshöfðingjabrjefi 12. apríl 1880 er þeirri skoðun haldið fram, að allar undanþágur frá tíundargjaldi af lausafje sjeu afnumdar með lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878, 1. og 12. gr., en með því að sumir prestar hafa eigi viljað hlíta þeim úrslitum, mun dómstólunum innan skamms verða veitt færi á, að leggja fullnaðarúrskurð á það atriði.

Um 2. Þótt enginn beinn lagabókstafur heimili það, þá mun það vera föst venja frá ómunatíð, að prestar, og að því er virðist einnig uppgjafaprestar og prestsekkjur, sjeu undanþegnir að gjalda ljóstoll til kirkju, sbr. dómsmálastjórnarbrjef 31. október 1861, að því er snertir biskupinn, en legkaup ber öllum andlegrar stjettar mönnum að gjalda fyrir sig og sína, eptir sömu reglum sem aðrir.

Um 3. Um skyldu uppgjafapresta og prestsekkna til að gjalda lausafjártíund til prests er sama að segja, sem áður er sagt um skyldur þeirra til að gjalda lausafjártíund til kirkju; og að því er snertir önnur gjöld til prests, svo sem offur og lambsfóður, þá er engin heimild, hvorki í lögum nje í fastri venju, fyrir neinni undanþágu frá þeim gjöldum.

40 Brjef landshöfðingja til biskupsins um niðurlagning Hofsprestakalls og
27. febr. Miklabæjar í Óslandshlíð o. fl. — Eptir ósk hlutadeigandi sóknarmanna og sóknarnefnda og samkvæmt löglegri ályktun hjeradsfundarins í Skagafjarðarprófastsdæmi 3. sept. f. á., svo og samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 18. nóv. f. á., og að fengnum yfirlýsingum frá prestunum að Felli og Viðvík, og eigendum Miklabæjarkirkju í Óslandshlíð, svo og öðrum nauðsynlegum skilríkjum, vil jeg hjer með, með skýrskotun til 4. gr. í lögum nr. 3, 27. febrúar 1880, sbr. ráðgjafabrjef 5. maí 1887 (Stjórnartíð. 1887, B, bls. 74), leggja samþykki mitt á:

1. Að Hofsprestakall og Miklabæjar í Óslandshlíð í Skagafjarðar prófastsdæmi verði lagt niður sem sjerstakt brauð.
2. Að kirkjan að Miklabæ í Óslandshlíð verði lögð niður, og Miklabæjarsókn sameinuð Viðvíkursókn, þannig, að eigandi Miklabæjar greiði 305 krónur í sjóð Viðvíkirkirkju, láti af hendi til hennar stærri kirkjuklukkuna frá Miklabæ, afsali henni öllum tekjum Miklabæjarkirkju frá fardögum 1890 að telja, og Viðvíkurprestakalli högghrís og rífhúsítak Miklabæjar í Viðvíkurlandi til fullkominnar eignar.
3. Að höfð sjeu makaskipti sljettum kaupum, samkvæmt allramildilegustu leyfi konungs 3. f. m., sbr. ráðgjafabrjef 12. f. m. (Stjórnartíðindi p. á. B., bls. 1), á prestssetrinu Felli, með kirkju og hjáleigum, og bændaeigninni Höfða með kirkjunni, þannig, að báðar jarðirnar verði afhentar með jafnmiklum húsum og kúgildum og með fullu álagi eptir úttekt.
4. Að Höfði verði hjer eptir prestssetur í stað Fells.
5. Að Höfðakirkja verði lögð niður, bæirnir Höfði og Málmey leggist með kirkjugjöld-

um sínum til sóknar að Felli, en allir aðrir bæir í Höfðasókn sameinist Hofssókn, og gjaldi þangað kirkjugjöld.

40
27. febr.

6. Að Hofssókn leggist til Fellsprestakalls, að óskertum tekjum þess, eptir nógildandi lögum.
7. Að andvirði hinnar niðurlögðu Höfðakirkju og áhafða hennar, svo og 40 krónur af sjóði kirkjunnar með öllum tekjum hennar frá fardögum 1889 til þess hún verður niður lögð, sem núverandi eiganda ber að láta greiða af hendi með kirkjunni, skiptist milli Hofs og Fellskirkna eptir sama hlutfalli og 5 síðustu ára meðaltal af upphæð kirkjugjalda frá þeim bæjum í Höfðasókn, er leggjast til hvorrar kirkjunnar fyrir sig.
8. Að kollektupeningar Hofspinga verði lagðir Hvammi í Laxárdal.
9. Að ljensjörð Hofspinga, Brúarland, og endurgjald Hólamötunnar, 80 pd. smjör, er greiðist úr landssjóði til sama brauðs, hverfi með Miklabæjarsókn til Viðvíkurprestakalls.

Þetta tilkynnist yður hjer með, háæruverðugi herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um 41 sveitfesti þurfaings. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 5. desbr. f. á., hafid þjer, herra 27. febr. amtmaður, sent mjer erindi með einu fylgiskjali frá hreppsnefndinni í Skriðuhreppi innan Eyjafjardarsýslu, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dags. 15. júlí f. á., sem ákvedur, að Sæunn nokkur Pjetursdóttir skuli álitast sveitlæg í nefndum hreppi, og hafid þjer enn fremur sent 15 skjöl, málinu viðvíkjandi.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að með því að vist Sæunnar á Krossastöðum 1878—79, eptir því sem fram er komið og eins og frá er skýrt í úrskurði yðar, að eins virðist hafa verið til málamynda og til þess að fara í kring um fyrirmæli laganna um sveitfesti eptir 10 ára samfleytta dvöl, þá skal úrskurður yðar í máli þessu óraskaður standa¹.

1) Úrskurður amtmannsins í máli þessu er svo hljóðandi:

Eptir að hafa meðtekið þóknanleg brjef yðar, herra sýslumaður, dags. 2. f. m. og 9. þ. m., og þar með ítarlegri skýrslur þær, er amtið hafði æskt eptir um ágreining þann, sem orðið hefir milli yðar og sýslumannsins í Skagafjardarsýslu um sveitfesti Sæunnar Pjetursdóttur á Neðstalandi, legg jeg svolátandi úrskurð á þetta mál:

Eptir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, er Sæunn Pjetursdóttir fædd 12. apríl 1827 í Víkurkoti (eða Vikarkoti) í Akrahrepp innan Skagafjardarsýslu, og fór úr þessari sveit sinni vorið 1869 í Skriðuhrepp innan Eyjafjardarsýslu, þar sem hún dvaldi fyrst 2 ár á Hraunshöfða og svo 7 ár á Efstalandi, en samkvæmt tveimur prestsvottorðum er hún talin burt vikin þaðan vorið 1878, að Krossastöðum í Glæsibæjarhrepp, og vorið 1879 talin aptur inn komin í Skriðuhrepp, annaðhvort að Efstalandi eða að Staðartungu, þangað er hinir fyrri húsbændur hennar, þau systkinin Sigurður Sigurðsson, nú á Öxnholi, og Hallfríður Sigurðardóttir, fluttu sig sama vorið. Síðan hefir hún dvalið í Skriðuhrepp og orðið þurfaing sveitarstjyrks haustið 1887, sem hreppsnefndin í Akrahrepp hefir neitað að endurgjalda Skriðuhrepp.

Úrslit þessa máls eru undir því komin, hvort svo verði álitid, að sveitfestisdvöl Sæunnar í Skriðuhrepp hafi slitnað við veru hennar á Krossastöðum í Glæsibæjarhrepp 1878—79.

- 42
27. febr. Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um láutökuleyfi handa presta-
kalli til húsa byggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæru-
verðugi herra í þóknanlegu brjefi, dags. 23. p. m., og eptir beiðni prestsins að Hvammí
í Norðurárdal, sjera Gísla Einarssonar, er hlutaðeigandi prófastur hefur mælt með, vil
jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að tjeður prestur taki lán handa nefndu
prestakalli, að upphæð 2650 kr., sem þó ekki fæst úr landssjóði, til að byggja á
staðnum sterkt og vandað timburhús 12 álna langt og 9 álna breitt með porti og
múruðum kjallara undir úr grjóti, en þó er lántökuleyfið bundið þessum skilyrðum:
1. að af láninu sjeu um leið og það er tekið borgaðar eptirstöðvar 600 króna láns
þess, sem tekið var uppá prestakallið til kirkjubyggingar 16. sept. 1879 og sem nú
standa eptir af 150 kr.
 2. að lánið endurborgist með að minnsta kosti 130 kr. á ári 5 fyrstu árin eptir að
það er tekið og síðan með eigi minna en 100 kr. árlega auk vaxta.
 3. að tekjur prestakallsins og sjerstaklega tillag það úr landssjóði, er braudið nýtur
sje að veði fyrir höfuðstól lánsins með vöxtum.
 4. að presturinn byggi hið umrædda timburhús sama árið og hann fær lánið.
 5. að húsið sje að öllu leyti traust og vandað með járnþaki og járnvarið mót helztu
regnáttum, og með því fyrirkomulagi og herbergjaskipun, sem prófasturinn sam-
þykkir, svo og að byggingin fari fram undir tilsjón hans.
 6. að presturinn váttryggi húsið gegn eldsvoða fyrir að minnsta kosti 3000 kr. og haldi
því sífellt í slíkri tryggingu undir eptirliti prófasts.
 7. að eigi verði meira en helmingur lánsins tekinn út áður en húsið er upp komið,
en hinn helmingurinn þá fyrst, er húsið er algjört og sannað er með lögmætri

Að vísu liggja fyrir hin tvö áður nefndu vottorð úr embættisbókum Bægisár-
prestakalls og Möðruvallaklausturs prestakalls, um ársdöl Sæunnar á Krossastöðum,
og bæði hún og Sigurður Sigurðsson hafa borið fyrir rjetti, að hún hafi vistast fyrir
hans tilstilli, að $\frac{1}{3}$ að Krossastöðum, enda skýrir hún einnig svo frá, að hún hafi
verið þar í sjálfsmennsku að $\frac{2}{3}$ eða talið sjer að öllu leyti heimilisfang á nefndum
bæ 1878—79. En þegar þess er gætt, að Sæunn einnig skýrir svo frá, að hún hafi
ekki fengið að vera lengur á Efstalandi, að hreppstjórinn í Skriðuhrepp hafi optar en
einu sinni sagt sjer, að hún mætti ekki lengur vera í hreppnum, og að hún hafi verið
kaupakona bæði á Efstalandi og á Neðstalandi um sumarið (og síðar), og etið upp
sumarkaup sitt á þessum bæjum um veturinn, og tekið er tillit til þess, að Sigurður
Sigurðsson hefir kannast við, að hann hafi sagt við Sæunni, að hann hvorki vildi nje
mætti halda hana lengur, og þetta svo er borið saman við það atvik, að Sæunn fer
vorið 1879 aptur inn í Skriðuhrepp í vist til sinna fyrri húsbænda, án þess þá sje
nokkuð við henni amast, þá fæ jeg eigi betur sjeð, en að allt hafi miðað til þess, að
láta Sæunni víkja úr Skriðuhrepp, áður en hún gæti öðlast þar sveitfesti, og eins og
öllu þar að auki víkur við, samkvæmt framburði hennar og Sigurðar, þá virðist svo,
sem Sæunn hafi ekki sleppt heimilisfangi sínu á Efstalandi, þar sem hún er í kaupa-
vinnu nokkurn hluta sumarsins 1878 og dvelur um tíma veturinn eptir. Með því
amtið þannig verður að álíta, að vist Sæunnar á Krossastöðum á árinu 1878—79 eins
og hún virðist vera til komin og henni hefir verið varið, geti eigi verið því til fyrir-
stöðu, að hún hafi áunnið sjer framfærslurjett í Skriðuhrepp, úrskurðast hjer með, að
Sæunn Þjetursdóttir skuli álitast sveitlæg þar í hrepp. Þetta gefst yður hjer með
þjenustusamlega til vitundar, herra sýslumaður, yður til leiðbeiningar og birtingar
fyrir hreppnefndinni í Skriðuhreppi.

skoðunargjörð tveggja áreiðanlegra manna, er skyn bera á slíkt, að húsið sje í alla staði eins og áskilið er. 42

27. febr.

8. að húsið verði eign prestakallsins í stað núverandi baðstofu, búrs, eldhúss og bæjardyra, og að presturinn haldi því vel við og að hann eða bú hans svari því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður og háæruverðugi herra til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli til húsabyggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra í þóknanlegu brjefi dags. 13. p. m. og eptir beiðni prestsins að Gaulverjabæ, sjera Jóns Steingrímssonar, er studd er meðmælum hlutadeigandi prófasts, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að tjeður prestur taki lán handa prestakallinu, að upphæð 2800 kr., er ávaxtist og endurborgist af tekjum prestakallsins ekki síðar en á allt að 25 ára fresti, til þess að byggja á staðnum tvíloftað timburhús 11×12 álnir að stærð, járnþakið og járnvarið móti suðri og austri, ásamt sjerstöku útibúri með torfveggjum og járnþaki 6×4½ al. á stærð, er sje tengt aðalhúsinu með járnþaktri skúrbyggingu, — með skilyrðum þeim er nú skal greina.

43
27. febr.

Byggingunni skal lokið vera sama árið og lánið er tekið; skal hún framfara undir umsjón prófasts. Helminginn af hinni ofan nefndu lánsupphæð má ekki taka fyrr en presturinn hefur sannað með tilhlýðilegri skoðunargjörð að hið fyrirhugaða íbúðarhús með útibúri og skúr sje fullgjört og í áskildu standi, með þeirri stærð og fyrirkomulagi, sem fram er tekið hjer að framan og í skjölum þeim er fylgdu beiðni prestsins um lántökuna; mega þá og niðurfalla hin núverandi bæjarhús, baðstofa, búr, eldhús, bæjardyr, gangur og skemma, en hin nýja bygging skal síðan vera eign staðarins, og er presturinn skyldur að váttryggja hana fyrir eldsvoða með 3000 króna váttrygging að minnsta kosti og viðhalda henni rækilega; skal hann eða dánarbú hans skila byggingunni í fullgildu standi eða með tilhlýðilegu álagi, þegar hann fer frá brauðinu eða fellur frá. Smíðja verður að fylgja staðnum eptirleiðis eins og hingað til.

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar skal jeg geta þess, að hið umrædda lán getur ekki fengizt úr landssjóði.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu um endurveiting hlunninda til handa sparisjóði. — Með brjefi þessu endurveitti landshöfðingi sparisjóðnum á Sauðárkróki um 5 ár hlunnindi þau, sem talin eru í tilsk. 5. jan. 1874, frá 1. ágúst næstkomandi til 1. ágúst 1896, með sömu skilyrðum og hlunnindi þessi höfðu áður veitt verið sama sparisjóði (sjá Lhbr. 31. ágúst 1886, Stjt. 1886 B, nr. 109, bls. 128). 44

23. marz

45

Reikningar

yfir tekjur og gjöld sjóða, sem standa undir stjórn amtmannsins í norður- og austur-
amtinu og prófastsins í Eyjafjarðarsýslu.

Legatssjóður Jóns Sigurðssonar 1890.

Tekjur:

1. Sjóður 1. jan. 1890:			
a. Í fasteignum	12490	00	
b. Í veðskuldabrfjefum	11371	85	
c. Ógoldnar leigur og landskuld af $\frac{1}{2}$ Gloppu 1882—83	19	75	
d. Ógoldnir vextir frá $\frac{11}{6}$ —88 til $\frac{11}{6}$ —89 af 257 kr. 39 a.	10	29	
e. Í peningum	102	66	23994 55
2. Vextir:			
a. Frá $\frac{11}{6}$ —89 til $\frac{11}{6}$ —90 af kr. 10171,85	406	87	
b. Um mismunandi tíma af kr. 1960,00	39	62	446 49
3. Ógoldnir vextir frá f. á.			10 29
4. Jarðarafgjöld:			
a. Landskuldir í fardögum 1890:			
1087 $\frac{1}{2}$ meðalálmir á 47 a. eptir verðlagsskrá 1890—91	511	13	
b. Leigur haustið 1890:			
385 meðalálmir á 47 a. eptir verðlagsskrá 1890—91	180	95	
30 smjörálmir á 48 $\frac{1}{2}$ e. eptir verðlagsskrá 1890—91	14	55	706 63
5. Endurborguð lán			1610 00
6. Til jafnaðar færast gjaldliður 3			100 00
			<u>26867 96</u>

Gjöld:

1. Umboðslaun $\frac{1}{6}$ af hinum innheimtu jarða-afgjöldum			117 77
2. Ýms gjöld:			
a. 4. afborgun og leigur af bankaláninu	59	18	
b. Álag á Efri Vindheima	178	00	
c. Fyrir eptirrit af úttekt á Efri-Vindheimum og fyrir að auglýsa þá lausa til ábúðar	1	00	
d. Fyrir jarðabætur á Heiðarhúsum	14	00	
e. Fyrir þinglýsing landamerkja 5 $\frac{1}{2}$ jarðar	5	50	275 68
3. Lánað mót fasteignarveði			100 00
4. Til jafnaðar færast tekjuliður 3			10 29
5. Til jafnaðar færast tekjuliður 6			1610 00
6. Sjóður við árslok 1890:			
a. Í fasteignum	12490	00	
b. Í veðskuldabrfjefum	9861	85	
c. Ógoldnar leigur og landskuld af $\frac{1}{2}$ Gloppu 1882—83	19	75	
d. Í peningum	2400	62	24772 22
			<u>26867 96</u>

Gjafasjóður Jóns Sigurðssonar til Vallahrepps 1889—90.

46

Tekjur :

1. Eign í fardögum 1889 :		
a. Í fasteignum	2310 00	
b. Ógoldnar leigur og landskuld af $\frac{1}{2}$ Gloppu 1882—83	19 75	2329 75
2. Afgjöld :		
a. Leigur haustið 1889 eptir $4\frac{1}{4}$ kúgildi = 85 meðalálnir eptir verðlagsskrá 1889—90 á 44 a.	37 40	
b. Landskuld í fardögum 1890 201 $\frac{1}{2}$ meðalalin eptir verðlagsskrá 1890—91 á 47 a.	94 71	132 11
		<u>2461 86</u>

Gjöld :

1. Umboðslaun $\frac{1}{6}$ af hinum innheimtu gjöldum	22 02	
2. Borgað sveitarsjóði Vallahrepps	107 59	
3. Fyrir þinglýsing landamerkjaskráa fyrir $2\frac{1}{2}$ jörð	2 50	
4. Eign í fardögum 1890 :		
a. Eptir tekjugrein 1. a. b	2310 00	
b. Eptir tekjugrein 1. c.	19 75	2329 75
		<u>2461 86</u>

Islands norður- og austuramt, Akureyri 15. febr. 1891.

J. Havsteen. Davíð Guðmundsson.

Yfirlit

47

yfir efnahag sýsluvegasjóða í norður- og austuramtinu 1889.

1. Húnavatnssýsla :

Tekjur :

Eign frá fyrra ári	274 87	
Sýsluvegagjald	725 97	
Aðrar tekjur	1 60	
Endurborgað af láni	10 00	1012 44

Gjöld :

Vegabótakostnaður	442 42	
Önnur gjöld	356 00	
Til jafnaðar	10 00	
Eign til næsta árs	204 02	1012 44

2. Skagafjarðarsýsla :

Tekjur :

Sýsluvegagjald	852 24	
Skuld við reikningshaldara	47 59	899 83

Gjöld :

Borguð skuld við reikningshaldara frá f. á.	110 34	
Vegabótakostnaður	665 49	
Annar kostnaður	124 00	899 83

47	3.	Eyjafjarðarsýsla :			
			Tekjur :		
		Eign frá fyrra ári	907	36	
		Borguð útistandandi gjöld frá f. á.	360	72	
		Sýsluvegagjald	916	56	2184 64
			Gjöld :		
		Vegabótakostnaður	1081	40	
		Fært til jafnaðar	360	72	
		Eign til næsta árs	742	52	2184 64
	4.	Suður-Þingeyjarsýsla :			
			Tekjur :		
		Sýsluvegagjald	794	76	
		Skuld við reikningshaldara	24	57	819 33
			Gjöld :		
		Skuld við reikningshaldara frá f. á.	235	60	
		Vegabótakostnaður	583	73	819 33
	5.	Norður-Þingeyjarsýsla :			
			Tekjur :		
		Eign frá fyrra ári	194	12	
		Sýsluvegagjald	294	15	488 27
			Gjöld :		
		Vegabótakostnaður	365	00	
		Eign til næsta árs	123	27	488 27
		(Framh.)			

HEIÐURSMERKI.

8. apríl var Magnús Stephensen, landshöfðingi yfir Íslandi, riddari dannebrogssordunnar og dannebrogsmáður, sæmdur kommandörkrossi dannebrogssordunnar, 2. stigi.

S. d. var Hallgrímur Sveinsson, biskup á Íslandi, riddari dannebrogssordunnar, sæmdur heiðursmerki dannebrogsmanna.

S. d. var Lárus þ. Blöndal, sýslumaður í Húnavatnssýslu, sæmdur riddarakrossi dannebrogssordunnar.

EMBÆTTASKIPUN.

20. apríl setti landshöfðingi kand. polit. Sigurð Briem til þess fyrst um sinn, frá 1. maí að telja, að gegna á eigin ábyrgð sýslumannsembættinu í Vestmannaeyjasýslu meðan það er óveitt.

AMTSRÁDSKOSNING.

Í amtsráð norður- og austuramtsins hefur verið kosinn umboðsmaður Ólafur Briem á Álfgairstöðum fyrir þann tíma, sem eptir er þangað til hin nýja amtsráðaskipun kemst á, og sem vara-amtsráðsmenn umboðsmaður Benedikt Blöndal í Hvammi og sira Einar Jónsson að Kirkjubæ í Tungu.

Yfirlit

47

yfir efnahag sýsluvegasjóða í norður- og austuramtinu 1889.
(Framh.).

6. Norður-Múlasýsla :

Tekjur :

Sýsluvegagjald	1148 10	
Endurborgað frá Borgarfjarðarhrepp samkvæmt úrskurði amtsráðsins um reikninginn 1888	99 00	1247 10

Gjöld :

Skuld frá f. á.	122 04	
Vegabótakostnaður	898 03	
Eign til næsta árs	227 03	1247 10

7. Suður-Múlasýsla.

Tekjur :

Eign frá f. á.	637 54	
Sýsluvegagjald	1221 00	1858 54

Gjöld :

Vegabótakostnaður	1484 85	
Eign til næsta árs	373 69	1858 54

Íslands norður- og austuramt, Akureyri 7. apríl 1891.

J. Havsteen.

Ágríp

48

af reikningi landsbankans 1. janúar—31 marz 1891.

Tekjur:

Kr. a.

1. Í sjóði 1. janúar	178,673 48
2. Borguð lán:	Kr. a.
a. Fasteignarveðslán	4586 45
b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán	3786 00
c. Handveðslán	465 00
d. Lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfjelaga o. fl.	445 00
	9.282 45
2. Víxlar innleystir	12,255 00
4. Ávísanir innleystar	4,210 34
5. Vextir	5,240 83
6. Diskonto	299 41
7. Ýmislegar tekjur	200 10
8. Frá Landmandsbankanum	30 00
9. Innlög á hlaupareikning	14,639 93
10. Sparisjóðsinnlög	66,615 70
	Tekjur alls: 291,447 24

11. dag maímán. 1891.

Gjöld:

1. Lánað gegn:			
a. fasteignarveði	31,590	00	
b. Sjálfsskuldarábyrgð	15,125	00	
c. Handveði	3,600	00	
d. Ábyrgð sveita og bæjarfjelaga o. fl.	400	00	50,715 00
2. Vixlar keyptir			18,090 00
3. Ávísanir keyptar			3,054 32
4. Útborgað af innlögum á hlaupareikning			18,891 93
5. Útborguð sparisjóðsinnlög	41,624	62	
að viðbættum dagvöxtum		14 30	41,638 92
6. Til Landmandsbankans			693 90
7. Kostnaður við bankahaldið (laun o. fl.)			1,623 06
8. Ýmisleg útgjöld			74 78
9. Í sjóði 31. marz			156,665 33
			Gjöld alls: 291,447 24

Athugasemdir:

Bankinn átti 31. marz þ. á:

1. Skuldabryf fyrir lánum:			
a. Fasteignarveðsskuldabryf	581,732	87	
b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabryf	67,977	84	
c. Handveðsskuldabryf	31,422	00	
d. Skuldabryf með ábyrgð sveita og bæjarfjelaga o. fl.	15,179	62	696,312 33
2. Önnur skuldabryf:			
a. kgl. ríkisskuldabryf	253,200	00	
b. Skuldabryf Reykjavíkur	1,500	00	254,700 00
3. Vixla			28,240 00
4. Ávísanir			554 32
5. Fasteignir lagðar bankanum út fyrir lánum að upphæð			300 00
6. Hjá Landmandsbankanum			4,632 71
7. Í sjóði			156,665 33
			Alls: 1,141,404 69
Seðlaskuld bankans við landssjóð var 31. marz þ. á.			430,000 00
Innlög á hlaupareikning s. d.			36 35
Sparisjóðsinnlög s. d.			586,533 46
Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur var 31. des. f. á.			22,871 15
Varasjóður bankans s. d.			83,379 43
Ýmsar tekjur sem enn eru eigi lagðar við varasjóð			18,584 30
			Alls: 1,141,404 69

Stjórn landsbankans, Reykjavík 15. apríl 1891.

L. E. Sveinbjörnsson. Eiríkur Briem. B. Kristjánsson.

Reikningur

49

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Örum & Wulffs 1890.

Tekjur :

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1890 :		
a. Innritunarskírteini A. fol. 92	4000 00	
b. Í peningum	54 95	4054 95
2. Leigur af innritunarskírteini A. fol. 92 frá $11\frac{1}{6}$ 89 til $11\frac{1}{6}$ 90		140 00
		<u>4194 95</u>

Gjöld :

1. Styrkur veittur Kristjáni Kristjánssyni frá Hallgilsstöðum fylgiskj. 1		150 00
2. Í sjóði við árslok 1890 :		
a. Innritunarskírteini A. fol. 92	4000 00	
b. Í peningum	44 95	4044 95
		<u>4194 95</u>

Íslands norður- og austuramt, Akureyri 2. jan. 1891. Húsavík p. 11. jan. 1891.
J. Havsteen. *P. Guðjohnsen.*

Skýrsla

50

um styrktarsjóði prestaskólans árið 1890.

1. Prestaskólasjóðurinn.

Tekjur:

	Kr. a.	Kr. a.
1. Eptirstöðvar við árslok 1889:		
a. veðskuldabréf einstakra manna	3520 00	
b. á vöxtum í landsbankanum	26 27	3546 27
2. Vextir á árinu 1890:		
a. af veðskuldabréfum	140 80	
b. af innstæðu í landsbankanum	3 31	144 11
	Samtals:	<u>3690 38</u>

Gjöld:

1. Styrkur veittur stúdentum		100 00
2. Eptirstöðvar við árslok 1890:		
a. veðskuldabréf einstakra manna	3520 00	
b. á vöxtum í landsbankanum	70 38	3590 38
	Samtals	<u>3690 38</u>

2. Gjöf Halldórs Andrjessonar.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1889:		
a. veðskuldabréf einstakra manna	2680 00	
b. á vöxtum í landsbankanum	30 99	2710 99
2. Vextir á árinu 1890:		
a. af veðskuldabréfum	107 20	
b. af innstæðu í landsbankanum	1 60	108 80
	Samtals:	<u>2819 79</u>

50

	Gjöld:	Kr. a.	Kr. a.
1. Styrkur veittur stúdentum			100 00
2. Eptirstöðvar við árslok 1890			
a. veðskuldabryfjef einstakra manna		2680 00	
b. á vöxtum í landsbankanum		39 79	2719 79
		Samtals	2819 79

Reykjavík 5. marz 1891.

H. Hálfðánarson.

51

Reikningur

yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi árið 1890.

	Tekjur:	Kr. a.
1. Eptirstöðvar frá f. á.		30 59
2. Tillag úr landssjóði		200 00
		238 59
	Gjöld:	
1. Borgað til síra Eiríks Kúld fyrir að hafa umsjón með bókasafninu		30 00
2. Fyrir keyptar bækur:		
a. hjá Ó Finsen		110 85
b. á uppboði		19 50
		130 35
3. Fyrir bókband:		
til bókbindara Arinbjarnar Sveinbjarnarsonar		65 00
4. Ýmisleg gjöld		1 40
5. Í sjóði hjá undirskrifuðum		11 84
		238 59

Amtmaðurinn í vestur-amtinu, Reykjavík 4. apríl 1891.

*E. Th. Jónassen.*52
2. marz.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um hafnsögupvingun og reglugjörðir fyrir hafnsögumenn. — Í póknanlegu brjefi, dags. 27. desbr. f. á. hafið þjer, herra amtdaður, útaf ýmsum fyrirspurnum til yðar um skyldur hafnsögumanna og rjettindi þeirra, sjerstaklega um það, hvort skip sjeu eigi skyld til að nota leiðbeining þeirra, en ella borga hafnsögugjald að nokkru eða öllu leyti, beiðzt leiðbeingar um, hvort hafnsögupvingun (Lodstvang) geti átt sjer stað á þeim stöðum, þar sem yfirvaldið hefur skipað hafnsögumenn, og hvort amtinu sje heimilt, eins og áður hefur átt sjer stað, að gefa út reglugjörðir fyrir hafnsögumenn og hafnsögutaxta, og látið þjer í ljósi, að þjer fáíð eigi sjeð að í slíkar reglugjörðir verði settar hegningar ákvarðanir, nema eptir æðri heimild.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til póknanlegrar leiðbeiningar, að engin heimild er fyrir hafnsögupvingun hjer á landi, en reglugjörðir fyrir hafnsögumenn og hafnsögutaxta virðist amtið geta sett, til leiðbeingar og eptirbreytni fyrir hafnsögumennina, þó án hegningarákvæða.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um borgun til landlæknis 53
 fyrir kennslu yfirsetukvennaefna. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, í þóknanlegu 28. febr.
 brjefi, dags. 27. nóv. f. á. sent mjer beiðni Schierbecks landlæknis um að honum verði
 ávísað kennslukaupi fyrir 6 yfirsetukonuefni, sem hann hefur kennt á tímabilinu frá 1.
 jan. 1884 til 31. desbr. 1885, og sem allar eru tilgreindar, en kennslukaup þetta hefur
 hann ekki fengið útborgað enn þá, af því að engin af kvennmönnum þeim, sem um
 er að ræða, hefur enn orðið skipuð yfirsetukona, og hafið þjer tekið fram, að það hafi
 jafnan verið venja, að borga ekki neinn kostnað við nám yfirsetukvennaefna, hvorki
 ferðakostnað þeirra og kostpeninga nje kaup kennaranna, fyrr en eptir að þær hafa
 verið skipaðar yfirsetukonur, og að þjer hafið ekki talið yður heimilt að gjöra neina
 undantekningu að því er snertir yfirsetukvennaefni þau, sem um ræðir í beiðni land-
 læknis. Jafnframt því að lýsa yfir því álitu yðar, að landlæknirinn sje alls ekki skyld-
 ur til að kenna fleiri yfirsetukonum en þeim, er nokkurnveginn vissa er fyrir að skip-
 aðar geti orðið, og að þannig geti naumast hvílt á landssjóði nein skylda til að borga
 fyrir kennslu fleiri yfirsetukvennaefna, en þörf er á, hafið þjer skotið málinu til úrskurð-
 ar stjórnarráðsins.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbein-
 ingar og birtingar fyrir Shierbeck landlækni, að jeg verð að vera yður samdóma um
 það, að umrætt kennslukaup geti ekki orðið borgað honum fyrr en jafnóðum og hlut-
 aðeigandi kvennmenn verða skipaðar yfirsetukonur, því að jeg geng út frá því, að
 landsstjórnin hafi eigi áður lagt fyrir hann að kenna þessum kvennmönnum eða gefið
 honum beint tilefni til þess. Hvorki læknar þeir, sem eiga að hafa yfirsetukvennakennsluna
 á hendi eða nemendurnir sjálfir eru bærir að dæma um það, hve margar yfirsetukonur
 jafnan þarf að hafa undirbúnar til þjónustu hins opinbera; slíkt liggur að eins undir
 álit stjórnarvalda þeirra, sem eptir lögum 17. desbr. 1875 eiga að sjá um að nógu margar
 yfirsetukonur sjeu til. Fyrir því geta hlutaðeigandi kennarar ekki heimtað, að kaup það
 fyrir yfirsetukvennakennslu, sem eptir nefndum lögum, sbr. hæstarjettardóma 30. jan.
 1884 og 28. nóv. 1887 á að greiðast af landssjóði, sje greitt þeim þegar er kennslunni
 er lokið, nema þegar kennslan hefur farið fram eptir undirlagi landsstjórnarinnar. En
 þá ber þeim einnig kaupið án tillits til, hvort hlutaðeigandi nemandi þegar verður
 skipuð yfirsetukona eða ekki. Hafi kennslan aptur á móti farið fram án þess að hið
 opinbera hafi hlutast til um það, þá getur sá, sem kennt hefur, hvort sem það er
 landlæknir eða einhver hjeraðslækna þeirra, er kennsluna hafa á hendi, ekki fengið
 kennslukaup af landssjóði fyrr en að því rekur, að hið opinbera þurfi á þjónustu hlut-
 aðeigandi yfirsetukvenna að halda.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Ísafirði um kaup á fundarhúsi handa 54
 Ísafjarðarkaupstað. — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 6. p. 16. marz
 m., vil jeg hjermeð samkvæmt 29. gr. laga nr. 23, 8. okt. 1883, veita samþykki mitt
 til þess, að bæjarstjórnin á Ísafirði kaupi »Good-Templara«-húsið þar á staðnum fyrir
 fundarhús handa kaupstaðnum fyrir 2600 kr., er borgist úr bæjarsjóði á 10 árum með
 af höfuðstól árlega, auk 4% vaxta.

1. dag júnímán. 1891.

55 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um reglur fyrir
23. marz notkun afrjetta. — Út af fyrirspurn yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 18. f. m., skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að sýslunefndir hafa samkvæmt 39. gr. sveitarstjórnarlaganna 4. maí 1872, sbr. lög nr. 14, 22. marz f. á., vald til að setja þær reglur um notkun afrjetta, sem þær álíta beztar og hagkvæmastar, að svo miklu leyti sem reglurnar ekki koma í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar, en eru að öðru leyti ekki bundnar við forna venju eða eldri ákvæði.

56 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli
8. apríl til húsaþyggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 2. p. m., og eptir beiðni prestsins að Grenjadarstað, sjera Benedikts Kristjánssonar, er hlutadeigandi prófastur hefur lagt meðmæli sín með, vil jeg hjer með veita leyfi til þess, að tjeður prestur taki lán, að upphæð 3000 krónur, handa nefndu prestakalli gegn veði í tekjum þess, úr einhverjum opinberum sjóði, þar sem hann getur fengið það, til þess að byggja á prestssetrinu væna og vandaða baðstofu, portbyggða, 14 álna á lengd og 6 álna á breidd, búr og stofu og 2 stórar portbyggðar skemmur, en þó er lántökuleyfið bundið þessum skilyrðum:

- 1, að lánið sje að fullu endurborgað í síðasta lagi á 20 árum með 150 kr. á ári, auk vaxta;
- 2, að hinar umræddu byggingar sjeu gjörðar sama ár og presturinn fær lánið;
- 3, að húsin verði að öllu traust og vönduð, eptir því sem bezt gjörast byggingar þar í sveit;
- 4, að presturinn vátryggi húsin gegn eldsvoða, og haldi þeim sífellt í slíkri tryggingu undir eptirliti prófasts;
- 5, að húsin verði eign prestakallsins í stað núverandi baðstofu, búrs og stofu og 4 skemmuræfla; að presturinn haldi þeim vel við, og að hann eða bú hans svari húsunum á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi.
- 6, að eigi verði meira en helmingur lánsins tekinn út áður en byggingunni er lokið, en hinn helmingurinn þá fyrst, er húsin eru algjörð og sannað er með lögmati skoðunargjörð og virðingargjörð undir umsjón prófasts, að húsagjörðin sje í alla staði vel af hendi leyst, eptir því sem til er skilið, og að kostnaðurinn og verð húsanna fullkomlega nemi lánsupphæðinni, að viðbættu hæfilegu verði hinna niðurlögðu gömlu húsa með sennilegu álagi.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður og háæruverðugi herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

57 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa presta-
8. apríl kalli til húsaþyggingar o. fl. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 9. f. m., og eptir beiðni prestsins að Mosfelli í Grímsnesi, sjera Stepháns Stephensens, er hlutadeigandi prófastur hefur mælt með, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til, að tjeður prestur taki lán, sem þó ekki fæst úr landsjóði, handa nefndu prestakalli, að upphæð 750 krónur, gegn veði í tekjum prestakalls-

ins, sumpart til þess að leggja járnþak á baðstofu, sem hann hefur byggt á prestssetri- 57
inu fyrir fám árum, sumpart til þess að kaupa handa prestakallinu þann hluta bað- 8. apríl
stofunnar, sem hann á sjálfur, með þeim skilyrðum:

- 1, að lánið sje að fullu endurborgað eigi síðar en á 15 árum, með 50 krónum á ári, auk vaxta;
- 2, að járnþakið sje lagt sama ár og lánið er tekið, og sje eptir það baðstofan öll eign prestakallsins;
- 3, að hafðar sjeu rennur úr járnblikki undir þakbrúnunum;
- 4, að presturinn haldi baðstofuhúsinu vel við, og að hann eða dánarbú hans á sínum tíma skili því í góðu standi og með fullu álagi;
- 5, að helmingur lánsins sje ekki útborgaður prestinum fyrr en hann með lögmati skoðunargjörð hefur sannað fyrir prófasti, að þakið sje lagt á baðstofuna, og að vel sje frá verkinu gengið.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmaður og háæruverðugi herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um greiðslu kostnaðar við 58
heimsending skipverja af gufuskipinu »Miacæ«. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi 16. apríl
yðar, herra landshöfðingi, dags. 14. nóvbr. 1889, hafði mótttekið þingsályktun, samþykkt af
neðri deild síðasta alþingis, þar sem skorað er á stjórnina að sjá svo um, að kostnaður af
heimflutningi skipverja af gufuskipinu »Miacæ« árið 1888, sem greiddur hefur verið úr
jarðabókarsjóði, verði tjeðum sjóði endurgoldinn úr ríkissjóði eða af öðrum rjettum
hlutaðeigendum, og að samningurinn milli Danmerkur og Svíaríkis- Noregs frá 10.
ágúst 1883 sem og álíkir samningar við önnur ríki, ekki eptirleiðis leggi neina byrði
á landssjóð, var hinn 23. jan. f. á. utanríkisráðaneytinu ritað um málið, og var því þar
haldið fram með þeim röksemdum, sem þjer takið fram í framaunefndu brjefi yðar, að
slík gjöld eins og þau, sem hjer er um að ræða, yrðu að teljast til almennra þarfa
ríkisins, er um ræðir í 2. gr. laga um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. jan-
1871, og var þess því farið á leit við nefnt stjórnarráð, að það hlutaðist til um, að
hin ofan nefnda upphæð, sem til bráðabirgða hafði verið greidd úr jarðabókarsjóði,
1368 kr. 89 aur., yrði endurborguð honum úr ríkissjóði.

Hjálagt brjef frá nefndu stjórnarráði, dags. 20. f. m. ber með sjer, að stjórn
utanríkismálanna hefur skotið málinu undir úrskurð fjármálastjórnarinnar, og fjármála-
stjórnin hefur með rökum þeim, sem fram eru tekin í brjefinu, úrskurðað, að hinn um-
rædda kostnað beri að greiða af ríkissjóði Dana, með því að hann stafi af einu af
alsherjarmálum ríkisins; hefur síðan stjórn utanríkismálanna beðið fjármálastjórnina
að endurgjalda jarðabókarsjóði umræddar 1368 kr. 89 aur. og færa upphæðina til útgjalda
á gjaldlið þeim, sem ætlaður er kostnaði viðvíkjandi verndan danskrar verzlunar í
öðrum löndum.

Þetta undanfelli jeg ekki að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar
í B-deild Stjórnartíðindanna, og skal þess jafnframt getið, að þess hefur hjerðan verið
gætt, að optnefnd upphæð hefur verið færð jarðabókarsjóði til inntektar í viðskipta-
reikningi hans við aðalfjehirluna.

58 Í sambandi við þetta skal jeg samkvæmt þar að lútandi tilmælum utanríkisráða-
16. apríl neytisins þjónustusamlega skora á yður, herra landshöfðingi, að brýna fyrir öllum lög-
reglustjórum, að ekki megi íþyngja ríkissjóði með neinum kostnaði við heimsending
norskra, svenskra, eða ítalskra sjómanna, nema hlutaðeigandi lögreglustjóri hafi áður svo
nákvæmlega sem unnt er fullvissað sig um, að allra þeirra skilyrða hafi verið gætt, sem
í samningunum 10. ágúst 1883 og 21. maí 1885 (sjá augl. 30. júní 1885, Stjórnartíð.
1885 A. bls. 24¹ eru sett fyrir því, að hjálpin sje veitt, og að gæta verði sem mestrar
sparsemi þegar hjálp er veitt samkvæmt samningunum.

59 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu um stofnun
18. apríl búnaðarsjóðs fyrir Eyjafjarðarsýslu. — Þjer hafð herra amtmaður, með þóknanlegu
brjefi dags. 2. p. m. skýrt frá, að sýslunefndinni í Eyjafjarðarsýslu hafi nú verið endur-
borgaðar ásamt 100 kr. vöxtum þær 500 kr., er lánaðar voru búnaðarskólanum á Hólum
úr sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu árið 1883 af því fje, er sýslufjelagi þessu hafði hlotnast af
landssjóðsstyrknum til eflingar búnaði fyrir 1882 og 1883, og hafð þjer jafnframt borið
fram með meðmælum yðar þá tillögu sýslunefndarinnar í tjeðri sýslu, að þessum sam-
tals 600 kr. ásamt 18 kr. 50 a. er eptir sjeu ónotaðar af styrk þeim, sem sýslunni var
veittur árin 1886 og 1888 til eflingar búnaði, verði varið til að stofna búnaðarsjóð fyrir
sýsluna, sem settur verði á vöxtu og sem sýslunefndin hugsar sjer að auka fyrst um
sinn með 50 kr. árlegu tillagi úr sýslusjóði, en hinum árlegu vöxtum af sjóði þessum eigi
svo að verja til verðlauna fyrir jarðabætur, sem lúta að grasrækt, einkum handa fátæk-
um framtaksmönnum.

Út af þessu undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður,
til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar að jeg veiti hjer með samþykki mitt
til þess, að hinum umgetnu 618 kr. 50 a. verði varið til að stofna búnaðarsjóð þann
fyrir Eyjafjarðarsýslu, er að ofan ræðir um.

60 Brjef landshöfðingja til biskupsins um flutning á kirkju. — Samkvæmt til-
21. apríl lögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegum brjefum, dags. 20. jan. síðastl. og 14. p. m.
og eptir að löglegt samþykki hjeradsfundar er þar til fengið, vil jeg hjer með fallast á,
að kirkjan að Firði í Mjóafirði verði seld söfnuðinum í hendur og flutt á jörðina Brekku,
og þar byggð upp að nýju með þeim skilmálum, er hjer fara á eptir, sem núverandi
eigandi tjeðrar kirkju hefur að gengið og sett hinn 3. sept. 1887 og endurnýjað með
yfirlýsingu dags. 30. f. m.

1. Eigandi hinnar gömlu kirkju greiðir af hendi til nýrrar kirkjubyggingar 2000—tvö
þúsund krónur, og er þar í innifalinn sjóður hinnar gömlu kirkju, 893 kr. 83 aurar
og víðauki við hann, sem kann að verða áður en kirkjan er flutt, þó þannig, að
það ár, sem hún er flutt, tilfalli þess árs tekjur hinni nýju kirkju.
2. Sami kirkjueigandi hefur rjett til að útleysa kirkjukúgildin, 12 að tölu með 2200—
tvö þúsund og tvö hundruð krónum, þegar hann sjer þær færta.

1) Sbr. einnig samning við Brekland hið mikla og Írland 25. júlí 1883 og samning við
Þýskalaland 31. marz 1885 (Stj.t. A. bls. 20). Í hinum nefnda samningi frá 25. júlí 1883 og samningnum
við Noreg-Svíþjóð frá 10. ágúst 1883 eru að öllu samskonar ákvæði eins og í samningum þeim, er prent-
aðir eru í Stj.t. 1885, bls. 20—27.

3. Sami kirkjueigandi heldur eignarrjetti yfir öllum ítökum hinnar gömlu kirkju, ásamt 60 hálfum Reykjum, eign hennar í heimalandi (Firði) og húsinu sjálfu, að fráskildum 21. apríl áhöldum kirkjunnar og skrauti, sem er 5—600 kr. virði, og öllu innan þilja.
4. Þær 2000 krónur, sem nefndar eru í 1. lið, greiðir kirkjueigandi til sóknarnefndarinnar þegar vissa er fengin fyrir því, að kirkjan verði flutt, og brjef þetta er prentað í B-deild Stjórnartíðindanna, og verður þá hluti kirkjunnar (helmingur) í jörðinni Reykjum þegar eign hans, er hann hefur lokið nefndri greiðslu, án tillits til þess, hvort kúgildin eru útleyst eða ekki.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

R e g l u r

61

um framkvæmd á 2. og 4. grein í lögum 13. marz 1891 um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kaupúnnum o. fl.

1. maí

Til eptirbreytni fyrir alla lögreglustjóra á Íslandi utan Reykjavíkur eru hjer með samkvæmt fyrirskipan ráðgjafans fyrir Ísland í brjefi dags. 14. marz þ. á., settar eptirfylgjandi reglur fyrir útmælingum lóða til verzlunar-afnota og tilvísunum um, hvar leggja megi skipfestisáhöldum eptir 2. og 4. grein í lögum 13. marz þ. á. :

1. Enginn á heimting á því að lóð sje látin af hendi samkvæmt 2. grein laganna, nema hann ætli þá þegar að búast til að byggja á henni hús til verzlunar; aptur á móti nægir ekki, að sá, sem lóðina vill fá, að eins hafi í hyggju að reisa þar hús einhverntíma seinna, og ber því lögreglustjóra, áður en eignarnámsgjörð (expropriation) er ákveðin, að leita hjer að lútandi upplýsinga af hálfu gjörðarbeiðanda, og er það vitaskuld, að kostnaðinn við gjörðina má heimta fyrirfram greiddan.

2. Eptir almennum grundvallarreglum laganna má ekki skerða eignarrjettindi einstakra manna meira en nauðsyn frekast krefur, og leiðir af því, að ekki ber að framkvæma eignarnámsgjörð, nema ómögulegt reynist að fá með samkomulagi nægilega lóð, er fullnægi þeim tilgangi, sem um ræðir í 1. grein laganna 13. marz þ. á., og eins hitt, að svo framarlega, sem með frjálsum samningum er auðið að fá lóð, sem í sjálfu sjer er notandi til að reka þar verzlun, þá ber heldur að taka hana heldur en eignarnám að gjöra, jafnvel þótt gjörðarbeiðandi gæti með því móti fengið lóð, er hann kysi heldur.

3. Lóðir, sem einstakir menn eiga, skal ekki eignarnámi taka nema því að eins, að ekki sje hægt að fá nægilega lóð og hentuga til verzlunar af jörð, sem er opinber eign eða eign sveitarfélaga, og sje um fleiri lóðir að velja, sem einstakir menn eiga og notandi eru, ber að taka þá, sem eiganda er minnstur bagi að missa.

4. Við útmælingar- og eignarnámsgjörðir skal brýna fyrir gjörðarbeiðanda og þeim, sem fyrir eignarnáminu verður, að hinn síðarnefndi sje eigi skyldur til að láta lóðina af hendi eða leyfa gjörðarbeiðanda nokkur umráð yfir henni, fyrr en endurgjaldið fyrir hana er að fullu greitt, og að sá, sem lóðina hefur átt sje ekki skyldur til að pola, að lóðin sje notuð til nokkurs annars en til þess að koma þar upp verzlun, nema til komi sjerstakir samningar.

61 5. Þegar ákveða skal endurgjaldið sbr. 50. grein stjórnarskrárinnar, ber að 1. maí hafa fyrir augum ekki einungis væntanlegt söluverð lóðarspildunnar manna á milli, heldur ber og að taka sjerstakt tillit til kostnaðar, sem varið kann að hafa verið til hennar, svo og til rírnunar þeirrar á verði þess hluta, sem eptir er af eigninni, er af því leiðir, að hin fránúmda lóð er tekin, þar á meðal til þess kostnaðar, sem við aðskilnaðinn getur orðið nauðsynlegt að leggja í girðingar og annað á eigninni, sem af er tekið, og yfir höfuð ber að taka tillit til alls бага og allra óþæginda, sem eignarnámið bakar eiganda, að svo miklu leyti sem það verður metið til peningaverðs, en ekki á rót sína í sjerstaklegum geðþótta eigandans eða því um líkt.

6. Þegar vísað er á stað til skipfestisáhalda ber þess að gæta, að ný áhöld sjeu ekki lögð þannig, að notkun þeirra komi í bága við notkun eldri, fastra skipfestisáhalda, sem áður hafa sett verið.

7. Það er vitaskuld, að auk þess sem að framan segir, ber að fara nákvæmlega eptir öllu því sem lögín mæla fyrir. Sjer í lagi skal ávallt við hverja gjörð lögreglustjórinn ásamt mönnum þeim, er hann kveður með sjer, eða í kaupstöðum ásamt hinum öðrum meðlimum byggingarnefndarinnar, nákvæmlega kynna sjer og íhuga tilháttan alla á þeim verzlunarstað eða kaupstað, þar sem útmælingar er beiðzt, og þess ber undantekningarlaust að gæta, að gefið sje út fyrirfall og birt með hæflegum fyrirvara til hlutadeigandi lóðareiganda eða umboðsmanns hans, svo og annara, er hlut eiga að máli, áður en eignarnámsgjörð fer fram, og að þeim sje gefinn kostur á að gæta rjettar síns við gjörðina og koma fram með þær athugasemdir, sem þeim pykir við þurfa.

Til þess að ályktun eða úrskurður sje gildur útheimtist vitanlega, að lögreglustjóri og menn þeir, sem hann hefur með sjer kvatt, sjeu á eitt sáttir. Gjörðina og það sem fram fer við hana ber að rita í lögreglupingbókina, eða í kaupstöðum í byggingarnefndarbókina, þar sem slík bók er haldin sjerstaklega.

Reykjavík 1. maí 1891.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

62

8. maí Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um að toll beri að greiða af sykri þrátt fyrir skemmdir við uppskipun. — I þóknanlegu brjefi, dags. 18. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því, að kaupmaður C. Knudsen hafi neitað að greiða toll af c. 1000 pundum af hvítasykri, sem fallið hafi í sjóinn við uppskipun á Saudárkróki 6. f. m., og hafið þjer lýst yfir þeirri skoðun yðar, að ekki beri að greiða toll af vöru, sem er gjörsamlega skemmd áður en hún kemur í land, í samræmi við það, að ekki þarf að greiða toll af spiritus, sem lekið hefur niður á leiðinni hingað til lands, en hafið samt borið undir álit mitt, hvort þessi skilningur yðar sje rjettur.

Út af þessu skal það tekið fram, er hjer segir.

Eptir lögum nr. 10, 9. ágúst 1889, 3. gr. á að heimta tollgjaldið af kaffi og sykri eptir vöruskrá eða tollskrá skips þess, sem varan flyzt með, svo og hleðsluseðlum þeim eða tilvísunarbrjefum, er snerta hina tollskyldu vöru, í öllum tilfellum, þar sem ekki er sannað með öðrum skilríkjum, að hin tollskylda vara sje *meiri* en skipsskjölin tilgreina, og má ekki flytja vöruna í land fyr en ofanefnd skjöl hafa verið afhent lögreglustjóra til þess að tollurinn verði ákveðinn og innheimtur eptir þeim, og er tollur-

inn þannig fallinn í gjalddaga þegar meðan varan er á skipi. Eptir 2. gr. laganna má ekki afhenda viðtakanda vöruna fyrr en tollgjaldið er greitt, eptir því sem það hefur löglega ákveðið verið. Lögín hafa engin ákvæði um að tollgreiðsla falli burt fyrir sakir skemmda á leiðinni, nje neina vísbending um hvernig skuli haga sjer í slíku tilfelli. Það er engin heimild til að draga neinar reglur hjeraðlútandi af undantekningarákvæði 3. greinar í lögum 11. febr. 1876, enda er ekki einu sinni samræmi fyrir hendi, þar sem nefnd lagagrein talar um skemmdir á leiðinni hingað til lands, en hinn umræddi sykur hefur skemmst eptir að hann var að lögum innfluttur til landsins, og eptir að hann var kominn í vörzlur viðtakanda eða annara manna, sem annast hafa uppskipun vörunnar fyrir hans hönd.

Samkvæmt þessu ber að greiða toll af þeim c. 1000 pundum af sykri, sem brjef yðar hljóðar um, sbr. einnig brjef mitt til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu 15. ágúst f. á., stj.tíð. 1890, B bls. 92, og skal jeg þjónustusamlega skora á yður að innheimta tollgjald þetta tafarlaust eptir því sem skjöl og skilríki liggja til, og greiða það í landssjóðinn.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um rjett sveitarstjórna samkv. lögum 24. jan. 1890, þegar óskilgetið barn þiggur af sveit, o. fl. — Í þóknanlegum brjefum dags. 19. marz og 3. apríl síðastl. hafið þjer, herra sýslumaður spurzt fyrir um það, hver sje í raun og veru rjettur sá, sem 4. gr. laga nr. 9, 24. jan. f. á. veitir sveitarstjórn, þar sem óskilgetið barn þiggur af sveit. Hinum öðrum fyrirspurnum yðar viðvíkjandi 3. gr. laganna í brjefinu frá 19. marz er eins og þjer takið fram í hínu síðara brjefi yðar, svarað í brjefi mínu til sýslumannsins í Húnavatnssýslu 30. desbr. f. á., er birt er í B-deild Stjórnartíðindanna 1890, bls. 201, nr. 188, og vísast hjer með til þess brjefs að því er þær fyrirspurnir snertir, að því viðbættu, að vistarsveit eður framfærslusveit barnsföður getur að sjálfögðu krafizt, að gjalddagi barnsfúlgu sje eins og upphæð fúlgunnar ákveðin af amtmanni, áður sveitin greiðir hana af hendi fyrir föðursins hönd.

Viðvíkjandi ákvæðum 4. greinar um rjett sveitarstjórnanna, þegar barn þiggur af sveit, lýsið þjer yfir því áliti yðar, að til þess að sveitarstjórn hafi þann rjett er greinin tiltekur, útheimtist í fyrsta lagi, að til sje yfirvaldsúrskurður, sem ákveði upphæð meðgjafarinnar og gjalddaga. En þó að slíkt skilyrði sje fyrir hendi, sjáið þjer ekki að sveitarstjórnin sje neinu nær fyrir það, með því að rjettur sá, sem móðurinni er veittur í 3. gr., sje í því innifalinn, að hún geti krafizt meðgjafarinnar af vistarsveit föðursins, ef hún er ekki einfær um að annast barnið, og sannar það með vottorði sveitarstjórnarinnar í dvalarsveit sinni. Og þar sem þjer teljið óhugsandi, að sveitarstjórn geti gefið sjer eða sveit sinni slíkt vottorð, að hún sje ekki einfær um að annast einn af ómögum sínum, eða með öðrum orðum, að hún geti ekki staðizt sem sveitarfjelag, þá komist þjer að þeirri niðurstöðu, að rjettur sá, sem verið hefur tilætlan löggjafans að veita sveitarstjórn þeirri, þar sem óskilgetið barn þiggur af sveit, sje í rauninni öldungis enginn.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að það er vitaskuld, að vistar eða framfærslusveit barnsföður hefur rjett til þess að heimta, að upphæð og gjalddagi fúlgu þeirrar, sem hún greiðir fyrir hans hönd, sje

62

8. maí

63

8. maí

63 8. maí ákveðin af yfirvaldinu, eins í því tilfelli, þar sem sveitarstjórn eða aðrir samkvæmt 4. gr. laganna gjöra kröfu á hendur henni, og að öðru leyti er það skýr meining hinnar umræddu lagagreinar, að eins og móðir óskilgetins barns getur undir vissum kringumstæðum heimtað að meðlag föðursins sje greitt af vistarsveit hans o. s. frv., eins geti sveitarstjórn eða þeir aðrir, sem annast framfærslu barnsins eptir móðurina látna, burt farna eða af öðrum líkum orsökum, snúið sjer til vistarsveitar föðursins um greiðslu á meðlagi hans, ef barnið ekki á eigur sjálf, er það geti orðið framfært af.

64 8. maí *Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu um gildi 2. og 3. bóls farmannalaganna að því er snertir fiskiskip.*— I þóknanlegu brjefi, dags. 13. f. m. hafið þjer, herra amtmáður, beiðzt fyrirsagnar minnar um það, hvort 2. og 3. bólkur farmannalaganna 22. marz f. á. nái einnig til fiskiskipa, svo sem skrásettra hákarlaskipa, og hafið þjer lýst því álitu yðar, að svo muni ekki vera, og tekið fram sem ástæður fyrir þessari skoðun yðar:

1, að af þeim fjórum stjórnarfrumvörpum, sem lögin sjeu tilbúin úr, sjeu fiskiskip ekki nefnd nema í fyrirsögn eins frumvarpsins, þess, er samsvarar 4. bóli farmannalaga, og virðist yður þetta benda á, að hin frumvörpin og þá hinir bólkarnir skuli eigi ná til fiskiskipa;

2, að ummæli laganna í 2. og 3. bóli bendi yfir höfuð öllu fremur til þess, sem snertir kaupskip eða flutningsskip, sem fara landa og hjerlendra hafna á milli, en til þess, sem snertir fiskiskip, sjerstaklega hákarlaskip norðanlands, með því að hásetar á slíkum skipum sjeu optast ráðnir uppá hlut en ekki kaup, og opt ráðnir á skipið meðan því það sumar verði haldið út í legur, en að niðurlag 13. greinar laganna komi í bága við slíkt fyrirkomulag;

3, að miklir erfiðleikar sjeu á því fyrir útvegseigendur eða skipstjóra að fullnægja fyrirmælum 3. bóls laganna um lögskráning, og tímatöf, t. d. fyrir formenn úr Grýtubakkahreppi að snúa sjer til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, sem býr á Hjeðinshöfða á Tjörnnesi, og bæti það eigi fullkomlega úr, sem fyrir er mælt í 23. gr. laganna, að löggiltur umboðsmáður á löggiltu kaupuþúni samkvæmt o. br. 28. desbr. 1836, 9. gr. framkvæmi lögskráninguna.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að farmannalögin eru sem heild gefin út fyrir öll íslensk þilskip, en að eins að því er snertir fyrsta bólk laganna, um dagbókarhald, er sú takmörkun eða undantekning gjörð með þerum orðum í 1. grein, að fyrirmæli bólsins eru einskorðuð við skip sem fara á milli landa. Í hinum öðrum bólkum laganna er engin slík undantekning eða takmörkun, og er það því með öllu óheimilt, eins og lögin liggja fyrir, að undanskilja vissa flokka skipa eða skip á vissum svæðum undan fyrirmælum hinna annara bóla, þó að fullnustugjörð laganna kunni að hafa einhver óþægindi fyrir einstaka menn í för með sjer, og verða því hákarlaskip fyrir norðan vitanlega að vera sömu lögum háð og önnur skip hjer á landi. Að því er að öðru leyti snertir framangreindar ástæður fyrir álitu yðar skal jeg taka fram:

1. Það virðist ekki verða dregin nein ályktun af því atríði, þó að fiskiskip sjeu nefnd í fyrirsögn eins af stjórnarfrumvörpunum, en ekki í fyrirsögnum hinna frumvarpanna, þegar af þeirri ástæðu, að í fyrirsögn þess frumvarps eru talin upp verzlunarskip og fiskiskip sem helztu tegundir skipa, en í fyrirsögnum hinna frumvarpanna eru nefnd skip almennt.

2. Ef einhverstaðar á landinu hafa tíðkapt skiprúmssamningar, sem ekki geta samrýmzt við fyrirmæli farmannalaganna, þá virðist nær að haga samningunum framvegis samkvæmt lögnum, heldur en að ganga fram hjá lögnum vegna samninganna.

3. Þegar lögskrá þarf menn á skip eða af skipi, er skipstjórum samkvæmt 23. gr. laganna heimilt að sigla þangað, er næst er til skráningarstaðar, í þeim tilgangi, en eru alls ekki bundnir við skráningarstjórnann í því lögsagnarumdæmi, sem skipið á heima í.

Jafnframt því að tjá yður það, sem að framan er ritað, skal jeg þjónustusamlega skora á yður að hafa nákvæmt eptirlit með því, að fyrirmælum 2. og 3. bóls farmannalaganna sje hlýtt í umdæmi yðar, einnig að því er hákallaskip snertir.

Nýútkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs, undirskrifuð af konungi 4. maí 1891 (A nr. 5, bls. 12—13)

Auglýsing um að auglýsingar frá stjórnarráði Íslands 2. júlí 1890 og 17. apríl 1891 skuli að nokkru leyti úr gildi felldar, gefin út af ráðgjafanum fyrir Ísland 1. júní 1891 (A nr. 6, bls. 14—15).

Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu 65
um hlunnindi til handa sparisjóði. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi með venju- 8. maí.
legum skilyrðum sparisjóði Húnvetninga, er stofnaður hefur verið í kaupþúninu Blöndu-
ósi í febrúarmán. síðastl. hlunnindi þau, sem talin eru í tilsk. 5. jan. 1874, um 5 ára
tímabil, er teljist frá 1. maí þ. á. til 1. maí 1896.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjöld til fulltrúa stjórn- 66
arinnar á alþingi 1893. — Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans hefur 15. maí.
hans hátign konunginum hinn 2. þ. m. þóknast allranáðugast að fallast á, að gjöldin
til fulltrúa stjórnarinnar á hinni reglulegu samkomu alþingis 1893 skuli ákveðin
2000 kr.

Þetta læt jeg ekki hjá líða að tjá yður hjermeð þjónustusamlega, herra lands-
höfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, um 67
greiðslu á ljóstolli, samkvæmt lögum 22. maí 1890. — Út af þeirri fyrirspurn, er þjer, 26. maí.
herra sýslumaður, hafið beint til mín í þóknanlegu brjefi, dags. 23. marzm. þ. á., þhvort
það sje meining laga 22. maí 1890 um innheimtu á kirknafje, að eigi megi framvegis
borga ljóstoll á sama hátt, nfl. með tólg, og í sama gjalddaga og hingað til hefur átt sjer
stað, eða hvort ljóstollinn beri að borga á sama hátt og hin önnur gjöld til kirkjunnar
og á gjalddaga 31. desbrmán., skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknan-
legrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi fyrirspyrjanda, að það er álit mitt,
að engin heimild sje til að undanskilja ljóstoll undan almennum fyrirsmælum nefndra
laga 22. maí 1890 í 2. gr., sbr. 7. gr. um greiðslu á kirkjugjöldum, en að öðru leyti
er það vitaskuld, að það ber undir dómstólana að skera úr ágreiningi út af rjettum
skilningi laganna.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um skipt- 68
ing á Kleifahreppi í tvö hreppsþjelög. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 1. f. m., hafið 29. maí.
þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Kleifahreppi, þar sem
hún nú — sbr. brjef mitt 22. septbr. 1887 — fer þess á leit, að hreppi þessum verði
skipt í tvö hreppsþjelög. Þar eð bæði sýslunefndin í Vestur-Skaptafellssýslu í heild sinni
og sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu sjerstaklega hafa mælt eindregið fram með, að jeg
samþykki hina umbeðnu hreppaskipting eins og hreppsnefndin hefur stungið upp á henni,

1. dag júlímán. 1891.

68 og þjer einnig hafið lagt það til, að skiptingin fái framgang, skal samkvæmt 23. gr. 29. maí. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipað svo fyrir sem hjer segir:

- 1, Kleifahreppi í Vestur-Skaptafellssýslu skal skipt í 2 hreppa, er nefnist Hörgslands-hreppur og Kirkjubæjarhreppur, þannig að Fljótshverfi og Austur-Síða, þ. e. Síðan austan Geirlandsár, verði í Hörgslandshreppi og Útsíða, þ. e. síðan vestan Hörgslandsár með Landbroti verði í Kirkjubæjarhreppi.
- 2, Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Kleifahrepps, þeim sem verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt milli hinna nýju hreppa, að tiltölu við sveitarútsvörin fardagaárin 1882—1887, eins og þau hafa verið samanlögð í hvorum hluta hins sameinada hrepps, sem nú á að verða hreppur útaf fyrir sig, og eptir sama hlutfalli skal skipta sveitarþyngslum, sem síðar kunna að koma til og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefur átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hefur ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi, samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar á eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, og verði ágreiningur útaf skiptingunni, skal skorið úr honum af sýslunefndinni, sem einnig ákveður um fjallskil hreppanna og afrjettir.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er ekki gjörð nein breyting á Kleifaþinghá, hvorki sem manntalsþinghá nje sem dómpinghá.

69
30. maí.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um eignarrjett á sömdu máli. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 2. nóvember 1889, hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til laga um eignarrjett á sömdu máli, sem af þingmanna hálfu var borið upp og samþykkt af alþingi 1889, og hafið þjer tekið fram, að lagafyrirmæli þau um bann gegn eptirprentun, sem ætla megi núgildandi lög fyrir Ísland, nefnilega tilsk. 7. jan. 1741 og tilsk. 7. maí 1828, geti ekki talizt fullnægjandi, og að lagafrumvarp það, er alþingi hefur samþykkt, sje í öllum höfuðatriðum samkvæmt núgildandi dönskum lögum um rjettarverndun eignarrjettar að sömdu máli; með þessum ummælum hafið þjer lagt það til, að frumvarpið öðlist staðfestingu konungs.

Að vísu er það augljóst, að lög þau, sem gilda í Danmörku, hafa í öllum verulegum atriðum verið lögð til grundvallar fyrir þessu frumvarpi, en þó hafa á eigi allfáum stöðum verið gjörðar breytingar, viðaukar og úrfellingar, sem nokkuð kveður að. Sumt af þessu er ekki að neinu varhugavert, en sumar tilbreytingar verða að álitast lítt heppilegar. Sem dæmi upp á slíkar tilbreytingar, er valdið hafa því, að sjerstaklega óhaganleg ákvæði hafa komizt inn í frumvarpið, skal talið það, er hjer segir:

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins á rjettarverndun sú gegn eptirprentun, sem upp á er stungið, einungis að ná til rita, sem gefin eru út á Íslandi. Með því að íslenzkir rithöfundar opt láta rit sín koma út annarstaðar, er þessi ákvörðun lítt heppileg, og að dæma eptir umræðunum á alþingi er þetta einnig sprottið af vangá af þingsins hálfu, með því að tilgangurinn hefur ekki verið, að setja slík fyrirmæli. Þar sem svo er ákveðið

í 14. grein í lögum fyrir Danmörku frá 29. desember 1857 um eptirprentun, að upp- 69
prentun á annara ritum skuli eins eptirprentun teljast, þó að einstöku styttingar, við- 30. maí.
bætur eða orðabreytingar hafi verið gjörðar þegar ritið var gefið út aptur, þá nefnir
tilsvarandi ákvörðun í 11. gr. hins fyrirbyggjandi lagafrumvarps einungis »óverulegar eða þýð-
ingarlausar breytingar«. Jafnvel eins og reglan stendur í hinum dönsku lögum verður
því ekki neitað, að hún veitir of mikið svigrúm til þess að nota annara manna verk á
miður samvirkusamlegan hátt, og því fremur verður þó að álíta, að regla sú, sem í
frumvarpinu er farið fram á, veiti höfundinum allsendis ónægilega rjettarverndun.

Þarnæst er það lítt heppileg ákvörðun í 14. grein, að af ritum, sem koma út í
fleiri bindum en einu, skuli það, sem á einu ári kemur út af því, skoðast sem eitt rit,
að því er kemur til ákvæða lagafrumvarpsins; tilsvarandi ákvörðun í dönsku lögunum,
(Lög 29. desbr. 1857, 8. gr.) getur vafalaust ekki talizt um of hliðholl rithöfundun-
um, þó að þar sje miðaður einkarjettur þeirra að slíkum verkum við útkomu síðasta
bindisins af ritsmíðinu.

1. málsgrein í 17. gr. frumvarpsins heimilar þeim, sem halda ræður á alþingi,
í amtsráðum, sýslunefndum, hreppsnefndum, kjörþingum og hverskyns samkomum um
almenn mál að fyrirmuna öðrum að prenta upp ræðuna, ef hann verður fyrri til að
gefa hana sjálfur út. Af þessari ákvörðun getur auðveldlega leitt ýmsa erfiðleika og
óhagræði, þegar svo stendur á, að það er almenningi í hag að allir hafi frelsi til að
skýra frá umræðum á slíkum fundum, eða að gefa út fundartíðindi orðrjett. Á hinn
bóginn er reglan í síðari lið greinarinnar of víðtæk, og sjálfræði of lítil takmörk sett,
þar sem öllum, undantekningarlaust, er gefin heimild til þess meðal annars að láta
prenta »hverskonar skjöl, er í embættisnafni eður almenntri þjónustu hafa skráð verið«.

Ennfremur kemur það í bága við almennar grundvallarreglur laga, þar sem 19.
gr. í frumvarpinu veitir þeim, er tjón hefur beðið við brot á fyrirmælum laganna —
auk fullra skaðabóta eptir óvilhallra manna mati — þar að auki rjett til þess, að hag-
nýta sjer eintök þau, sem upptæk kynnu að verða af hinu ólöglega útgefna riti.

Af annari hálfu er þannig ýmislegt af ákvæðum frumvarpsins miður heppilega
orðað, svo að búast mætti við, að af því mundi rísa ágreiningur um rjettan skilning
laganna. En á hinn bóginn vantar í frumvarpið ýmislegt, sem hefði átt að vera tekið
fram þar; þannig vantar ákvarðanir um verndun tónsmíða, landauppráttu, mynda o. fl.,
sem samkvæmt 9. og 10. gr. í lögum 29. desbr. 1857 er sett jafnhliða prentuðu máli
og verndað á sama hátt; ennfremur vantar ákvæði um það, hvernig höfða skuli mál útaf
broti gegn rjettindum þeim, er lagafrumvarpið ræðir um.

Samkvæmt þessu eru svo verulegir gallar á hinu fyrirbyggjandi lagafrumvarpi,
að ráðgjafinn undir öllum kringumstæðum mundi hafa verið í vafa um, hvort hann gætl
ráðið til þess að það væri gjört að lögum eins og það liggur fyrir.

En við það, sem talið hefur verið, bætist ennfremur, að fyrirsjáanlegt er, að
ný og hentugri lagafyrirmæli muni bráðlega verða sett í stað hinna núgildandi laga í
Danmörku um þetta atriði, og hefur stjórnarfrumvarp í þá átt þegar verið lagt fyrir
síðasta ríkisþing, en varð ekki útrætt þar vegna naumleika tímans. Sú skoðun, að lítt
tillhlýðilegt væri, ef hjer um bil samtímis væru gjörðar úr garði og gefnar út mjög mis-
munandi lagareglur um sama rjettaratríði fyrir konungsríkið af annari hálfu og fyrir
löggjafarsvið hins íslenzka löggjafarvalds á hinn bóginn, án þess að nokkuð það sje í
hlutarins eðli og sjerstakri tilhátan, er gefi tilefni til slíks mismunar, hefur sumpart

69 30. maí. bæzt við og styrkt ástæður þær, sem þegar voru fyrir hendi til þess að leggja ekki til, að frumvarpið öðlist staðfestingu konungs, sumpart, með tilliti til spurningarinnar um að leggja frumvarpið aptur fyrir þingið í breyttu formi, ráðið því, að ráðgjafinn verður að álíta rjettast, að fresta því að leggja slíkt frumvarp fyrir þingið, þangað til hið danska löggjafarvald hefur lokið meðferð sinni á löggjöfinni um sama efni. Það hefur því síður þótt varhugavert að biða eptir þessum málalokum, sem því aldrei hefur verið haldið fram af neinum, að nein sjerstakleg nauðsyn sje á Íslandi til þess að koma hinum umræddu lögum í kring nú í bráðina, heldur verður að álíta, að ef lög þau, sem hjer er um að ræða, geta orðið meira samkvæm rjettarframförum annarstaðar við það að biða 2 ár enn, þá sje það tilvinnandi, og geti ekki komið að neinu tilfinnanlegu ógagni.

Ráðgjafinn hefur þess vegna í bráðina látið sjer nægja allraþegnsamlegast að leggja það til, að hið optnefnda lagafrumvarp, er alþingi hefur samþykkt, hljóti ekki allrahæstu staðfesting konungs, og hefur hans hátign konunginum hinn 15. p. m. allra mildilegast þóknast, að fallast á þá tillögu.

Þetta undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

70 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum. . .
30. maí. Með þóknanlegu brjefi, dags. 18. sept. 1889, hafið þjer, herra landshöfðingi, sent mjer frumvarp til laga um breytingu á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu og samþykkt á síðasta alþingi, og er það efni lagafrumvarps þessa að nema úr lögum undanþágu þá frá ákvæðum laganna um útflutningaskip, sem samkvæmt nefndum lögum 14. jan. 1876 gildir um hin konunglegu póstgufuskip.

Að því er snertir efni lagafrumvarps þessa hafið þjer tekið fram, að þó að ofannefnd undanþága hafi upprunalega verið gjörð fyrir þau gufuskip, sem ríkið sjálf átti, og notaði til þess að halda uppi póstferðum milli Danmerkur og Íslands, þá hafi þó hingað til verið álitíð, að undanþágan taki einnig til þeirra gufuskipa, sem síðan hafa fengin verið til póstferðanna, þótt einstakra manna eign sjeu. En með því að þjer teljið enga tryggingu vera fyrir því, að skip, sem einstakir menn eða fjelög eiga, og fengin eru til póstferða, en auk þess fást við útfaraflutninga, veiti útförum betri aðbúnað og rúm heldur en önnur gufuskip, þá sjáið þjer ekki ástæðu til að láta aðrar reglur gilda um hin núverandi íslenzku póstgufuskip, er þau fást við útflutning vesturfara, heldur en önnur útflutningaskip, og það því fremur, sem umkvörtun hefir verið um það, að annað af hinum núverandi póstgufuskipum sje mjög óhentugt til slíkra flutninga. Þjer hafið þess vegna lagt það til, að lagafrumvarp það, sem að ofan er nefnt hljóti allrahæstu staðfesting konungs.

Þótt nú svo sje, að ekkert geti í hlutarins eðli verið því til fyrirstöðu, að póstgufuskipunum sje gjört jafnhátt undir höfði eins og öðrum skipum, er við útflutninga fást, þá verður ráðgjafinn samt að vera í mjög miklum vafa um það, hve hentug slík ákvörðun mundi vera. Reglur þær, sem lögin frá 14. jan. 1876 setja um útflutningaskip hníga eigi eingöngu að því, að fyrirskipa, hvernig skipin skuli úr garði gjörð, hve mikið rúm skuli ætlað farþegja hverjum og því um líkt, heldur hafa þær auk þess

að geyma fyrirskipanir um lækni-septirlit í hvert skipti, sem skipið fer frá Íslandi, bæði 70
 að því er snertir farþega og skipshöfnina, en slíkt eptirlit mundi verða öldungis óþol- 30 maí.
 andi fyrir almenna ferðamenn, sem eru meiri hluti farþega þeirra, er far taka með
 póstskipunum, og væri naumast hægt að koma því við án þess af því blytist tafir fyr-
 ir póstflutninginn, sem væri lítt heppilegt. Væru póstgufuskipin því gjörð háð reglum
 útflutningalaganna, yrði ráðgjafinn að telja slíkt svo ósameinanlegt höfuðætlunarverki
 skipa þessara, að afleiðingin af útkomu slíkra laga yrði að verða sú, að póstskipin eptirleidis
 yrðu að hætta með öllu við flutning útfara til annara landa. Hið sameinaða gufuskipa-
 fjelag hefur verið spurt um álit þess um þetta atriði, og er það á sama máli eins og
 nú var greint.

Í allra þegnsamlegustum tillögum sínum viðvíkjandi þessu máli hefur ráðgjafinn
 því lagt það til, að lagafrumvarpið öðlist ekki staðfestingu, og hefur hans hátign kon-
 unginum hinn 15. p. m. allramildilegast þóknast, að samþykkja þá tillögu.

En ef alþing skyldi finna ástæðu til að hreifa máli þessu af nýju, og ef þingið
 eptir nýja yfirvegum og með hinar nefndu afleiðingar fyrir augum skyldi halda áfram
 ósk sinni um slík lög, sem hjer er um að ræða, þá álitur ráðgjafinn málið ekki svo
 miklu skipta, að hann þá muni ráða til þess að synjað verði um uppfylling slíkrar óskar.
 En eptir því sem málið nú liggur fyrir, getur ráðaneytið ekki annað en álitid vafasamt,
 að mál þetta hafi verið nægilega íhugað, sjerstaklega hvort þingið hefur gjört sjer ljóst,
 að staðfesting lagafrumvarpsins mundi hafa þá afleiðingu, að útflytjendur eptirleidis væru
 algjörlega útilokaðir frá að nota póstskipin, er einkum þegar svo stendur á, að útflytj-
 endur hafa beðið tímum saman á einhverri höfninni eptir komu útlends útfaraskips,
 sem þeim hefur verið heitið fari með, en sem ekki kemur, væri lítt heppileg tilhögun,
 að minnsta kosti fyrir útfarana, og ef til vill einnig frá almennu sjónarmiði skoðað.

Þetta læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til
 þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sóttnæmi af innfluttum 71
 húðum. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 28. febr. p. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, 1. júní.
 skýrt frá því, að á hinum síðari árum hafi það orðið æ tíðara að miltisbrandur hafi
 komið fyrir í nautpeningi á Íslandi, stungið sjer niður á bæ og bæ, og optast drepið
 alla nautgripi á þeim bæjum, þar sem sýkin hefir komið, og sumpart einnig hesta, en hafi
 orðið varnað frekari útbreiðslu; takið þjer fram, að optast nær, ef ekki ætíð, hafi menn
 þókst geta rakið uppruna sjúkdómsins til ósútaðra húða, sem aðfluttar hafi verið frá
 útlöndum; en aðflutningur þessi fer vaxandi ár frá ári. Er það álit manna, að skepn-
 ur þær, er sýkst hafa, hafi fengið sýkina af því að drekka úr lækjum eða pollum, þar
 sem slíkar innfluttar húðir, er þá að líkindum hafa verið af skepnum, sem drepist hafa
 úr miltisbrandi, hafa verið lagðar í bleyti. Vegna hinnar ákaflega miklu hættu, sem
 landbúnaðinum væri búin, ef þessi sjúkdómur næði að breiðast út, hafið þjer vakið
 máls á því, hvort ekki mundi vera ástæða til, að banna það annaðhvort með lögum eða
 yfirvaldsbóði, að ósútuð skinn sjeu flutt inn til Íslands nema þau sjeu verkuð eða með
 þau hafi verið farið á þann hátt, er dýralæknar telji örugga trygging fyrir því, að
 sóttnæmi geti ekki í þeim leynzt, er geti orðið valdandi að miltisbrandi eða öðrum
 sóttnæmum sjúkdómum meðal húsdýranna.

Um leið og jeg sendi yður hjer með og vísa til eptirrits af ummælum heil-

71 brigðisráðsins fyrir dýralækningar,* er ráðaneytið hefur spurt um álit þess um málið, 1. júní skal jeg jafnframt því að biðja yður að hlutast til um, að athygli almennings sje leitt að því, á þann hátt, er þjer álítið hentugastan, hve mikil hætta það er að þessu leyti, að leggja húðir í bleyti í pollum eða straumlygnum lækjum, þjónustusamlega biðja mjer tjáð þóknanlegt álit yður um það, hvort gjörandi sje að koma á traustu eptirliti með því, að hlýtt sje fyrirskipun í þá átt, sem heilbrigðisráðið bendir til, að allar innfluttar húðir sjeu lagðar 1 dag í klórkalks uppleysingu, til þess að drepa sóttnæmi í þeim, án þess að slíkt væri meiri byrði, en kostnaði svaraði, fyrir alla hlutadeigendur, sem verður að teljast mjög vafasamt. Ef þjer teljið þetta gjörandi, og auk þess álítið slíka ráðstöfun nægilega rökstudda af öllum málavöxtum sem fyrir hendi eru, þá eruð þjer beðinn að koma fram með uppástungu til laga um þetta efni, með því að slík skipun og tilheyrandi ákvarðanir um eptirlit verða að koma fram í lagabóði.

72 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramntinu og vesturamntinu um 9. júní endurgreiðslu á veittum sveitarstyrk. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 1. apríl síðastl. hafið þjer, herra amtmaður, eptir beiðni bæjarfógetans í Reykjavík skotið til mín úrskurði amtmannsins í norður- og austuramntinu, dags. 31. marz f. á. er neitar að skylda Öngulstaðahrepp í Eyjafjardarsýslu til að endurgjalda fátækra sjóði Reykjavíkur 69 krónur 42 aura, er árið 1884 var lagt fram af tjeðum fátækra sjóði með Steingrími nokkrum Sveinbjarnarsyni, sem er viðurkenndur sveitlægur í Öngulstaðahreppi, og hafið þjer farið fram á, að úrskurður amtmannsins í norður- og austuramntinu verði úr gildi felldur, og Öngulstaðahreppur skyldaður til að greiða umrædda upphæð til fátækra sjóðs Reykjavíkur.

Skjöl málsins sýna, að ofanefndur Steingrímur Sveinbjarnarson hefur í aprílmánuði 1884 orðið hjálparþurfi fyrir sjúkleika sakir, og gátu ættingjar hans ekki veitt honum nauðsynlega hjálp; var honum þá að tilhlutun fátækra stjórna Reykjavíkur kom-

*) Í brjefi heilbrigðisráðsins er kveðið svo að orði:

„Ráðið sjer sjer ekki fært að benda á neina meðferð á skinnnum, aðra en sú tun, er veiti nægilega tryggingu gegn flutningi sóttnæmis, nema ef hægt væri að fyrirskipa, að öll ósútuð skinn eða húðir sem inn eru fluttar, skuli látnar liggja einn dag í klórkalkuppleysingu (1 : 12) áður en þær eru seldar; vjer getum, eins og gefur að skilja, ekki gjört oss glögga hugmynd um, að hve miklu leyti unnt er, eptir því sem til hagar á Íslandi, að koma í framkvæmd nægilega tryggu eptirliti með því, að slíkri ráðstöfun væri hlýtt; en að líkindum er ástæða til að efast um, að því verði komið í kring; og geti það ei orðið, þá verður ekkisjeð annað en að það sje eina ráðið, að banna algjörlega allan innflutning á ósútuðum skinnnum, nema svo sje, að slíkt bann hefði í för með sjer svo mikil óþægindi fyrir landsmenn, að álíta verði, að sá möguleg leiki, að sóttnæmir sjúkdómar meðal húsdýranna geti hlotizt af innflutningi ósútaðra skinna, verði álitinn tiltölulega ljettþarari af tvennu, heldur en bannið, en til þess að geta leyst úr því vantar ráðið vitanlega nauðsynlegan kunnugleik.

Eins og skjölin bera með sjer álíta menn að sjúkdómurinn breiðist einkanlega út á þann hátt, að innflutt, ósútuð skinn hafa verið lögd í bleyti í pollum eða lækjum, sem skepnur síðan hafa drukkið úr. Með því að síður er hætt við útbreiðslu sóttnæmisins á þennan hátt ef skinnin eru bleytt upp í straumbörðu vatni, þá leyfir ráðið sjer þjónustusamlega að skjóta því til ráðaneytisins, hvort það ekki undir öllum kringumstæðum mundi vera heppilegt að athygli alþýðu væri með opinberum auglýsingum frá yfirvöldunum eða á annan hátt leitt að háska þeim, sem í ofanumræddu tilliti getur stafað af því að leggja ósútaðar húðir í bleyti í pollum eða straumlygnum vatni.◀

ið fyrir á sjúkrahúsi kaupstaðarins, og er hin umkrafða upphæð kostnaður við veru hans þar og vöktun fyrir þrjásemi sakir. Móðir sjúklingsins, sem var prestsekkja og átti heima í Reykjavík, beiddist þess af fátækrastrjórninni, að fæðingarhreppur sonar síns yrði ekki krafinn endurgjalds á hinum veitta styrk, og lofði að greiða allan áfallinn kostnað; en fyrir fátæktar sakir og vanheilsu gat hún aldrei innt þá greiðslu af hendi. — Í marzmánuði 1886 ritaði þá bæjarfógetinn í Reykjavík sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu og krafðist endurgjalds af ofannefndum fæðingarhreppi Steingríms, sem var 25 ára gamall þegar styrkurinn var veittur, og þannig ekki gat hafa unnið sjer sveit með 10 ára dvöl eptir 16 ára aldur, en hreppsnefndin neitaði að greiða upphæðina, meðal annars af þeirri ástæðu, að nefndinni hafði ekki verið tilkynnt neitt um styrkveitinguna, þegar hún var í tje látin, og endurgjalds ekki krafizt fyrr en allt að 2 árum síðar. Á þessari ástæðu hreppsnefndarinnar byggir amtmaðurinn í norður- og austuramtinu neitun sína um að skylda Öngulstaðahrepp til að greiða hinar umkröfðu 69 kr. 42 aura, en þjer hafði aptur á móti haldið því fram, að engin vanræksla hafi átt sjer stað af hendi fátækrastrjórnar Reykjavíkur, með því að tími sá, sem leið frá því er styrkurinn var veittur þangað til endurgjalds var krafizt af fæðingarhreppnum, hafi gengið til þess að leita endurgjalds hjá móður þurfamannsins og öðrum ættingjum, svo og síðar hjá styrkþyggjanda sjálfum, er þá var farinn til Vesturheims, og teljið þjer fátækrastrjórnina hafa verið skylda til þessa að lögum, áður en hún gat heimtað endurgjald af hreppnum; í annan stað hafði þjer leitað röksemda fyrir því, að fæðingarhreppurinn hafi ekkert tjón getað beðið við það, þó að tilkynningin kæmi svona seint, eða þurfi ekki að borga meira fyrir þá sök, en hann ella hefði þurft.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð; til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarfógetanum í Reykjavík, að með því að ekki verður sjeð, að það atriði, að fátækrastrjórnin fyrst leitaði endurgjalds hjá venzlamönnum styrkþyggjanda hafi getað verið því til fyrirstöðu, að styrkveitingin jafnframt væri tilkynnt framfærslusveitinni, og með því að hvert það sveitarfjelag, sem vill fá endurgoldinn bráðabirgðastyrk, er það veitir þurfamanni annarar sveitar, verður að tilkynna framfærslusveitinni styrkveitinguna svo fljótt sem því verður við komið, til þess að henni gefist kostur á að gjöra þær ráðstafanir, er hún álitur með þurfa, að viðlögðum missi endurgjaldskröfunnar gagnvart framfærslusveitinni, sbr. meðal annars Lhbr. 10. marz 1888, Stj.tíð B. bls. 57., þá verð jeg að vera amtmanninum í norður og austuramtinu samdóma um það, að krafa fátækrastrjórnar Reykjavíkur gegn Öngulsstaðahreppi sje ekki svo tímanlega fram komin, að Öngulstaðahreppur geti orðið skyldaður til að endurgjalda hinar umræddu 69 kr. 42. aura.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu, um endurgreiðslu á veittum sveitarstyrk. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 25. febr. síðastl., hafði þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi nokkurt frá hreppsnefndinni í Holtshreppi, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, uppkveðnum 19. apríl f. á. sem ákveður, að Holtshreppur skuli endurgjalda Akureyrarkaupstað framlag til Hafliða nokkurs Eiríkssonar á árinu 1888, að upphæð 34 krónur, og byggir hreppsnefndin neitun sína á eptirfylgjandi ástæðum:

1. að nefndin hafi fyrirfram lýst því yfir, að einskis fátækrastryks væri að vænta

73

9. júní.

Hafliða til handa af Holtshreppi, meðan hann dveldi á Akureyri, heldur skyldi honum vísað til áttþaga sinna, ef hann væri ekki sjálfbjarga maður.

- 2, að nefndin hafi vísað bæjarstjórninni á að taka borgun í eigum Hafliða;
- 3, að hið umrædda lán sje veitt án þess að lánþiggjandi beiddi um það, og án þess gjörð væri skoðunargjörð á bjargræðisástandum hans

Útaf þessu skal yður hjermed þjónustusamlega tjáð, til þóknarlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að þar sem jeg verð að vera yður samdóma um, 1^o, að það sje nægilega sannað, að hið umrædda lán hafi verið veitt eptir beiðni hlutadeiganda og eptir verulegri þörf, 2^o, að sveitarfjelag, sem orðið hefur að styrkja til bráðabirgða framfærslumann annars sveitarfjelags, eigi aðganginn að framfærslusveitinni um endurgreiðslu, en þurfi ekki sjálft að gjöra ráðstafanir til að ná á löglegan hátt endurgjaldi af eigum styrkþiggjandans, 3^o, að engin heimild hafi verið til að flytja Hafliða á sveit sína sumarið 1887 úr því hann endurgalt þá hinn litla fátækra styrk, sem hann hafði fengið skömmu fyrir árslokin 1886, og að slík yfirlýsing, sem hreppsnefndin í Holtshreppi hefur komið fram með viðvíkjandi styrk til Hafliða meðan hann dvelji á Akureyri og fátækraflutningskrafa hennar fyrir fram, eigi ekki við lög að styðjast, þá verð jeg í öllum greinum að fallast á úrskurð þann, sem þjer hafð lagt á málið, og skal hann að öllu leyti óraskaður standa.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögum fyrir 1890 og 1891.

10. gr. C. 5. b.

Veittar 224 krónur til jökulvegur á Breiðamerkursandi sumarið 1890.

Veittar samtals kr. 1066,67 til verkfæraakaupa og áhaldna til afnota við vegagjörðarvinnu landsjós.

Veittar 110 krónur til aðgjörðar á aðalpostleiðinni frá Akureyri upp að ferjustaðnum við Ytra-Gil.

Veittar 2 krónur til að gera við brú á aðalpostleiðinni milli Neðraness og vadsins á Þverá í Stafholtstungum.

Veittar 13 krónur til endurgjalds kostnaði við skoðun á aðalpostleiðinni um Holtavörðuheiði sumarið 1890.

Veittar 179 krónur 42 a. til endurbóta á Skjálfaðafljótsbrúnni og Laxárbrúnni við Grenjadarstað.

Veittar 125 krónur 69 a. til endurgjalds kostnaði við endurbætur á aðalpostleiðinni í Dyrhólahreppi.

Veittar 58 krónur 87 a. til endurgjalds kostnaði við aðgjörð á aðalpostvegum í Austur-Skaptafellssýslu 1890.

Veittar 40 krónur í viðbót við ádurveittan styrk til aðgjörðar á aðalpostleiðinni um Barðastrandarsýslu sumarið 1890.

Veittar 685 krónur 73 a. til aðgjörða á brúnum yfir Elliðaár.

HEIÐURSMERKI

Með konungsbrjefi 23 apríl þ. á. var landshöfðingja Magnúsi Stephensen, kommandör af dannebroge og dannebrogsmanni, allramildilegast leyft að bera á mannfundum heiðursmerki sem officer í heiðursfylkingunni, er forseti hins franska lýðveldis hefur sæmt hann með.

EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI

26. maí veitti landshöfðingi presti að Skarðsþingum, sjera Jóni Bjarnasyni, lausn frá prestsembætti frá fardögum 1-91 að telja, sakir heilsubrests og ellilasleika og með eptirlaunum.

29. s. m. var Ótrardals prestakall í Barðastrandar prófastsdæmi veitt af landshöfðingja prestaskólakandidat Jóni Árnasyni, eptir að tillögu hlutadeigandi safnaðar hafði verið um það leitað.

2. júní veitti landshöfðingi prestaskólakandidat, Magnúsi Blöndal Jónssyni Hallormsstaðar- og þingmúla prestakall í Suður-Múla prófastsdæmi, eptir að tillögu hlutadeigandi safnaða hafði verið um það leitað.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

Gaulverjabær í Árneprófastsdæmi (Gaulverjabæjar- og Villingaholtssóknir). Metið 1308 kr. 61 e. Prestsekkja er í braudinu, sem nýtur $\frac{1}{10}$ af tekjum þess. Leyfi er nýlega fengið til að taka 2800 kr. embættislán uppá prestakallið til að byggja timburhús á prestssetrinu. Auglýst 29. maí 1891.

Skarðsþing í Dalaprófastsdæmi Metið 1115 kr. 85 a. Af braudinu greiðast eptirlaun til uppgjafaprests, $\frac{2}{5}$ af föstum tekjum þess. Auglýst 29. maí 1891.

Nýútkomið í A.-deild Stjórnartíðindanna.

Konungsbrjef um setning alþingis, dags. á Amalíuborg 15. maí 1891 (A. nr. 7, bls. 16—17).

Konungsbrjef um lenging alþingistímans, dags. á Amalíuborg 15. maí 1891 (A. nr. 8, bls. 18—19).

Auglýsing um þyngdartakmörk og burðargjald fyrir böggla, er senda á milli hins danska og hins íslenska póstumdæmis, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland og innanríkisráðgjafanum 23. júní 1891 (A. nr. 9, bls. 20—21).

Auglýsing um að auglýsing frá stjórnarráði Íslands 13. janúar 1891 skuli úr gildi felld (A. nr. 10, bls. 22—23).

Reglugjörð

fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallskil og melrakkaveiðar.

74

3. júní

Amtsráðið í norður- og austuramtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda er hjer með staðfest og löggilt eftirfylgjandi Reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu, um fjallskil og melrakkaveiðar, sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. jan. 1892.

1. Kafi.

um fjallskil o. fl.

1. gr.

Eyjafjarðarsýsla er eitt fjallskilafjelag, sem skiptist í smærri og stærri deildir, eptir því sem landi hagar og fjöll eða vatnsföll deila. Sýslunefndin skiptir fjelaginu í deildir þessar, og skal rita þær með tölu og ummerkjum í eina skrá, sem innfærð sje í fjallskilabók hvers hrepps. Þessari deildarskipun má sýslunefndin breyta seinna ef þurfa þykir.

2. gr.

Yfirstjórn allra fjelagsdeildanna hefur sýslunefndin á hendi, samkvæmt tilskipun 4. maí 1872, en hreppsnefndir hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd á fjallskilamálum á hendi innbyrðis í deildunum. Nú eru 2 eða fleiri hreppar sameinaðir í eina fjallskiladeild, og hefur þó hver hreppsnefnd tjeð störf á hendi fyrir sinn hrepp, en stendur í nauðsynlegu sambandi við hinar aðrar hreppsnefndir í þeirri deild, eptir því sem fyrirmælt er síðar í þessari reglugjörð. Veita hreppsnefndir sömu deild hver annari alla þá aðstoð, sem þær geta í tje látið, til fjallskilanna og annara starfa í fjelagsins þarfir. Sýslunefndin ákveður hverja afrjetti og heimalönd hver hreppsnefn hefur til umsjónar.

3. gr.

Allt land skiptist í afrjetti og heima lönd eða búfjárhaga. Það skulu vera afrjettir sem að fornu hafa verið. Svo getur og sýslunefndin ákveðið nýja afrjetti eptir uppástungum hreppsnefndanna, þó með samþykki þeirra landeiganda, er hlut eiga að máli.

22. dag júlímán. 1891.

74

3. júní

Hver hreppsnefnd ákveður í sínum hrepp takmörkin á milli afrjetta og búfjárhaga, eptir að hún hefur borið sig saman um það við landeigendur, og aðra þá, sem hlut eiga að máli. Síðan semur sýslunefndin skrá yfir alla afrjetti í sýslunni með tölu og ummerkjum, og skal rita hana í fjallskilabók hvers hrepps. Skal í skrá þessari framtekið, undir hverja fjelagsdeild hver afrjettur heyrir.

5. gr.

Hver búandi, sem á trippi, stóðhross eða 10 geldkindur, eldri en lömb, er skyldur að reka þær á afrjett. Haldi hann hjú eða húsmenn, sem fje eiga, telst það með hans fje. Eigi einhver færri geldkindur en nú er mælt, er honum vítalaut þó hann reki þær með lömbum sínum, og teljast þær þá með þeim. Brjóti nokkur hjer á móti varðar það sektum.

6. gr.

Allt geldfje, stóðhross og trippi skal á afrjett komið þegar 8 vikur eru af sumri, nema ótíð eða gróðrarleysi banni. Reka skal í miðjan afrjett nema afrjettareigandi eða hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið, og varðar sektum ef út af er brugðið.

7. gr.

Afrjettareigandi, eða hver sá, er notar frían upprekstur á almenning, er skyldur að sjá um nægilega fyrirstöðu á öllu afrjettarfje og trippum, að viðlögðum sektum eptir málavöxtum.

8. gr.

Nú gengur peningur samt á sumrum úr afrjetti og í búfjárhaga manna, skal þá hreppsnefnd annast um, að hann sje af þeim, er fyrir verða, smalaður og rekinn til afrjettar á kostnað afrjettareiganda svo opt sem þurfa þykir. Svo skulu þeir haga hreinsuninni og rekstri fjárins á afrjett, að fje og trippum verði sem minnst mein að. Brjóti nokkur hjer á móti verður hann sekur eptir málavöxtum.

9. gr.

Fjárrjettir skiptast í aðalrjettir og aukarjettir. Ákveður sýslunefndin eptir uppástungum hlutadeigandi hreppsnefnda, hverjar rjettir skuli vera aðalrjettir og hverjar aukarjettir. Hver aukarjett heyrir undir einhverja aðalrjett og skal þar jafnan rjettað, þegar því verður viðkomið, næsta dag á undan aðalrjett þeirri, er hún heyrir undir. Skal úrtýningsfje úr aukarjettinni ganga til aðalrjettarinnar og dragast þar upp. Sýslunefndin semur skrá yfir allar fjárrjettir sýslunnar, eins aukarjettir sem aðalrjettir. Skal þar fram tekið hverja afrjetti og búfjárbaga ganga skal að hverri rjett og hverja daga þar skal rjetta. Skrá þessa skal síðan rita í fjallskilabók hvers hrepps.

10. gr.

Það er skylda allra upprekstrarmanna, að byggja fjárrjettir og viðhalda þeim í sameiningu, svo sem þörf er á. Skulu þeir leggja þar til skylduvinnu, eptir því, sem hlutadeigandi hreppsnefnd ákveður. Hver fjáreigandi er skyldur til að sjá sjer sjálfur fyrir dilkrúmi á þeirri rjett, sem hann á sókn að, handa öllu því fje, er hann á á afrjetti og eins þó það gangi að tveim rjettum. Hver sem eigi vinnur þá skylduvinnu að fjárrjettum, er á hann skiptist, eða vanrækir að hafa forsvaranlegt dilkrúm, verður sekur eptir málavöxtum.

11. gr.

Nú þykir þörf á að fjölga fjárrjettum, eða færa þær af þeirra fyrri stöðvum og

á annan hentari stað, skal þá hreppsnefnd sú, er hlut á að máli, bera málefnið undir atkvæði hreppsþúa á næsta vorþingi. Sje um það að gjöra, að byggja aukarjett, eða færa hana úr stað, ræður atkvæði hreppsþúa málinu til fullnaðarlykta. En skuli ákvörðun gjöra um aðalrjett, skal leita samþykkis sýslunefndarinnar fyrir henni. Skyldur er hver að leggja land til undir fjárrjett, valdi það eigi skemmdum á túni eða engjum.

12. gr.

Hver sem á með sig sjálfur, hvort heldur hann er búandi eða búlaus, sem á 10 kindur á afrjetti að lömbum meðtöldum, er skyldur að leggja til 1 mann í einar göngur á hverju hausti. En sá, sem á 20 kindur, 1 mann í 2 göngur, og sá, sem á 30 kindur, skal leggja til 1 mann í þrennar göngur. Um tillög þeirra manna til fjallskila, sem fleira fje eiga á afrjetti, en nú var mælt, fer eptir því, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður.

13. gr.

Sá er gildur til fjallskila, sem er fullra 14 ára að aldri, enda sje hann eigi ófær til þeirra fyrir sakir elli, sjúkdóms, drykkjuskapar, klæðleysis, sjónleysis eður annara orsaka. Hæfan gangnamann skal álíta þann, sem gangnaforingi og helmingur gangnamanna með honum tekur gildan. Nú verður einhver gangnamaður sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða einhverjum þeim handvömmum, sem honum sjálfum er um að kenna, þá skal það álitid, sem enginn hafi lagður verið til fjallskila í það sinn og varðar það sektum eptir málavöxtum.

14. gr.

Nú vanrækir einhver að gjöra þau fjallskil, sem á hann hafa skiptst, eða leggur ógildan mann til fjallskila og er honum það sjálfrátt, þá varðar það sektum og margfaldast þær ef brotið er ítrekað.

15. gr.

Þrenn fjallskil skulu gjör hvert haust að minnsta kosti, á þeim tíma, sem venjulegt er, og bezt þykir haga í hverri sveit. Því að eins skal gjöra fleiri fjallskil, að brýn nauðsyn krefji, svo sem að fje vanti af afrjettum venju frammar, fjallskil hafi mistekizt sökum óveðurs og annað þesskonar. Nú eru gangnamenn komnir á stað í göngur og kemur óveður upp á, svo að göngurnar verða að litlu eða engu gagni, og skal svo álíta, sem engar göngur hafi gjörðar verið í það skipti.

16. gr.

Hver afrjettarbóndi skal skyldur til að gefa oddvita sinnar hreppsnefndar, í síðasta lagi fyrir miðsumar ár hvert, skýrslu um, hverjir noti afrjett hans það sumar, en hver, sem rekur á almenning, eða á fleiri en einn afrjett, eður á frían upprekstur, tilkynni oddvita sinnar hreppsnefndar, hverja afrjetti hann notar ár hvert og fyrir hversu margt geldfje.

17. gr.

Hver hreppsnefnd skal gjöra áætlun um, hvað marga menn þarf til fjallskila á þá afrjetti, er hún á yfir að segja. En að teknu vorframtali búanda ár hvert, skal hún semja skrá yfir alla þá menn í hreppnum, sem fjallskil eiga að gjöra það ár, og hvað hverjum ber til að leggja (sbr. 12. gr). Nú eiga nokkrir búendur að gjöra fjallskil í öðrum hrepp, en þeim, sem þeir eru búsettir í, og skal þá hreppsnefndin tafarlaust senda þeirri hreppsnefnd, sem hlut á að máli, skýrslu um þessa menn og um tölu þess fjár, er þeir eiga á afrjetti, eptir því sem næst verður komizt.

74

3. júní

18. gr. Hver hreppsnefnd skal árlega útnefna einn gangnaforingja fyrir hvern afrjett, sem hún á yfir að segja, eður fleiri, eptir því sem afrjettir eru víðlendir. Enginn getur skorast undan að vera gangnaforingi 3 ár í senn, nema hann sanni, að hann sje ófær til þess sökum heilsuleysis.

19. gr.

Gangnaforingjar skulu jafnan vera sjálfir í göngunum, nema lögmat forföll banni, og setur hann þá fullkominn mann í sinn stað að skipa fyrir, hvernig þeim skal haga eptir samkomulagi við fjallskilastjóra. Þeir skipa fyrir um, hvað hver gangnamaður skal ganga hvern dag, sem göngurnar standa yfir. Er hver gangnamaður skyldur til að sýna þeim fullkomna hlýðni, en ef út af því ber, skal kæra það fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd.

20. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um, að fjallsöfnin sjeu rekin með reglu til rjetta og komi þangað í tækan tíma. Þegar á rjett er komið, skulu þeir kveðja svo marga menn, sem með þarf, til að gæta safnsins, þar til fjallskilastjóri er á rjett kominn, eður sá, sem hann hefur þar til sett, og hefirtekið við því. Öll óhlýðni gegn skipunum gangnaforingja varðar sektum eptir málavöxtum.

21. gr.

Hver hreppsnefnd velur 1 mann úr sínum flokki til að hafa yfirstjórn og umsjón allra fjallskilamálefna í hreppnum, og nefnist hann fjallskilastjóri. Hann skal vera sjálfur við aðalrjett í hvert sinn, sem þar er rjettað, en umsjón aukarjetta skal hann fela gangnaforingja eða ábúanda þeirrar jarðar, sem rjettin tilheyrir.

22. gr.

Fjallskilastjóri skal vera kominn til rjettar svo snemma, sem þörf gjörist, hinn fyrsta rjettardag. Skipar hann fyrir um, hvernig fjáðrætti skal haga í rjettinni og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega allt slark og óreglu, sem miðar til að hindra starfa manna í rjettinni.

23. gr.

Til að reka ódregið fje til aðalrjettar frá aukarjettum skal fjallskilastjóri hafa vald til að taka svo marga menn, sem þurfa þykir, sömuleiðis skulu hreppsnefndirnar annast um að hæfilega margir markglöggir menn komi úr hverjum hrepp árdegis þann dag til aðalrjettar, þar skulu þeir í öllu vera háðir stjórn fjallskilastjóra. Enginn má reka burt úr rjett fyr en úrtýningur er uppdreginn, nema fjallskilastjóri leyfi. Úrtýning þann, er eptir kann að verða, þegar upp er dregið, hirðir hann, samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í þessari reglugjörð. Öll óhlýðni og þrjúzka við fjallskilastjóra varðar sektum eptir málavöxtum.

24. gr.

Fjallskilastjóri kveður menn til fjallskila nægum tíma áður en fjallskil byrja. Skal þar tekið fram hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust, hverjir eru gangnaforingjar á hverjum afrjetti o. s. frv.

25. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimalönd sín og búfjárhaga jafnframt hverjum fjallskilum, þó skal hreppsnefndin veita honum nægan styrk til þess af gangnamönnum, ef víðlendi er mikið. Fjáröfn þau, sem saman koma við hreinsun þessa, skal reka til rjetta þeirra, sem þau heyra undir.

26. gr.

Hreppsnefndirnar skulu hver í sínum hreppi gjöra ákvörðun um hreinsun heimalanda og búfjárhaga. Skal það vera aðalregla, að þeir búendur, sem lönd eiga saman, hreinsi lönd sín í sameiningu, á svo stóru svæði, sem hreppsnefndin ákveður, og skal haga hreinsuninni þannig, sem hún skipar fyrir. Nú liggja heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, skulu þá hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, koma sjer saman um, hvernig hreinsuninni skal haga á því svæði, hvar lönd hreppa liggja saman. Greini þær á um hreinsunina, skal fylgja því sem flest atkvæði eru fyrir.

27. gr.

Nokkru á undan fyrstu fjallskilum haust hvert skal fjallskilastjóri kveðja svo marga menn, sem með þarf til, að fara á þær aðalrjettir, sem næstar eru, til að hirða þær fje hreppsþúa. Skulu þessir sendimenn taka fjeð og reka tafarlaust rjetta leið til þeirrar sveitar, sem það á að ganga. Sju rjettir enn eigi afgangnar, þá er með fjeð er komið í sveitina, skulu sendimenn fylgja því alla leið til rjettar, og afhenda það fjallskilastjóra, annars kostar gengur það sem aðrir fjárrekstrar. Svo skal álíta sem hver sendimaður hafi farið í einar eða tvennar göngur eptir því sem fjallskilastjóri til tekur.

28. gr.

Hver maður er skyldur að hirða það fje, sem finnst í heimalöndum og búfjárhögum, eptir að þriðju hausthreinsun er lokið, og reka til næsta bæjar, þá leið, sem það á að ganga. Nú kemur fjárrekstur til manns bæ frá bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust þá leið, sem hann á að ganga, nema kveld sje komið eða óveður, svo eigi þyki fært að reka fjeð bæja á milli. Skal þá beita fjenu eða gefa hey ella, unz fært er að reka það. Hver sem sleppir fjárrekstri, eptir að fjallskilum er lokið, verður sekur eptir málvöxtum.

29. gr.

Þá er fjallskilum er lokið skal hverjum fjallskilastjóra skylt að láta gjöra eptirleit á afrjetti hreppsins; en eptir að fjallskilastjóri hefur látið gjöra eptirleit skal hverjum heimilt að gjöra enn eptirleit á hvern þann afrjett eður fjöll við heimalönd, sem hann vill, samt skal hann skýra fjallskilastjóra frá fyrirætlun sinni, og skal forsómun í því efni varða sektum eptir málvöxtum.

30. gr.

Nú finnur hann fje í eptirleit, og sje það eigi áður heimt, skal hann fá 3 óvilhalla menn til að meta það fje undir eið. Svo skal meta það fje sem á blóðvelli sje. Hafa þá eigendur fjárens rjett til að innleysa það, móti því að þeir greiði finnanda í fundarlaun þriðjung virðingarverðs fyrir lömb, fjórðapart verðs fyrir veturgamalt fje og dilkær, og sjöttung verðs fyrir sauði eldri en veturgamla. Kost á eigandi fjárens að slátra því og láta meta á blóðvelli pyki honum virðing óf há. Fyrir óheimt fje, sem finnst í heimalöndum eða búfjárhögum skal engin fundarlaun greiða.

31. gr.

Hver maður skal einkenna fje sitt og hross með glöggu marki á eyrum, en ef sauðfje er soramarkað þá brennimerkja á hornum; einnig skal almennt brennimerkja sauðfje með hrepps Brennimerki.

32. gr.

Öll mörk sýslunnar skal rita í eina skrá, og skal prenta hana og útbyta í sýslunni svo víða sem sýslunefndin álitur nægilegt. Nú vill einhver taka upp nýtt fjár-

74 mark, eða breyta sínu eldra marki, eða flytur inn í sýsluna, skal hann auglýsa mark sitt hreppsnefndunum í tæka tíð. Þeir, sem vanrækja að láta prenta mark sitt í markaskrá sýslunnar í hvert skipti, mega búast við að með fje þeirra sje farið sem með óskilafje.

33. gr.

Ef fje kemur fyrir í fjárrjettum eða heimalöndum, sem ekki finnast eigandi að, þá gengur það til fjallskilastjóra og hirðir hann það, sem sitt eigið fje til hreppaskila, hvar það verður selt við uppboð, þó með því skilyrði, að ef eigandi fjárins spyrst upp er honum heimilt að fá eign sína innan októberloka s. á., ef hann borgar fyrirhöfn og hirðingu. Því fje, sem þannig er selt, skal fjallskilastjóri lýsa í næsta prentaðu blaði með mörkum, lit, aldri og einkennum.

Hafi enginn leitt sig eiganda að fjenu að missiri liðnu frá því auglýsingin um það kom út í blaðinu falla $\frac{2}{3}$ verðs í hlutaðeigandi sveitarsjóð að frádregnum öllum kostnaði. Með afeyrðar kyndur eða ormjetnar, eða sje mark svo skemmt, að því verði ekki lýst, skal fara sem annað eigandalaust fje. Um ómerkinga fer svo sem í lögum er fyrir mælt, eða venja er fyrir á hverjum stað.

34. gr.

Nú ætlar einhver, að hann muni eiga kind, sem er ómörkuð eða afeyrð eða ormjetin, og fer hann þá til þess fjallskilastjóra, sem hlut á að máli og lýsir fyrir honum þeim einkennum, sem hann hyggur vera á kindinni. Þyki fjallskilastjóra líkur til, eptir lýsingunni, að hann muni eiga kindina, skal honum gjörður kostur á, að helga sjer hana með eiði. Gangi hann frá eiði missir hann kindarinnar.

35. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal gjöra ráðstöfun fyrir því, að stóðhrossum og trippum sje smalað af afrjettum og heimalöndum áður en fjallskilum er lokið, og draga sundur í rjettum.

36. gr.

Öll óskilahross og trippi, sem eptir verða við rjettun hrossanna, og koma fyrir af fjallöndum eða í byggðum að vetrinum eptir rjettir, skulu meðhöndlast að öllu leyti sem fyrir er mælt um óskilafje í reglugjörð þessari, nema hrossin skulu seljast með 3 vikna auglýsingarfresti fyrir söludag. Nú þarf að hafa hrossin í vöktun, og má þá vöktunarkaup hvers hross fyrir sig ekki yfirstíga 10 aura um sólarhring hvern, nema hafa þurfi það í húsi og á heyi.

37. gr.

Hver sá, sem á graðneyti eldra enn árs gamalt, skal skyldur til að hafa það á afrjetti, frá fráfarum til fyrstu fjallskila ár hvert, nema hreppsnefnd og nábúar leyfi, að öðruvísi sje. Brjóti nokkur móti þessu varðar það sektum eptir málavöxtum.

38. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sjerskilda fjallskilabók, staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Í hana skal rita, auk þess, sem áður er talið, fjallskilaskrár þær, sem nefndar eru í 17. gr. og allar þær ákvarðanir sem hreppsnefndin gjörir um fjallskilamálefni. Oddviti sýslunefndarinnar getur heimtað endurrit af fjallskilabókinni, hvenær sem með þarf.

II. Kaffi

Um melrakkaveiðar.

39. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi er skyld til að eyða melrökkum í afrjettum og heimalöndum sveitarinnar á allan hátt, svo sem með því, að láta vandlega leita grenja á hverju vori, og fá skotmenn til að vinna melrakka þá, er þar hafast við, og hvolpa þeirra, og með því að láta bera út eitrad agn fyrir melrakka á hverju ári, svo mikið og á svo mörgum stöðum, sem með þarf. Alla aðalframkvæmd og umsjá þessa starfa hefur einn maður á hendi í hverri hreppsnefnd, og nefnist hann melrakkaveiðastjóri.

40. gr.

Hreppsnefndin skal skipta allri landeign hreppsins, bæði heimalöndum og afrjettum, í hæfilega margar og stórar melrakkaleitir, og ritar melrakkaveiðastjóri skrá yfir þær með tölu og ummerkjum í melrakkabókina. Þar skal telja upp öll þau greni, sem menn þekkja að sjeu í landeign hreppsins, og í hverri melrakkaleit sjerflagi, með stuttri lýsing á hverju greni og afstöðu þess. Finnist síðar ný greni, skal þess nákvæmlega getið í melrakkabókinni. Áætlun skal nefndin gjöra um það, hve marga menn þarf í leit hverja og skal rita hana í melrakkabókina.

41. gr.

Hreppsnefndin útnefnir svo margar melrakkaskyttur fyrir hreppinn, sem hún álitur að með þurfi, og skal rita nöfn þeirra og heimilj í melrakkabókina. Skyldur er hver innanhreppsmaður, sem hreppsnefndin útnefnir fyrir melrakkaskyttu, að hafa þann starfa á hendi í 3 ár í senn. Skal melrakkastjóri aðvara hvern þeirra í tækan tíma að vera viðbúinn að fara á gren í þann tíma, sem von er til, að melrakkar haldi sig þar. Líta skal og melrakkastjóri eptir því, að þessir menn hafi byssur og skotfæri í góðu lagi. Einnig skal sjá um, að ungir menn, sem kunna að fara með byssu, sjeu einkum til þess fengnir, að liggja við greni með melrakkaskyttum til að læra af þeim. Nú er eigi hæfilega menn að fá innanhrepps fyrir melrakkaskyttur, og er þá hreppsnefndinni heimilt að ráða utanhreppsmenn til þeirra starfa, ef kostur er á.

42. gr.

Á hverju vori skal hreppsnefndin nefna til einn leitarforingja fyrir hverja melrakkaleit og skipa fyrir um, hvað marga menn hver búandi í hreppnum skal leggja til að leita grenja á því vori, og í hverri leit. Þessa skipun færir melrakkastjóri þegar inn í melrakkabókina og ritar hverjum leitarforingja samstundis, það sem honum er þörf á að vita í þessu tilliti.

43. gr.

Þegar hreppsnefndin ákveður um grenjaleitir og hvað hver ábúandi í hreppnum á að leggja til þeirra, skal farið eptir fjenaðartölu hvers búanda, eptir því sem næst verður komizt, eða eptir hinu síðasta framtali þeirra til búnaðarskýrslnanna að lömbum viðbættum. Nú hafa einstakir menn, eða einstakir hreppar upprekstur í öðrum hrepp en þeir eru búsettir í, og eru þeir þá skyldir til að gjöra grenjaleit á þann afrjett, sem þeir reka í, og eptir þeim reglum, sem þar er fylgt. Tillög þeirra til grenjaleitanna skulu gjörð eptir skýrslum þeim, sem nefndar eru í 17. gr.

44. gr.

Tvær reglulegar grenjaleitir skal gjöra á hverju vori, hina fyrri um fardaga leiti

74 og hina síðari um fráfætur. Ákveður melrakkastjóri leitardagana nákvæmar í hvert skipti með samkomulagi við leitarföngja. Skal jafnan leita sama dag í öllum melrakkaleitum hreppsins, þegar því verður viðkomið, og eins skulu melrakkastjórar þeirra hreppa, er saman liggja, reyna að koma sjer saman um að taka sömu daga til leitanna, hver í sínum hreppi. Þyki melrakkastjóra nauðsyn til bera, skal hann ákveðan aukaleit á þeim tíma og á því svæði, er hann álitur þurfa.

45. gr.

Hver leitarföngi skal aðvara alla þá búendur í tækan tíma, sem leggja eiga til leitarmenn með honum, og ákveður hann stund og stað, þar sem leitarmenn skulu koma saman. Skyldir eru allir sveitarmenn að bera boð um þetta efni sem þingboð. Mæti einhver leitarmanna ekki á ákveðnum stað og stundu, eða ef einhver sá, er mætir, er eigi hæfur til að vera í leitinni, — en hæfa leitarmenn ber að álíta þá, sem hæfir eru til fjallskila (sbr. 13. gr.), og svo eru útbúnir sem með þarf — eða ef hundar eru hafðir í grenjaleitum varðar það sektum.

46. gr.

Hver leitarföngi skal vera sjálfur í grenjaleit með leitarmönnum sínum. Skal leita vandlega í öllum fornum grenjum í hverri melrakkaleit, og athuga jafnframt sem nákvæmast hvort þar sje ekki ný greni. Leitarföngi skal skipa fyrir um það, hvar og hvernig hver leitarmaður skuli ganga og sjá um, að þeir fylgi allir þeim reglum, sem hann setur. Þegar því verður viðkomið skal melrakkaskytta vera í leitinni með skotfæri sín, til þess að leggjast þegar í stað við greni, ef það finnst með melrökkum í. Leitarföngi skipar fyrir um það, hver leitarmanna liggja skal við greni með skotmanni; en sje hann eigi í leitinni sendir leitarföngi, ef þörf gjörist, einn af leitarmönnum tafarlaust til hans, en setur annan til að gæta grensins á meðan. Sjá skal leitarföngi um, að þeir, sem við greni liggja, sjeu svo útbúnir, að þeir geti legið þar í hverju veðri sem er, svo lengi sem með þarf.

47. gr.

Skotmaður og aðstoðarmaður hans skulu með allri kostgæfni leitast við að drepa melrakka þá, er halda við grenið og beita til þess öllum þeim brögðum, sem þeir eiga kost á. Eigi mega þeir yfirgefa greni, fyrr en þeir annaðhvort hafa unnið það að fullu eða að öðrum kosti legið við það 3 sólarhringa fulla, og gjört allt það í þeirra valdi stóð til að vinna það. Hvolpunum skulu þeir leitast við að ná út úr greninu án þess að umróta því, en náist þeir eigi, skulu þeir þó reyna að drepa þá með eitri, eða með því að bræla þá inni í greninu ef því verður viðkomið.

48. gr.

Jafnskjótt og skotmaður er heim kominn af greni skal hann skýra melrakkastjóra brjeflega eða munnlega frá, hvað lengi hann hefur við grenið legið, hverja aðferð hann hefur þar viðhaft og hvað honum hefur orðið ágengt. Með skýrslu sinni skal hann láta fylgja skott eða hauskúpu melrakka þeirra, er hann hefur unnið að því sinni, til sannindamerkis. Vanræki skotmaður að gefa skýrslu þessa í tækan tíma, hefur hann fyrirgjört því endurgjaldi, er honum annars ber fyrir veru sína á greninu.

49. gr.

Skotmaður skal fá að launum fyrir hver 2 dægur, sem hann er frá heimili sínu, til að vinna greni, 5 álnir eptir meðalverði verðlagsskrár ár hvert og aðstoðarmaður hans 4 álnir, en sjálfir skulu þeir sjá sjer fyrir skotfærum, fæði og hverju öðru, er

þeir meðþurfa, til þess að liggja forsvaranlega við greni. Ef þeir eru leitarmenn og leggjast við greni, fá þeir engin laun fyrir þann tíma, sem á leitinni stendur. Auk daglauna fær skotmaður 3 krónur fyrir hvern fullorðinn melrakka, er hann vinnur við greni og 25 auru fyrir hvern hvölp.

74
3. júní

50. gr.

Jafnskjótt og hverri grenjaleit er lokið, og búið er að gera tilraun til að vinna greni þau, er fundizt hafa, skal leitarföngi senda melrakkaveiðastjóra skrifaða skýrslu um það, er gjörzt hefur í leit hans. Skal hann þar til greina hvern dag leitað var, hverjir í leitinni voru, hvort nokkurn leitarmanna vantaði, eða hvort nokkur þeirra var álitinn óhæfur, hvernig leitin fór fram, hvort nokkurt greni fannst með melrökkum í, hvort það var unnið að nokkru eða öllu leyti og af hverjum, og hvað lengi legið var við það. Sendir leitarföngi með skýrslu sinni skott eða hauskúpu melrakka þeirra, er unnið hafa í leit hans, og skal safna þeim saman, telja þau og síðan eyða á haustfundi hreppsnefndarinnar.

51. gr.

Finni einhver greni með melrökkum í, áður en grenjaleit er gjörð, eða milli leita, eða eftir að grenjaleit er lokið, skal hann tafarlaust gjöra leitarföngja eða melrakkaveiðastjóra varan við. Skal þá jafnframt fá skotmann og aðstoðarmann með honum, til að vinna það greni, og fer um það eins og áður segir um greni, sem finnst í leit. Þeim er þannig finnur greni utan grenjaleitar, má veita hæfilega þóknun, þyki hreppsnefndinni ástæða til þess.

52. gr.

Nú finnur einhver greni á þann hátt, sem um er rætt í næstu grein á undan, og lætur ekki leitarföngja nje melrakkaveiðastjóra vita, eða leggst sjálfur á grenið heimildarlaust, og annaðhvort vinnur ekkert eða spillir greninu á einhvern hátt — þá verður hann sekur eftir málavöxtum.

53. gr.

Nú leggst bitvargur á fje manna, annaðhvort í afrjettum eða heimalöndum á hverjum tíma árs sem er, og skal þá melrakkaveiðastjóri fá skotmann til að eyða þeim bitvargi fyrir sanngjarnt kaup, ef þess má auðið verða. Hreppsnefndin skal á fundi ákveða hver verðlaun skal veita þeim, er þannig eyðir bitvargi. Á sama hátt skal hún og ákveða verðlaun fyrir veiði annara melrakka, sem drepnir eru í hreppnum annarstaðar en við greni, og á þeim tíma árs, þegar melrakkinn er einkis virði.

54. gr.

Auk þess skal melrakkaveiðastjóri stuðla til þess, að reyndar sjeu á vetrum melrakka-veiðar með dýrabogum, refagildrum eða með því að halda uppá skotkofa, hvar legið sje í til að skjóta melrakka við útburð; einnig með því, að ala upp og venja hunda á að taka melrakka allt eftir því, sem hverjum tíma heyrir, og bezt hagar á hverjum stað. Það sem gjört er í hreppnum á þenna hátt, skal rita árlega í melrakkabókina og hvern árangur það hefur.

55. gr.

Hverjum, sem sýnir afbragðsdugnað í melrakkaveiðum, eða kennir öðrum góða aðferð við þær, má hreppsnefndin veita verðlaun eftir atvikum, og skal hún ennfremur, ef henni þykir sem slíkur maður eigi sjer fáa eða enga jafningja innan sýslu við melrakkaveiðar, skýra sýslunefndinni sjerstaklega frá framkvæmdum hans, svo sýslunefndin

74 geti gjört að álitum, hvort hún vill sýna slíkum manni sjerlega viðurkenningu
3. júní sína.

56. gr.

Melrakkaveiðastjóri hvers hrepps skal á hverju ári gangast fyrir því, að eitrad agn sje borið út fyrir melrakka, svo mikið og á svo mörgum stöðum, sem álízt að þurfa muni til að eyða melrökkum í hverju byggðarlagi. Skal fela þeim mönnum á hendur að búa agnið undir og bera það út, sem því verki eru vanastir og bezt er trúandi fyrir því. Til agns fyrir melrakka skal einkum hafa heila kindarskrokka með höfði og hári, einnig höfuð af kindum og feita hrossskrokka, og skal þá láta blóðið innan í skrokkinum með nægu eitri í. Allskonar fugla í heilu líki skal hafa fyrir agn, og sje eitrið látið innan í skrokkinum, og hann saumaður saman, svo heill sýnist. Gott er að strá fuglaeggjum á víðavang, sem eitur er látið í, og eins að bera þau inn í greni fyrir hvolpa. Í viðlögum má og bera út belgi fyllta með eitruð innyfli úr hrossum eða öðrum dýrum, og sje ullin látin vera kyrr á belgnum. Eitrið skal jafnaðarlega vera smátt saxaðar refakökur, og er gott að blanda þar við öðru sterkara eitri, sem fæst í lyfjabúðum. Geta skal þess í melrakkabókinni, hvað unnið er á ári hverju að eitrun fyrir melrakka og hvern árangur það hefur.

57. gr.

Þar sem heimalönd eða afrjettir tveggja eða fleiri hreppa liggja saman, skulu melrakkaveiðastjórar þessara hreppa eiga fund með sjer, að minnstakosti einu sinni á ári, til að ræða um og koma sjer niður á hve mikinn útburð fyrir melrakka skal viðhafa það ár, hvernig útburðinum skal haga, og hvað víða niðursetja, og sömuleiðis um hverjar aðrar veiðibrellur, sem hugsanlegar þykja, eða fundið kann að verða uppá, til að eyða melrökkum. Sýni melrakkaveiðastjóri, eða einhver annar sem trúad er fyrir melrakkaveiðinni óhlýðni eða hirðuleysi í þeirri grein, varðar það sektum eptir málavöxtum.

58. gr.

Á hverju hausti skal hreppsnefndin semja reikning yfir allan þann kostnað, sem er áfallinn það ár fyrir grenjavinningar og aðrar melrakkaveiðar í hreppnum, einnig til verðlauna fyrir þær og það sem gengið hefur í kostnað við eitrun og útburð. Skal rita reikning þenna í melrakkabókina eins og allt annað, sem hreppsnefndin og melrakkaveiðastjóri gjöra og ráðstafa í þessu máli. Allan kostnað sem leiðir af melrakkaveiðinni skal greiða úr sveitarsjóði hvers hrepps.

59. gr.

Þar sem ekki eru til löggiltar melrakkabækur, skal hreppsnefndin tafarlaust útvega melrakkabók og fá hana staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Er hver hreppsnefnd skyld til, að gefa honum endurrit af melrakkabókinni, þegar hann krefst þess.

III. Kafi.

Álmenn ákvörðun.

60. gr.

Fyrir öll brot gegn reglugjörð þessari koma sektir frá 1—200 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið; þó skal uppljóstrarmaður, ef nokkur er, eða uppljóstrarmenn, hljóta allt að því helming sektarfjárins.

Með afbrot gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Amtráð norður- og austuramtsins. Akureyri, 3. júní 1891.

J. Havsteen. Einar Ásmundsson. Ólafur Briem.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu, um **75**
endurgreiðslu á veittum sveitarstyrk. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 23. apríl þ. á. 9. júní
hafið þjer, herra amtmaður, beiðzt úrskurðar míns um ágreining milli yðar og amt-
mannsins í norður- og austuramtinu um endurgreiðslu á sveitarstyrk, er stúlkunni Jó-
hönnu Jónasdóttur hefur verið lagður í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu síðan vorið
1886. Um sveitfesti tjeðrar Jóhönnu hefur verið ágreiningur, en samkvæmt niðurlagi
nefnds brjefs yðar eru nú báðir amtmennirnir ásáttir um það, að hún sje sveitlæg í
fæðingarhreppi sínum, Breiðuvíkurbhreppi í Snæfellsnessýslu, þareð hún, eins og þjer
takið fram, hvergi með dvöl sinni samfleytt í 10 ár eptir 16 ára aldur hefur unnið sjer
sveit. Ágreiningurinn er þannig eingöngu um það, að hve miklu leyti Breiðuvíkurb-
hreppi beri að endurgjalda styrk þann, sem Jóhönnu og óskilgetnum börnum hennar
hefur verið veittur í Þorkelshólshreppi.

Hreppsnefndin í Þorkelshólshreppi hefur gjört kröfu til endurgjalds á styrk, er
Jóhönnu var veittur fardagaárið 1886—1887 og árin þar á eptir handa börnum hennar,
og hefur amtmaðurinn í norður- og austuramtinu haldið þessari kröfu fram, en þjer
hafið mótmælt því, að Breiðuvíkurbhreppi sje gjört að borga nokkuð af þeim kostnaði,
er áfallinn er í meðgjöf með börnum Jóhönnu frá krossmessu 1886, unz endilegur úr-
skurður fellur í þessu máli, en sveitarstyrk þann, sem kann að verða lagður henni
eptir þann tíma, teljið þjer Breiðuvíkurbhrepp eiga að borga eptir rjettum reikningi.

Eptir skjölum málsins verður það að vísu ekki álitid, að styrkur sá, sem lagður
var fram af sveitarsjóði Þorkelshólshrepps fardagaárið 1886—1887 hafi í sjálfu sjer verið
ólöglega veittur eður án þess full þörf hafi verið fyrir hendi, en aptur á móti verður
það ekki rjettlætt, að framfærslusveit Jóhönnu, Breiðuvíkurbhreppi, hefur ekki verið gjörð
nein vísbending um hinn veitta styrk eða nein krafa gjörð um endurgjald fyrr en
haustið 1887; þá fyrst, 17. október, ritaði sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu sýslumannin-
um í Snæfellsnessýslu um málið, og er þessi dráttur því ástæðulausari, sem rjettarþróf
hafði verið haldið 31. maí 1886, um verustaði Jóhönnu, og var þá þegar komið fram,
hvert hreppsnefndin átti að snúa sjer. Með því að hreppsnefndinni í Breiðuvíkurbhreppi
þannig ekki hefur verið gjört löglega aðvart um ómaga þá, sem sveit hennar átti í Þorkelshólshreppi fyrr en 17. okt. 1887, þá verður hreppnum ekki gjört að skyldu að endur-
gjalda þann styrk, sem lagður hafði verið fram til nefndra ómaga fyrir þann tíma, en
á hinn bóginn finnst engin ástæða til að Þorkelshólshreppur standi straum af ómögum
Breiðuvíkurbhrepps eptir þann tíma, eða meðan mál þetta hefur dvalizt og gengið frá
einu úrskurðarvaldi til annars, og ber því að skylda Breiðuvíkurbhrepp til að greiða Þor-
kelshólshreppi eptir úrskurðuðum reikningi, allan þann styrk sem tjeður hreppur hefur lagt
Jóhönnu og börnum hennar síðan 17. október 1887 til þessa tíma.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar
og frekari birtingar og til þess að þér annist um, að hin úrskurðaða greiðsla fari fram;
jafnframt skal þess getið, að jeg hefi tilkynnt amtmanninum í norður og austuramtinu
brjef þetta.

Brjef landshöfðingja til biskups um niðurlagning tveggja kirkna og bygg- **76**
ing nýrrar kirkju á Sauðárkróki. — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup, í þókn- 20. júní
anlegu brjefi, dags. 10. þ. m. og eptir að löglegt samþykki hjeradsfundar er þar til

76 fengið, vil jeg hjer með eptir ósk hlutadeigandi safnaða, samkvæmt 4. gr. í lögum nr. 20. júní 3, 27. febr. 1880, sbr. ráðgjafabrjef 5. maí 1887, veita leyfi til:

- 1, að kirkjan að Fagranesi í Skagafjarðarprófastsdæmi verði lögð niður.
- 2, að kirkjan að Sjáfarborg í sama prófastsdæmi verði einnig lögð niður, þannig að kirkjueigandi haldi sem sinni eign kirkjuhúsinu og sjóði kirkjunnar, eins og hann hefur verið í nýliðnum fardögum, en prestsmatan, 60 pd. smjörs, hvíli að sjálf-sögðu á jörðinni Sjáfarborg eins og hingað til;
- 3, að byggð verði í stað hinna þannig niðurlögðu kirkna ein nægilega stór og sæmi-leg kirkja á verzlunarstaðnum Sauðárkróki fyrir núverandi Fagraness og Sjáfarborgarsóknir; skulu þeirri kirkju lögð áhöld (ornamenta og instrumenta) hinna niðurlögðu kirkna, svo og tekjur Sjáfarborgarkirkju frá fardögum 1891 og sjóður og hús Fagranesskirkju, og verði hin nýja Sauðárkrókskirkja í umsjón og ábyrgð safnaðarins, er leggur fram hið nauðsynlega fje til byggingarinnar.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Auglýsing

77 11. júní um breyting á yfirsetukvænnaumdæmum í Þingeyjarsýslu, (sbr. stjttíð. 1889 B, bls. 149-151).

Samkvæmt ályktun amtsráðsins í norður- og austuramtinu 4. p. m., nær hjer eptir 8. yfirsetukvænnaumdæmi Þingeyjarsýslu yfir Þóroddstaðasókn í Kinn og Nessókn að undanteknum Skógum í Reykjahverfi, sem fylgja 7. umdæminu (Húsavíkurhrepp) og 9. umdæmið yfir Helgastaðaprestakall og Grenjaðarstaðasókn, að undanteknum bæjunum Brekknækti, Reykjum, Holtakoti, Þverá og Heiðarbót, sem fylgja 7. umdæminu.

Íslands norður- og austuramt. Akureyri 11. júní 1891.

J. Havsteen.

78

Ágrip

af reikningi landsbankans 1. apríl—30. júní 1891.

	Tekjur:	Kr.	a.
1. Í sjóði 1. apríl		156,665	33
2. Borguð lán:			
a. Fasteignarveðslán	kr. 6,296.99		
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	-- 7,542.37		
c. Handveðslán	— 1,080. >		
d. Lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfjelaga	— 26.35	14,945	71
3. Fasteign lögð bankanum út fyrir láni að upphæð.		2,600	>
4. Víxlar innleystir		25,030	>
5. Ávísanir innleystar		554	32
6. Vextir		8,076	19
7. Diskonto		753	07
8. Fasteign tilheyrandi bankanum seld		2,600	>
9. Ýmislegar tekjur		449	58
		Flyt:	211,674 20

	Flutt:	211,674 20	78
10. Frá Landmannsbankanum		1,000 30	
11. Innlög á hlaupareikning		60,400 »	
12. Sparisjóðsinnlög		69,926 04	
	Tekjur alls:	342,900 54	

Gjöld:

1. Lánað gegn:			
a. Fasteignarveði	kr. 21,300		
b. Sjálfsskuldarábyrgð	— 25,302		
c. Handveði	— 3,380		
d. Ábyrgð sveita og bæjarfjelaga	— 1,225	51,207 »	
2. Víxlar keyptir		65,200 »	
3. Ávísanir keyptar		1,726 65	
4. Keypt kgl. ríkisskuldabryjef		400 »	
5. Útborgað af innlögum á hlaupareikning		54,106 21	
6. Útborgað af sparisjóðs innlögum	kr. 96,576.72		
dagvextir þar af	— 117.14	96,693 86	
7. Til Landmannsbankans		1,226 03	
8. Kostnaður við bankahaldið (laun o. fl.)		1,508 50	
9. Ýmisleg útgjöld		79 87	
10. Til jafnaðar mót tekjulíð 3		2,600 »	
11. Í sjóði 30. júní		68,152 42	
	Gjöld alls:	342,900 54	

Athugasemdir:

Bankinn átti 30. júní f. á.

1. Skuldabryjef fyrir lánnum:			
a. Fasteignarveðskuldabryjef	kr. 594,135.88		
b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabryjef	— 85,737.47		
c. Handveðskuldabryjef	— 33,722. »		
d. Skuldabryjef gegn ábyrgð sveita og bæjarfjelaga o. fl. —	16,378.27	729,973 62	
2. Önnur skuldabryjef:			
a. konungleg ríkisskuldabryjef	kr. 253,600 »		
b. skuldabryjef Reykjavíkurkaupstaðar	— 1,500 »	255,100 »	
3. Víxla		68,410 »	
4. Ávísanir		1,726 65	
5. Fasteignir lagðar bankanum út fyrir lánnum að upphæð		300 »	
6. Hjá Landmannsbankanum		4.858 44	
7. Í sjóði		68,152 42	
	Samtals:	1,128,521 13	

Hinn 30. júní var seðlaskuld bankans við landssjóð	430,000 »
Innlög á hlaupareikning	6,330 14
Sparisjóðsinnlög s. d.	559,782 78
Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur var 31. des. f. á.	22,871 15

Flyt: 1,018,984 07

78

	Flutt: 1,018,984 07
Varasjóður bankans s. d.	83,379 43
Ýmsar tekjur, sem enn er eigi lagðar við varasjóð	26,157 63
	Samtals: 1,128,521 13

Stjórn landsbankans, Reykjavík 15. júlí 1891.

L. E. Sveinbjörnson. Eiríkur Briem. B. Kristjánsson.

Ágrip

af reikningum nokkurra sjóða, sem eru undir umsjón biskupsins yfir Íslandi,
fyrir árið 1890.

79

I. Prestaekknasjóðurinn.

	Tekjur:	Kr. a.
1. Sjóður við árslok 1889		18148 15
2. Árstíllög og gjafir:		
a, prófaste, presta o. fl.	kr. 235,00	
b, biskups P. Pjeturssonar	— 20,00	
c, undirskrifaðs	— 20,00	275 00
3. Vextir á árinu:		
a, af skuldabr. einstakra manna	— 623,86	
b, af innritunarskírteini	— 56,00	
c, af innstæðu í sparissjóði bankans	— 15,81	695 67
4. Sekt frá einum presti		4 00
		19122 82
	Gjöld:	
1. Úthlutað á synodus fátækum prestaekkjum		500 00
2. Keypt bók í söfnunarsjóði		1 00
3. Sjóður við árslok 1890:		
a, veðskuldabryf	kr. 4128,00	
b, innritunarskírteini	— 1600,00	
c, í sparissjóði landsbankans :	— 795,96	
d, í aðaldeild söfnunarsjóðssins	— 12000,00	
e, í peningum hjá undirskrifuðum	— 97,86	18621 82
		19122 82

80

II. Gjafasjóður

Guttorms prófaste Þorsteinssonar.

	Tekjur:	Kr. a
1. Sjóður við árslok 1889		2285 75
2. Vextir á árinu:		
a, af skuldabr. einstakra manna	kr. 40,86	
b, af ríkisskuldabryfum	— 21,00	
c, af innstæðu í sparissjóði	— 9,50	71 36
		2357 11

Gjöld:

80

1. Sjóður við árslok 1890:

a, veðskuldabrjef	kr. 1600,00	
b, ríkisskuldabrjef	— 600,00	
c, í sparisjóði landsbankans	— 105,38	
d, í peningum hjá undirskrifuðum	— 51,73	2357 11

III. Sjóður af árgjöldum brauða.

81

Sjóður þessi er með öllu óbreyttur; innstæða hans eru:

a, veðskuldabrjef	kr. 1860,00	
b, ríkisskuldabrjef	— 200,00	2060 00

Ársvöxtunum, 81 kr. 40 aur., var úthlutað á synodus uppgjafaprestum og prestaekkjum, eins og að undanförunu.

IV. Vallholtslegat.

82

Tekjur:

	Kr.	a.
1. Sjóður við árslok 1889		1640 05
2. Afgjald af Ytra-Vallholti:		
a, leigur, 60 pd. smjör á kr. 0,55	kr. 33,00	
b, landskuld í peningum	— 80,00	113 00
3. Vextir á árinu:		
a, af veðskuldabrjefum	— 52,00	
b, af ríkisskuldabrjefi	— 11,04	
c, af sparisjóðsinnstæðu	— 1,60	64 64
		1817 69

Gjöld:

1. Greidd skuld frá f. ári til undirskrifaðs		17 03
2. Þinglýsing landamerka Ytra-Vallholts		1 00
3. Úthlutað 7 fátækum ekkjum		112 00
4. Sjóður við árslok 1890:		
a, veðskuldabrjef	kr. 1300,00	
b, ríkisskuldabrjef	— 276,00	
c, í sparisjóði bankans	— 98,62	
d, í peningum hjá undirskrifuðum	— 13,04	1687 66
		1817 69

Skrifstofu biskupsins yfir Íslandi. Reykjavík 20. júní 1891.

Hallgrímur Sveinsson.

Á grip

af reikningum sjóða, sem standa undir stjórn amtsráðs suðuramtsins.

Reikningur

83

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramntinu árið 1890.

Tekjur:

I. Eptirstöðvar við árslok 1889	kr. 4031,83
	Flyt: kr. 4031,83

83

	Flutt:	kr. 4031,83
II. Vextir á árinu 1890	—	137,80
III. Skuld til næsta árs	—	1 „
	Tekjur alls:	kr. 4170,63

Gjöld:

I. Styrkur veittur Þjóðjarðalandsetum og ekkjum þeirra	kr. 140,00
II. Eptirstöðvar við árslok 1890:	
a) Innritunarskírteini Littr. A. Fol. 82	kr. 3300,00
b) Veðskuldabryjef	— 200,00
c) Í sparisjóði Reykjavíkur	— 530,63
	— 4030,63
	Gjöld alls: kr. 4170,63

84

Reikningur

yfir tekjur og gjöld eldgoss-sjóðs suðuramtsins árið 1890.

Tekjur:

I. Eptirstöðvar við árslok 1889	kr. 933,40
II. Vextir á árinu 1890:	— 37,15
III. Oflítið talin eign sjóðsins í sparisjóði f. á.	— 2,00
	Tekjur alls: — 972,55

Gjöld:

Eptirstöðvar við árslok 1890:

a) Í veðskuldabryjefum	kr. 850,00
b) Í sparisjóði Reykjavíkur	— 118,55
c) Útistandandi vextir	— 4,00
	kr. 972,55

Íslands Suðuramt, Reykjavík, 31. janúar 1891

E. Th. Jónassen.

EMBÆTTASKIPUN O. FL.

Hinn 17. júní var fyrv. settum málaflutningsmanni við landsyfrrjettinn, cand. juris. Guðlaugi Guðmunds syni, af hans hátign konunginum veitt sýslumannsembættið í Skaptafellssýslu.

1. júlí var assistent í hinni íslensku stjórnardeild, cand. jur. Klemens Jónsson settur af ráðgjafanum fyrir Ísland til þess að þjóna sýslumannsembættinu í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetaembættinu í Akureyrarkaupstað frá 1. septbr. næstkomandi að telja.

S. d. var cand. jur. Lárus K. J. H. Bjarnason settur af ráðgjafanum til að vera málferslumaður við yfirdóminn frá 1. ágúst næstkomandi.

3. júlí var cand. jur. Jón Magnússon skipaður af konungi til þess að vera sýslumaður í Vestmannaeyjasýslu.

1. júlí veitti landshöfðingi sjera Þorsteini Benediktssyni á Rafnseyri Bjarnarness prestakall í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi samkvæmt kosningu hlutaðeigandi safnaða.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Rafnseyri í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi (Rafnseyrar- og Álptamýrarsóknir). Metið 983 kr. 21 e. Á prestakallinu hvílir kirkjubýggingar- og húsbótalan, tekið 1885, að upphæð 1000 kr., sem afborgast með 100 kr. árlega af kirkju og prestakalli auk vaxta, alls á 10 árum. — Auglýst 7. júlí.

ALÞINGISMAÐUR

fyrir Rangárvallasýslu var hinn 15. júní þ. á. kosinn síra Ólafur Ólafsson í Guttormshaga, með 58 atkvæðum af 112, er greidd voru á kjörfund, fyrir þann hluta, sem eptir er af kjörtímanum.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um árgjaldsgreiðslu frá Grenjaðarstaðasprestakalli. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 13. maí þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt mjer frá, að eptir að Múlaprestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, sem samkvæmt lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 á að sameinast Grenjaðarstaðarprestakalli í sama prófastsdæmi, var laust orðið með því að hlutaðeigandi prestur hafði fengið lausn frá embætti, hafi svo verið um samið við prestinn að Grenjaðarstað, að hann tækist á hendur að þjóna Múlaprestakalli móti því að Þverársókn gengi undir Helgastaði, sbr. 1. gr. nr. 135 í nefndum lögum, og að 13 jörðum, er tilheyra hinu sameinaða prestakalli, verði skipt upp á milli annara prestakalla, sem eiga heimtingu á uppbót úr landssjóði. Ennfremur hafið þjer skýrt frá, að þjer frá stiptsyfirvöldunum hafið fengið skýrslu um eptirgjaldið eptir hverja einstaka af þessum 13 jörðum að meðaltali síðustu fimm ár, og til þess að framkvæma það ákvæði í 3. grein í lögum 27. febr. 1880, að gjaldið frá einu prestakalli til annars skuli sem mest greiða með fasteignum eða afgangi fasteigna, hafið þjer lagt það til, að upp í árgjaldsgreiðslu af hinu sameinaða prestakalli sju þær 11 jarðir, er nú skal telja, frá fardögum 1891 lagðar eptirfylgjandi prestaköllum:

85
1. júlí

I. Til Þóróddstaðaprestakalls, sem á að fá 200 króna uppbót, leggist

1. Syðri Leikskálaá, eptirgjald á ári	kr. 51.91 ² / ₅
2. Húsabakki, eptirgjald á ári	— 46.26 ¹ / ₅
3. Fagranes með hjáleigu, eptirgjald á ári	— 124.73 ⁷ / ₁₀
	<hr/>
	kr. 222,91 ³ / ₁₀

Þær 22 kr. 91 eyrir, sem um fram eru, leggist til:

II. Húsavíkurprestakalls, sem einnig á að fá 200 króna uppbót, kr. 22,91

og auk þess jarðirnar:

1. Rauf, eptirgjald á ári	— 75.04 ³ / ₁₀
2. Breiðavík — — —	— 38.01 ³ / ₅
	<hr/>
	kr. 135.96 ⁹ / ₁₀

en þær 64 kr. 3 aur., sem á vantar, greiðist af landssjóði eins og hingað til.

III. Til Skútustaðaprestakalls, sem sömuleiðis á að fá 200 kr. uppbót, leggist:

1. Vindbelgur, eptirgjald á ári	kr. 83.78 ⁷ / ₁₀
2. Máskot — — —	— 60.65 ¹ / ₂
3. Ljósstaðir — — —	— 62.77 ¹ / ₅
	<hr/>
	kr. 207.21 ⁴ / ₁₀

IV. Skinnastaðaprestakalli, sem á að fá 200 króna uppbót, leggist:

1. ² / ₃ úr Sjóarlandi, eptirgjald á ári	kr. 55.00 ¹ / ₂
2. Íngveldarstaðir með Íngjaldsstöðum, eptirgjald á ári	— 78.90
	<hr/>
	kr. 133.90 ¹ / ₂

en þær 66 kr. 10 aurar, sem á vantar uppbótina, greiðist af landssjóði.

V. Til Þönglabakkaprestakalls, sem fær í uppbót kr. 114,14, sbr. ráðgjafabrjef 31. desbr. 1887, leggist jörðin Kasthvammur, eptirgjald á ári kr. 112.56.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, í sambandi við brjef mín dags. 18. apríl, 3. júní, 31. desbr. 1887, og 18. apríl 1890, til þóknanlegrar leið-

14. dag ágústmán, 1891.

85 beiningar og frekari birtingar, að jeg samkvæmt heimild þeirri, er mjer er til þess veitt 1. júlí í konungsúrskurði 16. apríl 1887 fellst á tillögur yðar í þessu efni, og skal jeg jafnþjónustusamlega skora á yður að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að þessu geti framgengt orðið, og býst jeg við skýrslu um það á sínum tíma.

86 Brjef landshöfðingja til *stiptyfirvaldanna* um lán handa prestakalli til húsa-
1. júlí byggingar. — Út af erindi því frá prestinum að Söndum í Dýrafirði, sjera Kristni Daníelssyni, er jeg meðtók með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, dags. í gær, og samkvæmt tillögum yðar í nefndu brjefi vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki 1500 kr. embættislán upp á Sanda-prestakall, til að byggja á staðnum í stað núverandi baðstofu, búrs, eldhúss, gangs og bæjardyra, traust og vandað timburhús 14 álnir á lengd og 6 álnir á breidd, með áföstum skúr meðfram annari hliðinni, 4 álna breiðum og jafnlöngum húsinu, hvorttveggja undir járnþaki og járnvarið mót helztu regnátum, með þeim skilyrðum, að lánið ávaxtist og endurborgist af tekjum prestakallsins, sjerstaklega uppbótinni úr lands-sjóði, með jöfnum afborgunum á 20 árum, að byggingunni sje lokið sama árið og lán-
id er tekið og að hún fari fram með tilsjón prófasts, að síðari helmingur lánsins verði ekki tekinn fyrr en sannað er með lögmætri skoðunargjörð og virðingargjörð að hið fyr-
irhugaða hús sje fullgjört og í áskildu standi og að það sje að minnsta kosti eins mik-
ils virði eins og allt lánið að viðbættu virðingarverði hinna niðurlögðu staðarhúsa með
hæfilegu álagi eptir mati tilkvaddra, þar til hæfra virðingarmanna, að hið umrædda hús
með skúr og öllu, sem fylgja ber, verði eign staðarins í stað hinna niðurfelldu torfhúsa
og að presturinn haldi því vel við og að hann eða bú hans skili því í gildu standi eða
með fullu álagi og að þessu nýja húsi verði sífellt, undir umsjón prófasts, haldið í vá-
tryggingu gegn eldsvoða fyrir að minnsta kosti 1800 kr.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður og háæruverðugi herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

87 Brjef landshöfðingja til *stiptyfirvaldanna* um lántökuleyfi handa prestakalli
10. júlí til jarðabóta. — Út af erindi því frá prestinum að Hesti í Borgarfjarðarprófastsdæmi, sjera Arnóri Þorlákssyni, er jeg meðtók með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, dags. í dag, og samkvæmt tillögum yðar í nefndu brjefi vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki 1600 kr. embættislán upp á Hestþingaprestakall, í viðbót við þær 400 kr., er eptir standa af láni því, er prestakalli þessu var með brjefi mínu 3. okt. 1888 leyft að taka, til þess að framhalda jarðabótum á prestssetrinu Hesti, einkum þó til þess að sljetta tún prestssetursins, en lántökuleyfi þetta er bundið þeim skilyrðum, að lánið endurborgist á næstu 20 árum með $\frac{1}{20}$ ár-
lega auk vaxta, að nefndar jarðabætur verði framkvæmdar svo fljótt sem verða má, ept-
ir því sem prestinum kemur saman við hlutadeigandi prófast um, að regluleg skoðunar
og matsgjörð, er hlutadeigandi prófastur með 2 dómkvöddum mönnum framkvæmi, fari
fram, þegar presturinn tjáir sig hafa unnið jarðabætur fyrir greindu láni, á jarðabótum
þeim, er gjörðar hafa verið síðan 3. þ. m., er skoðunar og matsgjörð fór fram á hinum

eldri jarðabótum, að presturinn eða bú hans, ef hann flytur frá braudinu eða deyr áður en lánið er að fullu endurgoldið, borgi það af hinu óendurgoldna láni, sem reynast kann, 10. júlí 87

eptir reglulegri sköðunargjörð samkvæmt framansögðu, að vera óeytt, og að presturinn, ofannefndur sjera Arnór Þorláksson, afhendi stiptsyfirvöldunum til frekari tryggingar fyrir skilvísri endurborgun hins umrædda láns með vöxtum, lífsábyrgðarskírteini frá lífsábyrgðar og framfærslustofnuninni frá 1871, að upphæð 2000 kr., er stiptsyfirvöldin svo annist um að haldið verði við með því að greiða iðgjaldið fyrir ábyrgðina í tæka tíð af tillagi því, sem Hestþingaprestakall nýtur úr landssjóði.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um sýsluvegagjald og hvernig því mægi verja. — Eptir að mjer hefur borizt þar að lútandi beiðni frá pingmönnum Húnavetninga ásamt skýrslu yðar um ástand og hag sýsluvegasjóðsins í Húnavatnssýslu, vil jeg hjer með eptir kringumstæðunum samþykkja, að afborgun og vextir af láni því, sem sýslan fjekk 1881 úr viðlagasjóði mestmegnis í þeim tilgangi að endurbæta veginn yfir Miðfjarðarháls og Hrutafjarðarháls, verði, þangað til lánið er fullgreitt, dregin frá þeim helmingi sýsluvegagjaldsins, sem samkvæmt brjefi mínu 8. maí f. á. á að ganga til aðalþóstvega. 15. júlí 88

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra sýslumaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli til húsa byggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og herra biskup, í þóknanlegu brjefi dags. 1. þ. m. og eptir beiðni prestsins að Reynivöllum í Kjós, sjera Þorkæls Bjarnasonar, er hlutadeigandi prófastur hefur lagt meðmæli sín með, vil jeg hjer með veita leyfi til þess, að tjeður prestur taki lán handa nefndu prestakalli gegn veði í tekjum þess, að upphæð 970 krónur, til þess að bæta hýbýli á prestssetrinu og fullgjöra vandaða timburbadstofu, er sje byggð samkvæmt lýsingu þeirri, sem gefin er í skýrslu þriggja matsmanna, er brjefi yðar fylgdi; þó er lántökuleyfið bundið þessum skilyrðum: 18. júlí 89

1. að lánið sje að fullu endurborgað í síðasta lagi á 16 árum. með $\frac{1}{16}$ á ári auk vaxta;
2. að húsabótin sje gjör sama árið og presturinn fær lánið;
3. að húsið verði traust og vandað, með járnþaki, en á göflum varið þýzkum þakdúki;
4. að presturinn vátryggi húsið gegn eldsvoda með hæfilegri upphæð, og haldi því sífellt í slíkri tryggingu undir eptirliti prófasts;
5. að húsið verði eign prestakallsins og að presturinn haldi því vel við og að hann eða bú hans skili því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi.
6. að eigi verði meira en helmingur lánsins tekinn út áður en byggingunni er lokið, en hinn helmingurinn þá fyrst, er húsabótin er algjörð, og sannað er með lögmatrí

89 skoðunargjörð og virðingargjörð, að hún sje vel af hendi leyst í alla staði, og að
18. júlí verðmunurinn á hinum þannig umbættu húsum og húsum þeim, sem presturinn auk þessa á að skila af sjer, nemi að minnsta kosti lánsupphæðinni.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

90 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um lögskráning
24. júlí vinnumanna skipseigenda. — Út af fyrirspurn yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 16. f. m. um það, hvort einnig beri að nota viðskiptabækur farmanna og skigshafnarskrár, þar sem maðurinn, er skipið á, notar á það menn, sem eru ráðnir árs-
menn hjá honum, og skipið aðeins fer smáferðir milli fjarða, skal yður hjer með þjón-
ustusamlega tjáð, yður til leiðbeiningar, að með því að sú skylda, að láta lögskrá skips-
höfn, hvílir ekki á skipseiganda sem slikum, heldur á hverjum þeim skipstjóra, sem
ræður menn á skip með sjer hjer á landi, og lögin aðeins fyrirskipa, að skipstjóri fái
skipverjum viðskiptabækur, þegar hann ræður þá á skip með sjer og gjörir við þá vist-
ráðasamning, þá leiðir af þessu, að ef skipseigandi notar *eingöngu* ráðna ársvinnumenn
sína til að fara með sjer smáferðir á skipi milli fjarða, svo að alls engin sjerstök vist-
ráð af hálfu skipstjóra fara fram til ferðanna, og engir sjerstakir samningar eru gjörðir
þar að lútandi, er veiti vinnumönnum rjettindi fram yfir hinn almenna vistersamning,
þá getur ekki komið til neinnar lögskráningar eða nein ástæða verið til að fá vinnu-
mönnum sjerstakar viðskiptabækur, enda geta þeir naumast talizt sjómenn eða far-
menn, þó að þeim meðal annara verka sje fengin slík vinna, sem að ofan ræðir um.

91 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu um flutning
29. júlí á þingstað Vallahrepps. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 2. maí þ. á., hafði þjer, herra
amtmaður, sent mjer beiðni hreppsnefndarinnar í Vallahreppi, ásamt ágrípsendurríti af
fundargjörðum sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu 12. marz þ. á., þar sem farið er
fram á, að þingstaður hreppsins megi flytjast frá Völlum að Tungufelli, og að hreppur-
inn nefnist eptirleiðis Svarfaldardalshreppur, þegar breytingin er komin í kring, og hafði
þjer lagt það til, að hið umbeðna leyfi verði veitt.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbein-
ingar og frekari birtingar, að jeg fellst á tillögu yðar í þessu efni, og ber hreppsnefnd-
inni að sjá um, að jafnan sje sémilegt hús til þinghaldanna á hinum nýja þingstað.

92 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu um borgun
30. júlí fyrir uppboð á eptirlátnum munum sveitarómaga. — Þjer hafði, herra amtmaður, með
þóknanlegu brjefi, dags. 14. maí þ. á., sent mjer fyrirspurn hreppstjórans í Glæsibæjar-
hreppi um það, hvort hreppstjórar sjeu skyldir til að halda uppboð á eptirlátnum mu-
um sveitarómaga endurgjaldslaust, er sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu með skírskotun
til kancellibrjefs 14. desbr. 1841 hefur greitt jákvæði við, að því viðbættu, að hrepps-
nefndirnar sjálfar geti haldið uppboð þessi, og hafði þjer tekið fram, að eptir yðar álit

geti ákvæði nefnds kancellibrjefs ekkert gildi haft gagnvart beinum ákvæðum laga 13. 92
 jan. 1882, er undantekningarlaust ákveða hreppstjórum laun fyrir smáuppboð þau, er 30. júlí
 heimilt er að láta þá halda, en hitt sje heimildarlaust, að hreppsnefndir sjeu uppboðs-
 haldarar í nokkrum tilfellum.

Ut af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg er samdóma yður
 um það, sem þjer þannig hafid tekið fram, og ber því að svara fyrirspyrjanda, að hrepp-
 stjórum beri eins laun fyrir uppboð á eptirlátnum munum sveitarómaga eins og önnur
 smáuppboð, er þeir halda samkvæmt 6. gr. í lögum 13. jan. 1882.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu um bústað 93
 læknisins í 12. læknishjaraði. — Með brjefi dags. 8. maí þ. á., hefur sýslumaðurinn í 1. ágúst
 Þingeyjarsýslu sent mjer bænaskrá frá 35 bændum og húsráðendum í Þingeyjarsýslu
 um það, að læknissetrið í 12. læknishjaraði verði framvegis ákveðið við «Staðina» (Grenj-
 aðarstað og Múla) eða í Aðaldalnum í staðinn fyrir á Húsavík, og fylgdu beiðni þessari
 staðfestir útdrættir úr sýslufundargjörðum nefndanna í Suður- og Norðurþingeyjarsýslu,
 svo og álitsskjal hjeraðslæknisins í 12. læknishjaraði um hinn umbedna flutning, er hann
 virðist heldur vera meðmæltur. Landlæknirinn, er kvaddur var álits síns um mál þetta,
 hefur í brjefi dags. 29. júní látið í ljósi, að eins og 12. læknishjarað nú er takmarkað, eptir að
 aukalæknir hefur verið skipaður austan jökulsár, hljóti hann að álíta hagkvæmara fyrir tals-
 verðan meiri hluta af íbúum læknisumdæmisins, að læknirinn hafi aðsetur nálægt hin-
 um svonefndu «Stöðum» heldur en á Húsavík, og með því að hann telur þann hag
 vissari og meiri heldur en það gagn, sem læknirinn, ef svo kynni undir að bera, gæti
 gjört við «karantæne» etc. á Húsavík, hefur hann mælt með því, að læknissetrið verði
 fært eins og farið er fram á í bænarskránni.

Með því að jeg er samdóma ástæðum landlæknis og bænaskráin virðist
 eiga við rök að styðjast, skal hjermeð skipað svo fyrir, að hjeraðslæknirinn í 12. lækn-
 ishjaraði frá næstkomandi fardögum að telja eða svo fljótt, sem hann getur komið því
 við fyrir þann tíma, hafi aðsetur sitt í Aðalreykjadal, svo nálægt miðbiki sveitarinnar
 sem viðunanlegt jarðnæði getur fengizt.

Reikningur

94

Nemendasjóds Móðruvallaskóla 1890.

	Tekjur:	kr. a.
Seldar bækur «Lestrarfjelags Móðruvallaskóla»		176 10
Ágóði af tombólu		174 62
Áheiti		2 00
Gjafir og tillög		152 00
	Samtals:	504 72

Gjöld:

Lagt í sparisjóð Arnarneshrepps 504 72

Móðruvöllum í Hörgárdal, 2. jan. 1891.

Jón A. Hjaltalín. Stefán Stefánsson. Halldór Briem.

	kr. a.	kr. a.	95
Flutt:		2700 12	
8. I sjóði til næsta ár:			
a. Óendurgoldnar fyrirframborganir 1885	255 92		
b. ———— 1886	89 20		
c. Ógoldið jafnaðarsjóðsgjald úr Suður-Múlasýslu	86 89		
d. Í peningum	2406 12	2838 13	
		<u>5824 75</u>	

(Framhald).

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI
samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1890 og 1891.

10. gr. C. 5. b.

Veittar 104 kr. 50 a. til aðgjörðar á aðalpóstleiðinni frá Kiðafellsá meðfram Esjunni að Leirvogsa.

Veittar 17 kr. 20 a. til aðgjörðar að brú yfir Fossá í Kjós.

Veittar 53 kr. til áhaldakaupa í þarfir vegagjörða landssjóðs.

13. gr. A. b. 6.

Á Synodus, er haldinn var 4. júlí, var fje því að upphæð 3000 kr., sem getur um undir þessum lið, að viðbættum 500 kr. af prestaekknasjóði og 81 kr. 40 a. af sjóði af árgjöldum brauða skipt þannig milli:

A. Uppgjafapresta:

1. Jón Brynjólfsson frá Kálfholti	kr. 65,00
2. Þorvaldur Bøðvarsson frá Saurbæ	— 50,00
3. Jón B. Thorarensen frá Saurbæjarþingum	— 81,40
4. Magnús Gíslason frá Sauðlauksdal	— 65,00
5. Guðmundur Gísli Sigurðsson frá Gufudal	— 330,00
6. Einar Verðharðsson frá Stað í Grunnavík	— 50,00
7. Jón Jónsson Reykjalin frá Þönglabakka	— 150,00

B. Prestaekkna:

1. Ragnhildur Metúsalemsdóttir frá Hjaltastað	— 120,00
2. Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum	— 80,00
3. Helga Guðmundsdóttir frá Eydölum	— 80,00
4. Guðriður Jónsdóttir frá Ási	— 50,00
5. Björg Magnúsdóttir frá Dvergasteini	— 40,00
6. Guðriður Magnúsdóttir frá Kolfreyjustað	— 20,00
7. Ragnheiður Sveinsdóttir frá Kálfafellsstað	— 40,00
8. Solveig Einarsdóttir frá Kirkjubæjarklaustri	— 70,00
9. Solveig Einarsdóttir frá Holti undir Eyjafjöllum	— 40,00
10. Ingibjörg Jónsdóttir frá Störuvöllum	— 40,00
11. Sesselja Ísleifsdóttir frá Stóranúpi	— 30,00
12. Guðrún Pálsdóttir frá Stóranúpi	— 20,00
13. Anna M. Beck frá Þingvöllum	— 40,00
14. Helga Pálsdóttir frá Reynivöllum	— 60,00
15. Vilhelmina Katrín Steinsen frá Árnesi	— 120,00

16.	Helga Magnúsdóttir frá Glæsibæ	— 90,00
17.	Eggþóra Eggertsdóttir frá Flatey	— 50,00
18.	Margrjet Þórdardóttir frá Gaulverjabæ	— 60,00
19.	Helga Árnadóttir frá Skarðsþingum	— 70,00
20.	Sigríður Thordersen frá Vestmannaeyjum	— 30,00
21.	Helga Arnórsdóttir frá Ísafirði	— 80,00
22.	Sigríður Guðmundsdóttir frá Hítaræspingum	— 30,00
23.	Guðlaug Eiríksdóttir frá Reynivöllum	— 30,00
24.	Halldóra Jónsdóttir úr Nesþingum	— 70,00
25.	Margrjet Magnúsdóttir frá Saurbajarþingum	— 40,00
26.	Kristín Jónsdóttir frá Hvammi í Norðurárdal	— 60,00
27.	Margrjet Magnúsdóttir frá Hvammi í Döllum	— 50,00
28.	Guðrún Ólafsdóttir frá Melstað	— 70,00
29.	Elín Einarisdóttir frá Þingeyrarklaustri	— 70,00
30.	Helga Arnfinnsdóttir frá Beiðabólstað í Vesturhópi	— 70,00
31.	Valgerður Benjamínsdóttir frá Gufudal	— 80,00
32.	Málfríður Ólafsdóttir frá Brjámslæk	— 50,00
33.	Sigríður Oddsdóttir úr Dýrafjarðarþingum	— 40,00
34.	Guðrún Þjetursdóttir frá Arnarbæli	— 50,00
35.	Guðrún Ólafsdóttir frá Árnosi	— 80,00
36.	Oddfríður Gísladóttir frá Tröllatunga	— 50,00
37.	Steinunn Jónsdóttir frá Höskuldsstöðum	— 80,00
38.	Sigurbjörg Hansína Þorgrímsdóttir frá Þingeyrum	— 30,00
39.	Gróa Erlindsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	— 40,00
40.	Maren Nielsdóttir frá Höskuldsstöðum	— 80,00
41.	Guðrún Thorlacius frá Reynistað	— 30,00
42.	Valgerður Jónsdóttir frá Bergstöðum	— 40,00
43.	Þóra Rósa Sigurðardóttir frá Miklabæ	— 20,00
44.	Anna Sigríður Jónsdóttir frá Viðvík	— 40,00
45.	Hólmfríður Jónsdóttir frá Mælifelli	— 50,00
46.	Kristjana Pálsdóttir frá Möðruvallaklaustri	— 20,00
47.	Guðbjörg Aradóttir frá Þóroddstað	— 20,00
48.	Sigríður Þorbergsdóttir frá Húsavík	— 30,00
49.	Anna Ingibjörg Kristjánsdóttir frá Þóroddstað	— 90,00
50.	Guðrún Bjarnadóttir frá Sauðanesi	— 80,00
51.	Kristín Tómasdóttir Thorlacius frá Saurbæ	— 80,00
52.	Guðrún Ólafsdóttir frá Garpsdal	— 40,00

Samtals: kr. 3581,40

og staðfesti landshöfðingi með brjefi 7. júlí skiptinguna að því er ofanefndar 3000 kr. snertir.
16. gr.

Veittar 200 kr. upp í kostnað við útgáfu á bækling síra Odds V. Gíslasonar: „Leiðir og lendingar í fiskiverum Íslands“.

EMBÆTTISSKIPUN.

8. ágúst veitti landshöfðingi aðstoðarpresti að Stokkseyri sjera Ólafi Helgasyni Gaulverjabæjar-prestakall í Árness prófastsdæmi eptir að tillögu hlutadeigandi safnaða hafði verið um það leitað.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Ásar í Skapártungu (Ása- og Búlandssóknir) í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi, metið 998 kr

25 a.

Í brauðinu er prestsekkja, sem næsta fardagaár nýtur náðarárs.
Brauið veitist frá næstu fardögum.

Reikningar

96

yfir tekjur og gjöld sjóða undir stjórn amtsráðsins í norður- og austuramtinu 1890.
(Framhald):

Búnaðarskólasjóður norður- og austuramtsins 1890:

	Tekjur:	kr. a.	kr. a.
1. Í sjóði 1. jan. 1890:			
a. í lánum mót veði		7200 00	
b. í landsbankanum		3300 00	
c. Ógoldnir vextir		20 00	
d. Í peningum		26 21	10546 21
2. Vextir:			
a. Frá $11\frac{1}{6}$ 89 til $11\frac{1}{6}$ 90 af kr. 3900,00		156 00	
b. Um mismunandi tíma frá $11\frac{1}{6}$ 90 af kr. 3300,00		117 91	
c. Af bráðabyrgðarláni kr. 1750,00		7 22	
d. Af fje lögðu í landsbankann		8 45	289 58
3. Ógoldnir vextir frá f. á			20 00
4. Búnaðarskólagjald			463 00
5. Endurborguð lán			6550 00
6. Endurborgað úr landsbankanum			3300 00
7. Endurborgað bráðabirgðarlán, sbr. gjaldl. 3.			1750 00
8. Til jafnaðar færast gjaldliður 2.			200 00
			23118 79

Gjöld:

1. Kostnaður við peningana, sem lagðir voru í landsbankann			1 15
2. Lánað mót fasteignarveði			200 00
3. Lánað til bráðabirgða gegn handveði, sbr. tekjul. 7			1750 00
4. Borgaður hluti Eyafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu í búnaðarskólasjóðnum til Hólaskólans			9899 14
5. Til jafnaðar færast tekjuliður 3.			20 00
6. — — — — — 5.			6650 00
7. — — — — — 6.			3300 00
8. Í sjóði við árslok 1890:			
a. Í lánum mót veði		850 00	
b. Í peningum		548 50	1398 50
			23118 79

Búnaðarsjóður norður- og austuramtsins 1890.

97

	Tekjur:	Kr. a.	Kr. a.
1. Í sjóði 1. jan. 1890:			
a. Í uppsegjanlegum kgl. skuldabréfum		1430 18	
b. Innritunarskírteini A. fol. 98		400 00	
c. Í skuldabréfum einstakra manna		2500 00	
d. Í peningum		337 92	4668 10
			Flyt: 4668 10

19. dag ágústmán. 1891.

97

	Flutt:	Kr. a.	Kr. a.
2. Vextir:			4668 10
a. Af uppsegjanlegum kgl. skuldabryfum	57 21		
b. Af innritunarskírteini A. fol. 98	14 00		
c. Af skuldabryfum einstakra manna	112 00		183 21
3. Endurborgað lán			1200 00
4. Til jafnaðar færirst gjaldliður 2			1100 00
			<u>7151 31</u>

Gjöld:

1. Verðlaun og styrktarfje:			
a. Til hjeradshátíðar Eyfirðinga	100 00		
b. Til Gísla Sigmundssonar á Ljótsstöðum	45 00		
c. Til Guðjóns Árnasonar á Dálkstöðum	25 00		170 00
2. Lánað mót fasteignarveði			1100 00
3. Til jafnaðar færirst tekjuliður 3.			1200 00
4. Í sjóði við árslok 1890:			
a. Í uppsegjanlegum kgl. skuldabryfum	1430 18		
b. Innritunarskírteini A. fol. 98	400 00		
c. Í skuldabryfum einstakra manna	2400 00		
d. Í peningum	451 13		4681 31
			<u>7151 31</u>

98

Prentsmíðjusjóður norður- og austuramtsins 1890.

	Tekjur:	Kr. a.	Kr. a.
1. Eign sjóðsins 1. jan. 1890:			
a. Í skuldabryfum einstakra manna	2700 00		
b. Í peningum	2 67		2702 67
2. Vextir			105 33
3. Endurborgað lán			400 00
			<u>3208 00</u>
	Gjöld:		
1. Lánað mót fasteignarveði			400 00
2. Styrkur veittur:			
a. Námspiltum á Möðruvallaskólanum, Ingólfi Bjarnarsyni frá Birningsstöðum og Sigurði Einarssyni Malmkvist frá Hamarsseli	54 00		
b. Námsmeyjum á Laugalandsskólanum, Rósu Illugadóttur frá Heiðarseli og Sigríði Eyjólfadóttur frá Grenjadarstað	54 00		108 00
3. Eign sjóðsins við árslok 1890:			
Í skuldabryfum einstakra manna			2700 00
			<u>3208 00</u>

Gjafasjóður Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar 1890.

99

	Tekjur:	Kr. a.	Kr. a.
1. Í sjóði 1. jan. 1890:			
a. Í uppsegjanlegum kgl. skuldabréfum		1089 66	
b. Innritunarskírteini A. fol. 90		800 00	
c. Í skuldabréfum einstakra manna		1050 00	
d. Í peningum		38 79	2978 45
2. Vextir:			
a. Af uppsegjanlegum kgl. skuldabréfum		43 59	
b. Af innritunarskírteini A. fol. 90		28 00	
c. Af skuldabréfum einstakra manna		42 00	
d. Af 200 kr. frá $11\frac{1}{6}$ 90 til $11\frac{1}{9}$ —90		2 00	115 59
3. Endurborgað lán			200 00
			<u>3294 04</u>
	Gjöld.		
1. Lánað mót fasteignarveði			200 00
2. Styrkur veittur tveimur fátækum bændum í Vallanessókn Sigurði Sigurðssyni á Gíslastöðum og Þorgrími Þorgrímssyni í Tunghaga			113 58
3. Í sjóði við árslok:			
a. Í uppsegjanlegum kgl. skuldabréfum		1089 66	
b. Innritunarskírteini A. fol. 90		800 00	
c. Í skuldabréfum einstakra manna		1050 00	
d. Í peningum		40 80	2980 46
			<u>3294 04</u>

Gjafasjóður Guttorms prófests Þorsteinssonar 1890.

100

	Tekjur:	Kr. a.
1. Í sjóði 1. jan. 1890:		
Innritunarskírteini A. fol. 91		1600 00
2. Vextir frá 11. júní 1889 til 11. júní 1890		56 00
		<u>1656 00</u>
	Gjöld:	
1. Styrkur veittur Frímanni Ágústssyni á Ljótstöðum		56 00
2. Í sjóði við árslok:		
Innritunarskírteini A. fol. 91.		1600 00
		<u>1656 00</u>

101 *Styrktarsjóður fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akur-
eyrarkaupstað 1890.*

		Tekjur:		Kr. a.	Kr. a.
1.	Eign 1. jan. 1890:				
a.	Jörðin Einarstaðir með Pjetursborg	2000	00		
b.	Peningar	100	55		2100 55
2.	Jarðarafgjöld:				
a.	Landskuldir í fardögum 1890:				
1.	12 sauðir veturgamlir eptir verðlagsskrá 18 ⁹⁰ / ₉₁ á 10,49 ¹ / ₂	125	94		
2.	40 pör tvinnabandsgjaldsokka eptir sömu verðlagsskrá á 0,49	19	60		
b.	Leigur haustið 1890:				
	80 pd. smjörs eptir sömu verðlagsskrá á 0,48 ¹ / ₂	38	80		184 38
3.	Í gjafahirzlunni fundust				18 36
4.	Til jafnaðar færast gjaldl. 3.				140 00
					<u>2443 25</u>

		Gjöld:		Kr. a.	Kr. a.
1.	Styrkur veittur 14 ekkjum	130	00		
2.	Aðgerð á gjafahirzlunni	32	58		
3.	Fyrir sparissjóðsbók	0	25		
4.	Lagt í sparissjóð á Akureyri	140	00		
5.	Eign við árslok 1890:				
a.	Jörðin Einarstaðir með Pjetursborg	2000	00		
b.	Í sparissjóði	140	00		
c.	Í peningum	0	42		2140 42
					<u>2143 25</u>

102

Amtsbókasafn norður- og austuramtsins 1890.

		Tekjur:		Kr. a.	Kr. a.
1.	Í sjóði frá f. á.	154	20		
2.	Styrkur úr landssjóði	200	00		
3.	— — jafnaðarsjóði	200	02		
4.	Tillög frá notendum safnsins	58	00		
5.	Aðrar tekjur	2	50		
					<u>614 72</u>
		Gjöld:		Kr. a.	Kr. a.
1.	Fyrir bækur	329	21		
2.	— bókband	20	30		
3.	— bókasafnsstofuna (5. afborgun)	100	00		
4.	Bókavardarlausn	50	00		
					<u>499 51</u>
				Flyt:	499 51

	Kr. a.	102
	Flutt:	499 51
5. Annar kostnaður	25 16	
6. Eptirstöðvar til næsta árs	90 05	
	<hr/>	614 72

Íslands norður- og austuramt. Akureyri 3. júní 1891.

J. Havsteen.

Reglugjörð

103

fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði og fl. 30. júlí

I. Kaffi um afrjett og upprekstur.

1. grein.

Hreppsnefnd hvers þess hrepps, er afrjett á, skal annast um, að geldur fjenaður (hross, naut og sauðfje) sje rekinn til afrjetta á þeim tíma, sem hentast er, eptir árferði og öðrum kringumstæðum. Hreppsnefnd hvers þess hrepps, sem engan afrjett á, skal ef unnt er, og hún álítur þess þörf, útvega hreppsbúum sumarhaglendi fyrir geldfjenað þeirra móti hæfilegu endurgjaldi úr hreppsjóði. Skulu þeir fjáreigendur skyldir til að reka fjenað sinn á hið fengna haglendi, sem að áliti hreppsnefndarinnar ekki hafa nægilegt haglendi fyrir fjenaðinn heima.

2. grein.

Nú eru fráfarulömb rekinn til fjalls, afrjettar- eða leigulands, þá skulu þau setin þar að minnsta kosti einn sólarhring.

3. grein.

Nú gengur fjenaður af afrjetti svo mjög, að hreppsnefnd álítur heimalöndum hreppsbúa sinna of-íþyngt, annast hún þá um, að afrjettarfjenaðinum sje smalað og rekinn til afrjettar á kostnað sveitarsjóds.

4. grein.

Eigi má ónáða fjenað þann, sem í afrjetti eða fjalli á að vera, fyrir fjallskil, nema landeigandi og hlutaðeigandi hreppsnefnd leyfi.

II. Kaffi um fjallskil.

5. grein.

Allir þeir, sem hafa jörð til ábúðar, sem metin er til dýrleika, skulu skyldir að smala heimaland sitt til rjetta. Þeir, sem hafa 6 kindur fullorðnar eða fleiri til eignar eða umráða, skulu skyldir að smala fjall-lönd og afrjetti eptir fyrirskipun hlutaðeigandi hreppsnefndar. Þeir, sem hafa 30 kindur fullorðnar eða fleiri til eignar eða umráða, skulu skyldir eptir boði hlutaðeigandi hreppsnefndar að senda mann í utan-hrepps-rjettir.

6. grein.

Hreppsnefndin boðar með fjallgangnaseðli 3 vikum fyrir fyrstu fjallgöngur, þvergnig göngum skuli hagað, og hverjir fara skuli í utansveitarrjettir. Nú hefir hrepps-

103. nefnd útvegað hreppi sínum upprekstrarland utanhrepps, skal hún þá skyld að leggja þeim hreppi, er upprekstrarlandið liggur í, tilhlýðilega marga menn í fjallgöngur. Koma hlutaðeigandi hreppsnefndir sjer saman um tölu manna þessara, en semji þeim eigi, sker sýslunefndin úr þeim ágreiningi.

7. grein.

Hreppsnefndir skipa gangnaforingja, einn eða fleiri. Gangnaforingi skipar mönnum í leitir, og hefir öll ráð yfir fjárgöngum og fjársafninu þar til rjettir byrja, og er hver gangnamaður skyldur til að hlýða skipunum hans.

8. grein.

Sjerhver leitarmaður skal vera gildur og nægilega útbúinn. Sje nokkur leitarmaður ógildur eða ónóglega útbúinn að dómi gangnaforingja og hlutaðeigandi hreppsnefndar, skal sá fjáreigandi, sem þann mann lagði til, greiða borgun eptir mati hreppsnefndar, eins og hann hefði engan til lagt, og gengur sú borgun í sveitarsjóð.

9. grein.

Leitir hvers hrepps skulu svo samhliða framfara, að eigi leynist fje á milli, og eigi verði fje eptir skilið. Enginn má hindra ferð leitarmanns, nje taka neitt af fjársafninu fyrr en til þeirrar rjettar er komið, er safnað er til.

III. Kafli um rjettahöld og fjárheimtur.

10. grein.

a, Þessar skulu lögrjettir vera:

- 1, Álborgarrjett fyrir Rosmhvalaness- Midness- og Hafnahreppa. Skal fyrsta rjett haldin þar fimmtudag í 22. viku sumars.
- 2, Krísuvíkurrjett fyrir Grindavíkurhrepp; fyrsta rjett föstudag í 22. viku sumars.
- 3, Vogarjett fyrir Vatnsleysustrandarhrepp; fyrsta rjett laugardag í 22. viku sumars.
- 4, Gjáarrjett fyrir Garða- og Bessastaðahreppa; fyrsta rjett mánudaginn í 22. viku sumars.
- 5, Árnakróksrjett fyrir Mosfells- og Seltjarnarnesshreppa; fyrsta rjett þriðjudag í 22. viku sumars.
- 6, Sandsrjett fyrir Kjósarhrepp; fyrsta rjett miðvikudag í 22. viku sumars.
- 7, Kollafjarðarrjett fyrir Kjalarnesshrepp; fyrsta rjett fimmtudag í 22. viku sumars.

Í hverri rjett skal halda »fyrri skilarjett« viku eptir fyrstu rjett (sömu vikudaga), og »aðra skilarjett« hálfum mánuði eptir »fyrri skilarjett«.

b, sundurdráttarrjettir:

Auk þessara lögrjetta skal hreppsnefndinni í Kjósarhreppi heimilt að hafa sundurdráttarrjett á Fossá eða annarstaðar norðan Laxár hina sömu daga, sem lögrjettin að Sandi fer fram.

11. grein.

Hreppsnefndin sjer um, að almenningsrjett hreppsins með tilheyrandi dilkum sje forsvaranlega viðhaldið. Við hverja almenningsrjett skal utansveitarmönnum heimilt að fá að byggja dilk fyrir fjenað sinn, enda sjeu hreppsnefndir skyldar að sjá um, að dilkur sje við lögrjett hverja þar sem fjárvon er úr hreppnum. Nægilegt rúm skal vera í hverjum dilk, svo að eigi þurfi að hleypa útúr þeim fyrr en að rjettum afstöðnum, eða þegar hreppsnefndin eða sá, sem í hennar umboði stjórnar rjettahöldum leyfir.

Að byggingu og viðhaldi rjetta vinna fjáreigendur eptir fyrirskipun hreppsnefndar.

103

30. júlí

12. grein.

Hlutadeigandi hreppsnefnd skipar fyrir um rjettahöld og stjórnar þeim, en hreppstjóri gætir lögreglu við rjettir. -- Engri skilarjett má ljúka fyrr en allt ódregið fje er nákvæmlega rannsakað eptir markaskrá, »töflu dregið«.

13. grein.

Þeir, sem sendir eru í utanhreppsriettir, eru skyldir að reka það fje, sem þeir þar heimta, inn í hrepp sinn, og afhenda það þar eptir ráðstöfun hreppsnefndarinnar.

14. grein.

Allt það fje, sem enginn leiðir sig eiganda að í fyrri skilarjett, skal hreppstjóri þess hrepps, er rjettin er í, geyma eða geyma láta til seinni skilarjettar gegn geymsluggjaldi, er sje 2—4 aurar fyrir hverja kind um sólarhringinn eptir atvikum, en tafarlaust skal hann senda nákvæma lýsingu á því til næstu hreppa. Það fje, sem enginn leiðir sig eiganda að í síðari skilarjett, skal hreppstjóri selja við uppboð þar í rjettinni eptir að hann ásamt tveimur glöggum og greindum mönnum, sem hann til þess nefnir, hefir samið nákvæma skrá yfir mörk þess á eyrum, hornum, brennimörk, lit og einkenni. Skulu þessir 2 tilkvöddu menn rita á uppboðsgjörðina vottorð um, að lýsingin sje svo rjett og nákvæm og kostur er á. Auglýsa skal hreppstjóri í fyrstu skilarjett, að það fje, sem enginn eigandi leiðir sig að, verði selt við opinbert uppboð í síðari skilarjett. Lýsingu á hinu selda fje skal birta fyrir miðjan janúarmánuð n. ár í blaði því, sem opinberar auglýsingar eru birtar í. Þeir, sem eptir lýsingu þessari geta fyrir næstu fardaga sannað eignarrjett sinn að hinu selda fje, skulu fá uppboðsandvirði þess að frádregnum kostnaði við geymzlu, auglýsinu og uppboð.

15. grein.

Óskilafje það, sem finnst í fjall-löndum eða heimahögum eptir síðari skilarjett, skal tafarlaust afhendast hlutadeigandi hreppstjóra. Finnist nú eigandi að slíku fje eptir markaskrá þeim, sem fyrir hendi eru, skal hreppstjóri tafarlaust tilkynna það hreppstjóra þess hrepps, sem eigandinn er í, en hann aptur eiganda. En það fje, sem ekki þekkist, skal selt við uppboð, sem auglýst sje með nægum fyrirvara, og fer um andvirði þessa fjár svo sem fyrir er mælt um andvirði óskilatjár í 14. grein.

16. grein.

Með ómerkinga, sem mæður ekki helga sjer, og enginn getur helgað sjer, fer sem lög ákveða.

17. grein.

Hrossarjett skal halda í síðari skilarjettum öllum. Þau hross, sem eigendur þá ekki finnast að, skal hreppstjóri taka til geymslu, og tafarlaust auglýsa með mörkum og einkennum í blaði því, sem opinberar auglýsingar koma út í, en 14 dögum eptir að auglýsing þessi er birt í blaðinu, má selja hross þau, sem enginn þá hefir helgað sjer, við opinbert uppboð, og sje uppboðsdagur tiltekinn í auglýsingunni.

Innleysa má eigandi hinna seldu hrossa þau innan mánaðar frá uppboðsdegi.

103
30. júlí

18. grein.

Brot gegn reglugjörð þessari skal kæra fyrir hlutadeigandi sýslumanni, og varða þau sektum frá 1—200 kr., er renna skulu í sjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

19. grein.

Reglugjörð þessi öðlast gildi eftir ákvæðum hlutadeigandi amtmanns.

*

*

Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjördir sýslunefnda er framanskriðuð reglugjörð hjermeð samþykkt og löggilt, og skal hún öðlast gildi 14. september þ. á.

Í umbóði amtsráðs suðuramtsins.

Amtmaðurinn yfir suðuramtinu. Reykjavík, 30. júlí 1891.

E. Th. Jónassen.

104
30. júlí

Reglugjörð

um grenjaleitir og refaveiðar í Kjósar- og Gullbringusýslu.

1. grein.

Sjerhverri hreppsnefnd ber að annast um grenjaleit og grenjavinnslu í heimalöndum og afrjettarlandi hrepps síns. Skyldur er búandi hver að leita eða leita láta heimaland jarðar sinnar án endurgjalds þegar hreppsnefndin kveður hann til þess. Til þess að leita afrjettarland hreppsins ræður hreppsnefndin kunnuga og áreiðanlega menn, og fá þeir fyrir ómak sitt sanngjarna borgun úr sveitarsjóði eftir samningi við hreppsnefndina, sem þó ekki fari fram úr 2 kr. fyrir sólarhringinn. Enginn sá, er hreppsnefndin kveður í grenjaleit, má skorast undan að fara, nema hann hafi gild forföll. Eigi mega menn að grenjum fara þegar leitir eru skipaðar.

2. grein.

Hreppsnefndirnar skulu hver í sínum hreppi fyrirskipa um leitirnar, sem þó ekki sjeu seinna í fyrsta sinn, en 6 vikur af sumri, og svo opt, sem þurfa þykir að álitu hreppsnefndar, eftir kringumstæðum. Heimilt skal hreppsnefnd að skipa svo fyrir, að fleiri menn leiti saman lönd sín, og setja einn mann til að stjórna leitinni.

3. grein.

Hreppsnefnd ber í tæka tíð ár hvert, að hafa ráðið svo margar áreiðanlegar skyttur, sem þörf er á, til að vinna gren í hreppnum. Engin skytta má án gildra orsaka skorast undan að takast á hendur að vinna gren innanhrepps; skytta fær í borgun fyrir starfa sinn a.) í dagpeninga fyrir hvern sólarhring frá því hún fer að heiman 2 kr., b.) fyrir fyrra dýrið, sem vinnst við gren hvert 3 kr. og síðara dýrið 5 kr. c.) fyrir hvern yrðling 50 aura, og að auki í verðlaun fyrir hvert gren, sem alvinnst 5 kr.; skyttan fæði sig sjálf.

4. grein.

Umráðamaður þess lands, sem gren finnst í, ræður gildan vökumann, sem er vaxinn þeim starfa. Nú álitur skytta vökumann ógildan, og hefur hún þá leyfi til að vísa honum frá og heimta annan í hans stað; dagpeninga um sólarhringinn fær vökumaður 3 krónur, en fæða skal hann sig sjálfur. (Framhald)

Reglugjörð

104
30. júlí

um grenjaleitir og refaveiðar í Kjósar- og Gullbringusýslu. (Framh.)

5. grein.

Skytt er hreppsnefnd að tilkynna hreppsþúum í tæka tíð að vorinu, áður leitir byrja, hver skytta er ráðin, og skal tafarlaust landráðandi til hennar senda, þegar gren finnst, og láta gæta grensins á meðan; heimilt skal hreppsnefnd að veita sanngjarna þóknun fyrir það af sveitarsjóði eptir kringumstæðum.

6. grein.

Ekki má skytta fara heim af greni fyrr en eptir þrjá sólarhringa nema að minnsta kosti annað dýrið sje unnið. Vanræki skytta eða vökumaður vísvitandi að einhverju leyti að vinna gren, og það verði vitnum fest, þá missa þeir kaup fyrir að hafa legið á greninu.

7. grein.

Á vetrum *skulu* allar hreppsnefndirnar í Gullbringusýslu (að undanteknum Bessastadahreppi) láta eitra fyrir rei á hentugustu stöðum og svo opt sem nauðsynlegt er eptir dýragangi og öðrum kringumstæðum (helzt í harðindum), og skal sýslunefndarmaðurinn í hverjum hreppi hafa yfirumsjón á, að þessu verði framgengt ár hvert. En í hreppum Kjósarsýslu skal því að eins eitra, að hreppsnefndirnar álíti það nauðsynlegt, og skulu sýslunefndarmennirnir einnig þar hafa yfirumsjón þess. Til eitrunar skal jafnan viðhafa „strychnin“ og skal sýslunefndarmaðurinn í hreppi hverjum taka út eit-ur þetta með ráði hjeradslæknis, og hafa umsjón með brúkun þess.

8. grein.

Hver sá, er vinnur dýr, sem ekki er við gren, hvenær sem er á árinu, skal fá tveggja króna þóknun fyrir dýr hvert. Hver sem slíka þóknun vill fá, skal skyldur til, ef þess er krafizt, að sanna fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd, að hann hafi til hennar unnið.

9. grein.

Enginn má ala yrðlinga; þó skal dýraskyttum hreppsins leyft að ala yrðling með samráði við hreppsnefnd til júnímánadarloka, en ef yrðling eða yrðlingum er sleppt og sannist það, varðar það sektum.

Almenn ákvæði.

1. grein.

Allur kostnaður við dýraveiðar í hreppi hverjum skal greiddur úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Nú vinnur einhver hreppur svo mikið að því að eyða refum, að kostnaðurinn við það mundi auðsjáanlega mjög íþyngja hreppsþúum, má þá greiða allt að helmingi þess kostnaðar úr sýslusjóði, einkum ef hreppurinn, sem í hlut á, er fjárfár, ef sýslunefndin og amtsráðið samþykkja það.

2. grein.

Nú finnst gren af utansveitarmönnum í landi einhvers hrepps; skal þá tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi landráðanda, en vakta skal grenið, og fer um það eins og segir í 5. grein.

26. dag ágústmán. 1891.

104

30. júlí

3. grein.

Skýlt skal hreppsnefnd hverri fyrir 31. des. ár hvert, að gefa sýslunefndinni skýrslu fyrir næstliðið fardagaár um grenjaleitir í hreppnum, um gren er fundizt hafa, og hver hafa unnizt, um eitrun fyrir refi og árangur af henni, og loksins um tölu þeirra refa, er unnizt hafa á annan hátt.

4. grein.

Brot móti reglugjörð þessari varða sektum frá 1—200 kr., og fær uppljóstrarmaður helming, en helmingur renni í sveitarsjóð þess hrepps, hvar brotið er framið.

5. grein.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð um grenjaleitir og refaveiðar í Kjósar- og Gullbringusýslu, samþykkt af hlutadeigandi amtsráði 20. júní 1878.

Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, er framanskriðuð reglugjörð hjér með samþykkt og löggilt, og skal hún öðlast gildi 1. janúar 1892.

Í umbodi amtsráðs suðuramtsins.

Amtmaðurinn í suðuramtinu, Reykjavík 30. júlí 1891.

E. Th. Jónassen.

105

Áætlun

um 9.—12. ferð landpóstanna 1891.

Póstleiðir.	Póststöðvar.	9. ferð.	10. ferð.	11. ferð.	12. ferð.	
I. Vestanpóstur.	A. Milli Reykjavíkur og Hjarðarholts.	<i>Reykjavík</i>	1. okt.	21. okt.	11. nóv.	2. des.
		Leirvogstunga	1. —	21. —	11. —	2. —
		(Fossá)				
		Saurbær	2. —	22. —	12. —	3. —
		Hestur	3. —	23. —	13. —	4. —
	1. Frá Reykjavík.	<i>Arnarholt</i>	3. —	24. —	14. —	5. —
		(Harastaðir)				
		<i>Hjarðarholt</i>	7. okt.	27. okt.	18. nóv.	10. des.
		(Harastaðir)				
		<i>Arnarholt</i>	8. —	28. —	19. —	11. —
	2. Frá Hjarðarholti.	Hestur	9. —	29. —	20. —	12. —
		Saurbær	9. —	30. —	21. —	13. —
		(Fossá)				
		Leirvogstunga	11. —	31. —	22. —	14. —
B. Milli Ísafjarðar og Hjarðarholts.		<i>Ísafjörður</i>	1. okt.	21. okt.	11. nóv.	2. des.
	(Vigur)					
	Vatnsfjörður	1. —	21. —	11. —	2. —	
	Bær	2. —	22. —	12. —	3. —	
	Brunná	3. —	23. —	12. —	4. —	
	1. Frá Ísafirði.	<i>Hjarðarholt</i>	7. okt.	27. okt.	18. nóv.	10. des.
		Brunná	8. —	28. —	19. —	11. —
		Bær	9. —	29. —	20. —	12. —
		Vatnsfjörður	11. —	31. —	22. —	13. —
		(Vigur)				
2. Frá Hjarðarholti.						

	Póstleiðir.	Póststöðvar.	9. ferð.	10. ferð.	11. ferð.	12. ferð.	
II. Norðanpóstur.	A. Milli Reykjavíkur og Staðar	<i>Reykjavík</i>	1. okt.	21. okt.	11. nóv.	3. des.	
		<i>Leirvogstunga</i> (Fossá)	1. —	21. —	11. —	3. —	
		<i>Saurbær</i>	2. —	22. —	12. —	5. —	
		<i>Hestur</i>	3. —	23. —	13. —	6. —	
	1. <i>Frá Reykjavík.</i>	<i>Arnarholt</i>	4. —	24. —	14. —	7. —	
	2. <i>Frá Stað.</i>	<i>Staður</i>	8. okt.	29. okt.	16. nóv.	10. des.	
		<i>Arnarholt</i>	10. —	31. —	18. —	12. —	
		<i>Hestur</i>	11. —	1. nóv.	19. —	13. —	
		<i>Saurbær</i> (Fossá)	11. —	1. —	20. —	13. —	
	13. —	<i>Leirvogstunga</i>	13. —	3. —	21. —	15. —	
		B Milli Akureyrar og Staðar.	<i>Akureyri</i>	1. okt.	21. okt.	7. nóv.	3. des.
			<i>Möðruvellir</i>	1. —	21. —	7. —	3. —
			<i>Steinsstaðir</i> (Miklibær)	2. —	22. —	8. —	4. —
	<i>Víðimýri</i>		3. —	23. —	9. —	5. —	
	1. <i>Frá Akureyri</i>	<i>Bólstaðarhlíð</i>	4. —	24. —	10. —	6. —	
<i>Reykir</i>		5. —	25. —	11. —	7. —		
<i>Sveinsstaðir</i>		6. —	26. —	12. —	8. —		
<i>Lækjamót</i>		6. —	26. —	12. —	8. —		
2. <i>Frá Stað</i>	<i>Staðarbakki</i>	7. —	27. —	13. —	9. —		
	<i>Staður</i>	10. okt.	29. okt.	17. nóv.	12. des.		
	<i>Staðarbakki</i>	11. —	30. —	18. —	13. —		
	<i>Lækjamót</i>	11. —	30. —	19. —	13. —		
12. —	<i>Sveinsstaðir</i>	12. —	31. —	20. —	14. —		
	<i>Reykir</i>	12. —	31. —	20. —	14. —		
	<i>Bólstaðarhlíð</i>	13. —	1. nóv.	21. —	15. —		
	<i>Víðimýri</i> (Miklibær)	13. —	1. —	21. —	15. —		
14. —	<i>Steinsstaðir</i>	14. —	2. —	22. —	16. —		
	<i>Möðruvellir</i>	15. —	3. —	23. —	17. —		
	A. Milli Akureyrar og Grímsstaða	<i>Akureyri</i>	2. okt.	21. okt.	10. nóv.	5. des.	
		<i>Ljósavatn</i>	3. —	22. —	11. —	6. —	
<i>Grenjadarstaður</i>		4. —	23. —	12. —	7. —		
<i>Reykjahlíð</i>		5. —	24. —	13. —	8. —		
1. <i>Frá Akureyri.</i>	<i>Grímsstaðir</i>	7. okt.	26. okt.	16. nóv.	10. des.		
	<i>Reykjahlíð</i>	8. —	27. —	17. —	11. —		
	<i>Grenjadarstaður</i>	9. —	28. —	18. —	12. —		
	<i>Ljósavatn</i>	10. —	29. —	19. —	13. —		
2. <i>Frá Grímsstöðum.</i>	<i>Seyðisfjörður</i>	1. okt.	21. okt.	9. nóv.	2. des.		
	<i>Höfði</i>	1. —	22. —	10. —	2. —		
	<i>Bót</i>						
	<i>Hrafnabjörg</i>						
1. <i>Frá Seyðisfirði.</i>	<i>Skjöldólfsstaðir</i>	2. —	23. —	11. —	4. —		
	<i>Grímsstaðir</i>	7. okt.	26. okt.	16. nóv.	10. des.		
	<i>Skjöldólfsstaðir</i>	8. —	28. —	17. —	11. —		
	<i>Hrafnabjörg</i>						
2. <i>Frá Grímsstöðum.</i>	<i>Bót</i>						
	<i>Höfði</i>	10. —	30. —	19. —	12. —		
	A. Milli Reykjavíkur og Odda.	<i>Reykjavík</i>	21. sept.	12. okt.	2. nóv.	25. nóv.	
		<i>Kotströnd</i>	21. —	12. —	2. —	25. —	
<i>Hraungerði</i>		22. —	13. —	3. —	26. —		
<i>As</i>		23. —	14. —	4. —	27. —		
1. <i>Frá Reykjavík.</i>	<i>Oddi</i>	26. sept.	17. okt.	7. nóv.	30. nóv.		
	<i>As</i>	26. —	17. —	7. —	30. —		
	<i>Hraungerði</i>	27. —	18. —	8. —	31. —		
	<i>Kotströnd</i>	27. —	18. —	9. —	2. des.		
2. <i>Frá Odda.</i>							

II. Norðanpóstur.

III. Seyðisfjarðarpóstur.

IV. Anstampann.

	Póstleiðir.	Póststöðvar.	9. ferð.	10. ferð.	11. ferð.	12. ferð.	
IV. Anstanspóstur.	B. Milli Prestsbakka og Odda. 1. Frá Prestsbakka.	Prestsbakki	21. sept.	12. okt.	2. nóv.	23. nóv.	
		Rofabær	22. —	13. —	3. —	24. —	
		Mýrar	22. —	13. —	3. —	24. —	
		Vík	23. —	14. —	4. —	25. —	
		Holt	24. —	15. —	5. —	26. —	
	2. Frá Odda.	Oddi	26. sept.	17. okt.	7. nóv.	28. nóv.	
		Holt	27. —	18. —	8. —	29. —	
		Vík	28. —	19. —	9. —	1. des.	
		Mýrar	28. —	19. —	9. —	1. —	
		Rofabær	29. —	20. —	10. —	2. —	
V. Eskifjarðarpóstur.	A. Milli Prestsbakka og Bjarnaness. 1. Frá Prestsbakka.	Prestsbakki	2. okt.	22. okt.	11. nóv.	3. des.	
		Sandfell	3. —	23. —	12. —	4. —	
		Kálfaellsstaður	5. —	24. —	14. —	6. —	
	2. Frá Bjarnanesi.	Bjarnanes	8. okt.	28. okt.	16. nóv.	10. des.	
		Kálfaellsstaður	9. —	29. —	17. —	11. —	
		Sandfell	10. —	30. —	18. —	12. —	
	B. Milli Eskifjarðar og Bjarnaness. 1. Frá Eskifirði.	Eskifjörður	1. okt.	21. okt.	10. nóv.	2. des.	
		Höfði	1. —	22. —	11. —	2. —	
		Arnallsstaðir	2. —	23. —	12. —	3. —	
		Höskuldsstaðir	3. —	24. —	13. —	4. —	
		Djúpvogur	3. —	24. —	13. —	4. —	
		Stafafell	4. —	25. —	14. —	5. —	
		2. Frá Bjarnanesi.	Bjarnanes	7. okt.	26. okt.	16. nóv.	7. des.
			Stafafell	8. —	27. —	17. —	8. —
			Djúpvogur	9. —	28. —	18. —	9. —
Höskuldsstaðir			9. —	28. —	18. —	10. —	
Arnallsstaðir			10. —	29. —	19. —	11. —	
Höfði			10. —	30. —	20. —	12. —	

*) Þegar nauðsyn virðist til ber, skal póstaðgreiðslumanninum á Akureyri heimilt að senda sjerstaklega til Grenjadarstaðar með sunnanbrjefin þegar eptir komu Reykjavíkarpóstsins á Akureyri

Burtfarardagur póstanna frá endapóststöðvunum: *Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði, Eskifirði* og *Prestsbakka* eru fastákveðnir við þá daga, er nefndir eru í ferðaáætluninni, þannig að ekki sje lengur tekið við böggul- og peningasendingum en til kl. 7 kvöldið næst á undan. Við millistöðvar eru til teknir þeir dagar, er póstarnir mega leggja á stað þaðan í *fyrsta lagi*, og ber að afgreiða póstinn þann dag, eða svo fljótt sem unnt er, eptir þann dag.

Þessir eru aukapóstar.

1. GULLBRINGUSÝSLUPÓSTURINN, milli Reykjavíkur og Útskála, leggur á stað frá *Reykjavík* daginn eptir komu aðalpóstanna að norðan og vestan, fer um *Hafnarfjörð, Kálfatjörn* og *Keflavík* að *Útskálum*, dvelur þar að minnsta kosti 6 kl.tíma og snýr þá aptur sömu leið til Reykjavíkur.
2. MÝRASÝSLUPÓSTURINN fer frá *Arnarholti* í Mýrasýslu, svo fljótt sem unnt er eptir komu aðalpóstanna þangað frá Reykjavík, að *Borgarnesi* í Borgarhreppi og snýr þaðan þegar aptur að *Arnarholti*.
3. BORGARFJARÐARSÝSLUPÓSTURINN fer frá *Saurbæ* á Hvalfjarðarströnd eptir komu norðanpóstsins og vestanpóstsins þangað á suðurleið, út á *Akranes* að Skipaskaga, dvelur þar að minnsta kosti 6 klukkutíma, og fer þá sömu leið aptur að *Saurbæ*.
4. STYKKISHÓLMSPÓSTURINN, milli *Arnarholts* og *Stykkishólms*, fer frá *Arnarholti* í hvert skipti strax eptir komu vestanpóstsins þangað frá Reykjavík og kemur við á *Stadarhrauni* og *Rauðkollsstöðum*; snýr aptur frá *Stykkishólmi* eptir 12 tíma við-

stöðu þar og fer sömu leið aptur til Arnarholts; kemur þangað áður en annarhvor aðalpóstanna leggur þaðan af stað til Reykjavíkur.

Daginn eftir að póstur þessi er kominn frá Arnarholti að Rauðkollsstöðum, fer austanpóstur þaðan um *Staðastað* til *Ólafsvíkur* og snýr þaðan strax aptur sömu leið að Rauðkollsstöðum.

5. FLATEYJARPÓSTURINN fer frá Stykkishólmi til Flateyjar, strax eftir komu Stykkishólmspóstsins í 10. og 12. ferð og snýr aptur til Stykkishólms eftir sólarhringsdvöl.
6. DALASÝSLU-PÓSTARNIR eru tveir:
 - a) Fer annar frá *Stað* í *Hrútafirði* þegar eftir að norðanpósturinn er kominn þangað frá Akureyri, um *Hjarðarholt* í Dölum, Harastaði og *Breiðabólstað* á Skógarströnd til *Stykkishólms*, og eftir sólarhringsdvöl þar, snýr hann aptur sömu leið að *Stað* í *Hrútafirði*.
 - b) Hinn pósturinn fer frá *Hjarðarholti* í Dölum þegar eftir komu Reykjavíkupóstsins þangað fram Fellsströnd um *Staðarfell* og Skarðströnd að *Skarði*, og þaðan alla leið að *Brunná*. Þaðan snýr hann aptur eftir 6 tíma viðstöðu, sömu leið, að *Hjarðarholti* í Dölum.
7. BARÐÁSTRANDARSÝSLU-PÓSTURINN fer frá *Bæ* í *Reykhólasveit* þegar eftir að vestanpóstur er þangað kominn frá *Hjarðarholti*, fer um *Eyri*, *Brjámslæk Bıldudal*, og *Sveinseyri* að *Vatneyri*, og snýr aptur eftir sólarhrings dvöl um *Brjámslæk* og *Eyri* að *Bæ*.
8. ÍSAFJARÐARSÝSLU-PÓSTARNIR eru tveir, og fara frá *Ísafirði* þegar eftir komu vestanpóstsins þangað:
 - a) Fer annar um *Holt* í Öndarfirði að *Þingeyri* við Dýrafjörð, og snýr þaðan aptur eftir 12 tíma dvöl sömu leið til Ísafjarðar; þó má póstur þessi, eftir nánari ákvörðun póstaftgreiðslu-mannsins á Ísafirði, þegar nægur tími er til, fara allt að *Rafnseyri* við Arnarfjörð.
 - b) Hinn fer sjóleiðis frá *Ísafirði* til Snæfjalla, þaðan til *Staðar* í Grunnavík og þaðan aptur til *Hesteyrar* í Sljettuhreppi, og ef tími er nægur að *Stað* í Adalvík, og síðan, sem fyrst unnt er, sömu leið aptur til Ísafjarðar.
9. STRANDASÝSLUPÓSTURINN fer frá *Stað* í *Hrútafirði* daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík, fer um *Borðeyri*, *Prestbakka* og *Hrófberg* í Steingrímsfirði, Bjarnarfjarðarháls og Bala að *Kvíkum* við *Reykjarfjörð*, og snýr þaðan aptur eftir sólarhrings dvöl sömu leið að *Stað*.
10. HÚNAVATNSSÝSLUPÓSTARNIR eru tveir:
 - a) Fer annar frá *Steinsstöðum* daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá *Stað*, um *Blönduós* til *Skagastrandar* verzlunarstaðar, og snýr þaðan aptur eftir sólarhringsdvöl, sömu leið að *Sveinsstöðum*.
 - b) Hinn fer frá *Sveinsstöðum*, einnig eftir komu norðanpóstsins þangað, um *Vesturhópshöla* að *Tjörn* á Vatnsnesi og snýr aptur þaðan eftir 6 tíma dvöl sömu leið að *Sveinsstöðum*.
11. SKAGAFJARÐARSÝSLUPÓSTARNIR eru tveir.
 - a) Annar þeirra leggur á stað frá *Víðimýri*, daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík, fer um *Sauðárkrók*, *Lón*, *Hofsós* og *Haganes* til *Síglufjarðar* og snýr aptur sömu leið, eftir sólarhrings bið þar.
 - b) Hinn pósturinn fer frá *Víðimýri*, eftir komu norðanpóstsins þangað frá *Stað*, að *Lýtingsstöðum* í Lýtingsstaðahreppi og snýr aptur eftir að minnsta kosti 6 tíma dvöl, sömu leið að *Víðimýri*.
12. EYJAFJARÐARSÝSLUPÓSTURINN fer frá *Akureyri*, daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá *Stað* að *Tjörn* í Svarfaldardal og snýr aptur eftir sólarhrings dvöl þar.
13. ÞINGEYJARSÝSLUPÓSTARNIR eru þrír: Einn þeirra fer frá Grenjadarstað, þegar er Seyðisfjarðarpósturinn er þangað kominn frá Akureyri, kemur við á *Húsavík*, *Skinnastöðum* og *Presthólum* og mætir á *Raufarhöfn* öðrum Þingeyjarsýslupóstin-

105

um. Sá póstur fer frá Vopnafirði sama dag og hinn pósturinn á að fara frá Grenjadarstað og kemur við á *Sauðanesi* og *Svalbarði*. Þegar báðir þessar póstar eru komnir til Raufarhafnar, snúa þeir aptur sömu leið til Grenjadarstaðar og Vopnafjarðar, og má Seyðisfjarðarpósturinn eigi fara frá Grenjadarstað í leiðinni til Akureyrar, fyrr en annar þeirra er kominn aptur að Grenjadarstað. Þriðji pósturinn fer frá Akureyri, þegar eptir komu norðanpóstssins þangað, austan Eyjafjarðar út í Höfðahverfi að *Grýtubakka*, og snýr þaðan aptur eptir 6 tíma dvöl til Akureyrar.

14. MÚLASÝSLUÞÓSTARNIR eru þrír:

- a) Hinn fyrsti fer frá *Höfða* í Vallahreppi, undir eins og aðalþósturinn er kominn þangað frá Akureyri, um *Böt* og *Hrafnabjörg* til *Vopnafjarðar* og snýr aptur þaðan eptir sólahrings dvöl, sömu leið að Höfða.
- b) Annar fer frá *Höfða* að *Hjaltastað* í Hjaltastaðapinghá eptir komu aðalþóstsins að Höfða og snýr aptur sömu leið, eptir 6 tíma dvöl á Hjaltastað.
- c) Hinn þriðji fer frá Eskifirði þegar eptir komu þóstsins þangað frá Bjarnanesi, um *Kolfreyjustað* að *Stöð* í *Stöðvarfirði*, og snýr aptur sömu leið eptir 6 tíma dvöl. Þessi póstur má stytta sjer leið með sjóvegsflutningi yfir *Reyðarfjörð* og *Fáskrúðsfjörð*, ef veður leyfir.

15. VESTMANNAEYJAPÓSTURINN fer frá *Odda* að *Ljótastöðum*, daginn eptir komu austanþóstsins frá Reykjavík, og snýr þegar aptur að *Odda*. Þegar pósttaskan kemur frá Vestmannaeyjum að *Ljótastöðum*, skal henni komið svo snemma að *Odda*, að hún komist á austanþóstin, á leið hans til Reykjavíkur.

16. ÁRNESSÝSLUÞÓSTARNIR eru þrír, og fara þeir allir á stað frá *Hraungerði* svo fljótt sem unnt er, eptir komu austanþóstsins frá Reykjavík.

- a) Einu þeirra fer um *Ólafsvelli* að *Reykjum* á *Skeidum*.
- b) annar að *Burfelli* í Grímsnesi, og snúa báðir þessar póstar þegar aptur að *Hraungerði*.
- c) Þriðji pósturinn fer ofan á *Eyrarybakka*, og snýr þaðan aptur morguninn eptir að *Hraungerði*.

Reykjavík, 16. ágúst 1891.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

106

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í norður- og austuramtinu 3.—6. júní 1891.

Árið 1891, 3. d. júnímán. var aðalfundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu settur á Akureyri og haldinn af amtmanni J. Havsteen, forseta amtsráðsins, og amtsráðsmönnum, Einari Ásmundssyni í Nesi og Ólafi Briem á Álfgaersvöllum.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Framlagðir voru eptirfylgjandi reikningar yfir tekjur og gjöld ýmsra sjóða 1890, sem standa undir stjórn og umsjón amtsráðsins.
 - a. Búnaðarsjóds norður- og austuramtsins,
 - b. Búnaðarskólasjóds norður- og austuramtsins,
 - c. Styrktarsjóds fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað,
 - d. Gjafasjóds Guttorms prófasts Þorsteinssonar til fátækra í Vopnafirði,
 - e. Gjafasjóds Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar til fátækra í Vallanessókn,

- f. Prentsmiðjúsjóðs norður- og austuramtsins. Amtsráðið endurskoðaði þessa reikninga og gat ekkert að þeim fundið.
2. Framlagður var reikningur jafnaðarsjóðsins fyrir 1890, og samþykkti amtsráðið hann.
 3. Framlögð var skýrsla frá sjera O. V. Gíslasyni viðvíkjandi ferð hans um amtið í fyrrasumar, og bónarbrjef um styrk af jafnaðarsjóði, til þess að ferðast um amtið í sumar, til fundarhalda við bjargráðanefndir og framkvæmda í bjargráðamálum. Amtsráðið veitti sjera O. V. Gíslasyni 100 kr. styrk til ferðar þessarar og í viðurkenningarskygni fyrir góðar framkvæmdir hans í umræddu máli.
 4. Amtsráðið veitti kvennaskólanum á Laugalandi 300 kr. styrk af jafnaðarsjóði, og voru framlagðar skýrslur frá skólanum fyrir 1890—91 og endurrit af síðasta reikningi hans.
 5. Kvennaskólanum á Ytríey var veittur 300 kr. styrkur af jafnaðarsjóði, með því skilyrði að skýrslur frá skólanum fyrir 1890—91 og endurrit af síðasta reikningi hans yrði sent forseta amtsráðsins.
- Frumvarp til skipulagsskrár fyrir kvennaskólann á Ytríey, sem sýslunefndin í Húnavatnssýslu hafði samið og sent amtsráðinu til staðfestingar, ályktaði ráðið að senda fyrst sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu til íhugunar, þar sem þetta mál nær eigi síður til Skagafjarðarsýslu en Húnavatnssýslu.
6. Framlagður var reikningur amtsbókasafnsins fyrir 1890; fannst ekkert við hann að athuga. Amtsráðið veitti safninu 200 kr. styrk af jafnaðarsjóði. Ályktað var að gefa út bókaskrárvíðauka á þessu ári. Ennfremur var ályktað að amtsbúar aðrir en þeir, sem heima eiga á Akureyri, skyldu frá nýári 1882 lausir við að greiða 2 kr. árstíllag það sem hingað til hefur áskilið verið fyrir notkun safnsins.
 7. Forseti lagði fram brjef nmbodsmanns Þingeyraklausturs, 29. oktr. 1890, og þar með fylgjandi erindi frá Grími bónda Jónssyni á Gestafelli, þar sem hann fyrir hönd móður sinnar Agnar Guðmundsdóttur og systur sinnar ekkjunnar Auðbjargar Jónsdóttur og svo í eigin nafni sækir um 1000 kr. verðlaun fyrir æðarvarpsrækt og miklar jarðabætur, sem faðir hans Jón heitinn Árnason gerði á ábúðarjörð sinni Illugastöðum í Kirkjuhvammshrepp, sem liggur undir Þingeyrarklaustursumboð, ef amtsráðið vildi veita ekkjunnni Ögn Guðmundsdóttur einhver verðlaun úr búnaðarsjóði, en ráðið sá sjer það eigi fært. Áður hafði forseti sent landshöfðingja umrætt bónarbrjef og mælt með að Ögn Guðmundsdóttur yrði veittur einhver styrkur úr umboðssjóði ef hægt væri, en landshöfðingi hafði álitid heimild skorta til þess. Eptir framkominni beiðni veitti amtsráðið búnaðarskólanum á Hólum 200 kr. af búnaðarsjóði.
 8. Forseti skýrði frá, að sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hefði kosið að vera með hinu fyrirhugaða austuramti, sbr. lög 11. júlí 1890, um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, og frá tillögum sínum við landshöfðingja um það, hvernig skipta skyldi sjóðum, eignum og skuldum hins núverandi norður- og austuramts milli hinna nýju amta, og þar sem byggt var á því, að hin nýja amtsráðsskipun kæmist á 1. jan. 1892, voru ræddar og samþykktar á-

106. ætlanir um tekjur og gjöld hvors hinna nýju amta út af fyrir sig á árinu 1892, og eru þær á þessa leið:

Áætlun			
um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs norðuramtsins 1892.			
Tekjur:		Kr. a.	Kr. a.
1. Eptirstöðvar frá 1891		1000 00	
2. Jafnaðarsjóðsgjald :		1900 00	2900 00
Gjöld:			
1. Amtsráðið		500 00	
2. Sáttamál		50 00	
3. Heilbrigðismál		300 00	
4. Menntamál		800 00	
5. Heyrnar- og málleysingja		380 00	
6. Uppi 5. afborgun Skjálfandafjóltsbrúarlánsins		237 00	
7. Óviss útgjöld		633 00	2900 00

Áætlun			
um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs austuramtsins 1892.			
Tekjur:		Kr. a.	Kr. a.
1. Eptirstöðvar frá 1891		500 00	
2. Jafnaðarsjóðsgjald		1500 00	2000 00
Gjöld:			
1. Amtsráðið		600 00	
2. Sáttamál		30 00	
3. Heilbrigðismál		150 00	
4. Menntamál		200 00	
5. Heyrnar- og málleysingjar		280 00	
6. Uppi 5. afborgun Skjálfandafjóltsbrúarlánsins		163 00	
7. Óviss útgjöld		577 00	2000 00

9. Forseti skýrði frá hvernig kosningar í hin nýju amtsráð hefðu fallið.

Með því sjera Ólafur Petersen á Svalbarði, sem er kosinn amtsráðsmaður fyrir Norður-Þingeyjarsýslu, er eigi nema 25 ára að aldri, eptir embættismannatali því, sem prentað er í C. deild Stjtið. 1890, og 26 ára eptir skýrslu þeirri um verkfæra karlmenn í Svalbarðshrepp, sem fylgir sýsluvegasjóðsreikningnum fyrir 1890, sem sýslunefndin hafði þá fyrir sjer, sbr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, 45. gr., stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. jan. 1874, 18. gr. 3. og lög 14. septbr. 1877, um kosningar til alþingis 6. gr. 3. (sbr. brjef landshöfðingja, 5. júní 1884, Stjtið. 1884, B, bls. 114 - 115) felldi amtsráðið þessa kosningu úr gildi og skoraði á sýslunefndina í Norður-Þingeyjarsýslu, að kjósa fyrir árslok annan mann í amtsráðið með hliðsjón af þeim lagareglum, sem gilda um kjörgengi til amtsráðsins.

Framh.

Skýrsla

106

um aðalfund amtsráðsins í norður- og austuramtinu 3.—6. júní 1891. (Framh.)

Að öðruleyti voru kosningar sýslunefndarinnar í amtsráðinu teknar gildar, en tjeðar kosningar fjellu á þessa leið:

Norðuramtíð.

Sýslur:	Fulltrúar:	Varafultrúar:
Húnavatns:	Benedikt Blöndal, Hvammi	Pjetur Pjetursson á Gunnsteinsstöðum.
Skagafjarðar:	Ólafur Briem, Álfgaersvöllum.	Einar B. Guðmundsson, Hraunum.
Eyjafjarðar:	Magnús Sigurðsson, Grund.	Próf. Davíð Guðmundsson, Hofi.
Suður-Þingeyj.:	Einar Ásmundsson, Nesi.	Próf. Árni Jónsson, Skútustöðum.

Austuramtíð.

- Norð.-Þingeyj.: Árni Árnason, Höskuldarnesi.
- Norður-Múla: Sjera Einar Jónss., Kirkjubæ. Halldór Gunnlögsson, Vestdalseyri.
- Suður-Múla: Sigurður Einarsson, Hafursá. Friðrik Möller, Eskifirði.
10. Forseti skýrði frá, að hann samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 16.—18. júní f. á. hefði leitt athygli sýslumanna og sýslunefnda að lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjördir sýslunefnda og skorað á þá, að senda hingað reglugjördir þær, sem sýslunefndirnar hefðu útgefið, um eyðing refa, fjallskil og fjárheimtur, til staðfestingar og löggildingar á næsta aðalfundi amtsráðsins.

Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hafði síðan samið og sent frumvarp, sem framlagt var, til reglugjörðar um fjallskil og melrakkaveiðar, og staðfesti amtsráðið frumvarpið þannig að það kæmi í gildi 1. jan. 1892. Hinar aðrar sýslunefndir í amtinu hafa lýst því yfir, að þær hefði eigi getað útkljáð þetta mál að þessu sinni.

11. Framlagt var erindi nokkurt frá hreppsnefndinni í Torfalækjahrepp innan Húnavatnssýslu, 12. desbr. f. á. þar sem hún skýtur til amtsins úrskurði sýslunefndarinnar 3. marz f. á., sem ákveður að nefndur hreppur skyldi borga 35 kr. 75 aur. fyrir eptirleit haustið 1889. Amtsráðið áleit, að sýslunefndin hefði eigi með tjeðum úrskurði farið fram yfir vald sitt, og fann eigi ástæðu til að fella hann úr gildi.
12. Forseti lagði fram erindi frá hreppsnefndinni í Vindhælishrepp, þar sem hún fer þess á leit, að felld verði úr gildi ályktun eða reglugjörð sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu á fundi hennar 3.—8. marz f. á. um gangnatilhögun og sauðfjárrjettaskipun í Vindhælishrepp og fleiri hreppum, að því er snertir rjettaskipun og gangnatilhögun í Vindhælishrepp, og að það sje látið á valdi hreppsnefndarinnar, að svo miklu leyti, sem það ekki kemur í bága við samþykktir og samkomulag hreppsnefndanna í Vindhælis- og Engihlíðarhreppum, er hafi verið eða síðar kunni að komast á. Ennfremur var framlagt álit sýslunefndarinnar um þetta mál.

Amtsráðið, sem er þeirrar skoðunar, að heppilegast og rjettast sje, að sýslunefndir, sem hljóta að vera kunnugastar hvernig tilhagar í hjeraðinu, yfir höfuð geri endilega út um gangna- og fjallskilamál, ályktaði að hin umrædda reglugjörð eða ályktun sýslunefndarinnar skyldi standa óhöggud.

Til samlags við áðurgreint mál var framlagt annað erindi frá hreppsnefndinni í Vindhælishrepp, þar sem hún áfrýar til ráðsins úrskurði sýslunefndarinnar í Húna-

2. dag septembermán. 1891.

106

vatnssýslu, 3. febr. 1891, þar sem ákveðið er að hreppsnefndin skuli greiða 10 kr. sekt fyrir brot gegn fyrnefndri ályktun sýslunefndarinnar 3. marz f. á. og reglugjörð hennar um gangnatilhögun og sauðfjárrjettaskipun í Vindhælishrepp, sem eigi nefnir sektir á nafn, en brotið virðist fólgið í því, að Skrapatungurjett hafi eigi verið „nefnd“ sem skilarjett. Krefst hreppsnefndin þess, að þessi sektarúrskurður verði felldur úr gildi, en til vara að hreppsnefndinni í Vindhælishrepp gefist kostur á að kynna sjer kæruskjal hreppsnefndaroddvitans í Engihlíðarhrepp 3. desbr. f. á., sem gaf tilefni til þess að hreppsnefndin í Vindhælishrepp var sektuð eins og sagt var. Amtsráðið ályktaði út af þessu, að sýslumaður skyldi gefa hreppsnefndinni færi á að láta til umsögn sína um nefnt kæruskjal hreppsnefndaroddvitans í Engihlíðarhrepp, og senda umsagnarskjalið til forseta amtsráðsins með áliti sýslunefndarinnar.

13. Amtsráðið tók aptur til umræðu erindi hreppsnefndarinnar í Engihlíðarhrepp innan Húnavatnssýslu, 20. marz f. á., sbr. skýrslu um fund amtráðsins 16.–18. júní 1890 (Stjtið. 1890, B, bls. 115–116) þar sem hreppsnefndin áfrýjar til amtráðsins úrskurði sýslunefndarinnar 28. febr. 1887, sem ákveður að fyrnefndur hreppur skuli leggja 3 menn til gangnaskila á Eyvindarstaðaheiði, og var nú framlögð umsögn hreppsnefndarinnar í Bólstaðarhlíðarhrepp um málið, sem æskt hafði verið eftir, og brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu og heimtuð skýrsla hans um fyr-tjéðan úrskurð sýslunefndarinnar í samanburði við úrskurð sýslunefndarinnar 29. jan. 1879, sem ákvað að 4 fremstu bæirnir í Engihlíðarhrepp skyldu vera lausir við að gera fjallskil á Eyvindarstaðaheiði, en til slíkra fjallskila hafði sýslunefndin til bráðabirgða, með úrskurði 6. júní 1877, skyldað 4 fremstu bæina í Engihlíðarhrepp.

Amtsráðið ályktaði að standa skyldi við fyrnefndan úrskurð sýslunefndarinnar 29. jan. 1879, en úrskurður hennar 28. febr. 1887, felldur úr gildi, enda varð eigi sjeð af hverjum ástæðum sýslunefndin hafði breytt úrskurði sínum 29. jan. 1879, 8 árum síðar, og svo er eigi tekið neitt fram um umrædda skyldu Engihlíðarhreppsmanna í reglugjörð eða ályktun sýslunefndarinnar 3. marz f. á., um gangnareglutilhögun og sauðfjárrjettarskipun í nefndum hrepp.

14. Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu 21. marz þ. á. þar sem hann eftir ályktun sýslunefndarinnar leitar samþykkis amtsráðsins til þess, að leggja megí árlega fyrst um sinn 50 kr. úr sýslusjóði til búnaðarsjóðs fyrir Eyjafjarðarsýslu, sem landshöfðingi hefir með brjefi 18. apríl þ. á. veitt leyfi til að stofnaður yrði af þeim 600 kr., sem sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu átti innistandandi í búnaðskólanum á Hólum (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 16.–18. júní 1890, Stjtið. B, bls. 110), og af 18 kr. 50 a. sem standa inni í sýslusjóði ónotaðar af landssjóðsstyrk þeim til eflingar búnaði, sem sýslunni hafði verið veittur 1886 og 1888, en vöxtunum af sjóðnum skal varið til verðlauna fyrir jarðabætur, sem lúta að grasrækt, einkum handa fátækum framtaksmönnum.

Með því amtsráðið varð að álíta, að slíkur sjóður mundi verða til gagns, samþykkti það, að áðurnefnd fjárgreiðsla úr sýslusjóði mætti eiga sjer stað fyrst um sinn, og setti þær reglur viðvíkjandi sjóðnum, að hann skyldi tryggður með fasteignarveði, sem væri fullnægjandi, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um útlán á

fje ómyndugra, og að árlegan reikning skyldi gera yfir tekjur og gjöld hans, er yrði úrskurðaður af amtsráðinu. 106

15. Kom fram skýrsla um það, að Jón Borgfirðingur í Reykjavík vildi etpirláta amtsbókasafninu á Akureyri bókasafn sitt, gegn því að hann fengi uppeldi sitt í elli sinni svo sem 350 kr. tillag á ári, en svo skyldi hann aftur verja kröftum sínum í þarfir bókasafnsins.

Sökum efnaleysis amtbókasafnsins gat amtsráðið eigi sinnt þessu, og var þeirrar skoðunar að rjettast mundi að bókasafn Jóns yrði sameinað við landbókasafnið eða skólabókasafnið í Reykjavík.

16. Forseti framlagði erindi frá Þórarni bónda Benjamínssyni á Efrihólum, dags. 13. maí 1890, sem barst amtinu 21. nóvbr. s. á., og þar sem hann ber sig upp undan því, að sjer hafi verið gerð of há útsvör til Prestshólahrepps 1888–89 og 1889–90, og að hreppsnefndaroddivitinn, verzlunarstjóri Jakob Gunnlögsson á Raufarhöfn, hafi án sinnar vitundar og vilja skifað út úr verzlunarreikningi sínum útsvarið fyrir 1888–89, en látið taka hjá sjer lögtaki útsvarið fyrir 1889–90 eftir því sem sýslunefndin hafði sett það niður á fundi sínum 7. og 8. maí 1890. Jafnframt var framlagt umsagnarskjal hreppsnefndarinnar ásamt tveimur fylgiskjölum og brjef sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, 23. marz þ. á., málinu viðvíkjandi.

Amtsráðið gat eigi eptir framkomnum málavöxtum sjeð að hreppsnefndin eða sýslunefndin hefði í þessu máli farið út fyrir vald sitt, og ályktaði að það gæti ekki sinnt þessari kæru Þórarins Benjamínssonar, sem stæði frítt fyrir að leita meints rjettar síns við dómstólana, ef hann þættist hafa orðið fyrir röngu hvað snerti lögtakið og útskriptina úr verzlunarreikningi hans.

17. Forseti lagði fram bænarskrá frá 39 búnaðarfjelögum í amtinu um styrk af því fje, sem ræðir um í 10. gr. C. 4. b. fjárlaganna fyrir 1890 og 1891 og sem landshöfðingi útbýtir, og skýrslur fjelaganna um hinar unnu jarðabætur á árinu 1890, sem komnar voru til amtráðsins frá sýslunefndunum, með tillögum þeirra, en amtsráðið byggði á því, að amtinu hlotnuðust allt að því 3200 kr. af fyrnefndri fjárveiting fyrir yfirstandandi ár, eins og í fyrra og eptir sama hlutfalli sem áður hefir átt sjer stað um samskonar fjárveitingar. Eptir hinum framkomnu skýrslum og tillögum sýslunefndanna gerði amtsráðið tillögur sínar um útbýting fyrnefndrar upphæðar.

18. Að gefnu tilefni frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu í brjefi 19. apríl 1890 ákvað amtsráðið að jarðabótastörf þau, sem talin eru í þeim skýrslum búnaðarfjelaga, er fylgja skulu bænarskrám þeirra um styrk af fjárveitingu úr landssjóði til eflingar búnaði, skyldu eptirleiðis metin til dagsverka eptir þeim reglum sem hjer koma:

10 faðma túnasljettun skyldi teljast 1 dagsverk,

300 ten.feta skurðagröftur skyldi teljast 1 dagsverk,

200 ten.feta stíflugarðahleðsla skyldi teljast 1 dagsverk

250 ten.feta vörzlu- og túngarðahleðsla skyldi teljast 1 dagsverk.

Ennfremur tók amtsráðið það fram, að aðrar jarðabætur en þær, sem lúta að grasrækt, gætu ekki komið til greina.

19. Forseti framlagði erindi nokkurt með fylgiskjölum frá hreppsnefndinni í Áshrepp,

106. Þar sem hún skýtur til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar 6. febr. þ. á., er ákveður um útsvarskæru Jóns Jónssonar á Kornsó, sem hreppsnefndin hafði frávísað sem of seint framkominni, að hreppsnefndin skyldi úrskurða kærana að efninu til, af því að það væri sannað, að hreppsnefndin hefði eigi kallað kæranda á fund áður en hún felldi frávísunarúrskurð sinn.

Amtsráðið var þeirrar skoðunar, að hreppsnefnd skyldi yfir höfnð ávallt kalla útsvarskæranda á fund, þótt nefndin álitu, að kæran væri of seint fram komin, og að nefndin mundi komast að þeirra niðurstöðu, að frávísa henni; samkvæmt þessu skyldi hreppsnefndin í Áshrepp taka málið fyrir aptur til meðferðar, hvort heldur til frávísunarúrskurðar eða úrskurðar að efninu til, eptir að hafa kallað kæranda á fund sinn:

20. Út af bænarskrá frá hreppsnefndinni í Helgastaðahrepp og tillögum sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu, gerði amtsráðið þá breytingu á skipun yfirsetukvennumdæma í Þingeyjarsýslu, að 8. umdæmið skyldi ná yfir Þóróddsstaða og Nessókn að undanteknum Skógum í Reykjahverfi, sem fylgja 7. umdæminu (Húsavíkurhrepp og 9. umdæmið yfir Helgastaðaprestakall og Grenjadarstaðarsókn að undanteknum þeim bæjum í sókninni, sem eru í Húsavíkurhrepp og sem eru þessir: Brekkakot, Reykir, Holtakot, Heiðarbót og Þverá.
21. Framlagt var erindi frá hreppsnefndinni í Akrahrepp innan Skagafjarðarsýslu, þar sem hún skýrir svo frá, að kosningar til hreppsnefndar þar í hrepp hafi í fyrsta skipti eigi framfarið fyr en 1875, þótt hvervetna annarstaðar hefði verið kosið 1874, eins og vera þar, og að hreppsnefndarkosningarnar þar í hrepp fari fram ári síðar en á að vera fyrir þessa sök. Óskar hreppsnefnin þess að lagfæring komist á þetta, en þar að lútandi málaleitun nefndarinnar hafði sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu, á fundi sínum 20.—22. febr. 1889, eigi viljað taka til greina. Áður amtsráðið gerði út um þetta mál ályktaði ráðið að leita um það umsagnar sýslunefndarinnar, sem eigi hefði á sínum tíma gefið ástæður fyrir neitun sinni gagnvart hreppsnefndinni.
22. Samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu samþykkti amtsráðið að vegurinn frá fjallveginum yfir Siglufjarðarskarð fram Austurfjót að sýslutakmörkum á Lágheiði skyldi tekinn upp í tölu sýsluvega.

Forseti skýrði frá, að sýslunefndirnar í Norður-Þingeyjarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu, sem hann með brjefi 24. maí 1890, þá er hann birti brjef landshöfðingja 8. s. m. um aðalþóstvegi, hafði skorað á að láta uppi tillögur sínar um sýsluvegi, hefðu eigi getað komið að neinni niðurstöðu um þetta málefni á nýafstöðnum fundum sínum og ályktað að fresta því. Út af þessu vildi amtsráðið skora fastlega á nefndir þessar og skipa þeim að útkljá þetta mál á næstu fundum, og senda forseta ráðsins tillögur sínar um sýsluvegi um sýslurnar.

Forseti skýrði amtsráðinu frá vegabótum þeim og vegagjörðum, sem fram höfðu farið á aðalþóstleiðinni um amtið árið 1890, og eins þeim, sem ráðgert er, að framkvæmdar verði á yfirstandandi ári.

23. Amtsráðið hafði þegar á fundi sínum 16.—18. júní f. á. (Stjtið. 1890, B. bls. 112) rætt álit ingeniørs A. Siwersons viðvíkjandi stefnu aðalþóstvegarins um eystri hluta Húnavatnssýslu frá Stóru-Giljá að Gili í Svartárdal, án þess að tillögur sýslunefndarinnar um álit þetta þá lægju fyrir, og meiri hluti þess þá kom-

ist að þeirri niðurstöðu, að fallast á álit ingeniörsins og þá tillögu hans, að veginn skyldi leggja frá Stóru-Giljá að Reykjum á Reykjabraut, þá meðfram Svínavatni að austan og svokölluðum Múla að Tunguvaði og Löngumýrarferju við Blöndu og yfir Svartá í Svartárdal, en eigi fram hjá Tindum að Holtastaðaferju; nú hafði forseti amtráðsins meðtekið með brjefi sýslumannsins í Húnavatnssýslu 18. marz þ. á. tillögur sýslunefndarinnar um álit A. Siwersons, sem hún hafði látið uppi á fundi sínum 3.—7. febr. þ. á., og hefir nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að leggja skyldi veginn frá Stóru-Giljá ofan að Blönduósi, yfir Blöndu við Neðri-Klif þar sem gott er brúarstæði, og svo upp Langadalinn að Gili í Svartárdal. Þannig var þá vegastefnan frá Reykjum fram hjá Tindum og að Holtastaðaferju, sem amtráð og sýslunefnd áður hafði adhyllst, úr sögunni.

Með því nú forseta amtráðsins eigi gat dulizt, að ástæður þær, sem sýslunefndin hafði tilfært skoðan sinni til stuðnings, hefðu mikið við að styðjast, enda hafði landshöfðingi á sínum tíma byggt á því, að álit sýslunefndarinnar um tillögur A. Siwersons væru fyrir hendi, þegar málið væri borið undir amtráðið, hafði forseti afráðið að bera málið eins og það nú lá fyrir undir ráðið, sem tók það til yfirvegunar og ljet uppi svolátandi álit sitt um það.

Meiri hluti amtráðsins getur eigi fallið frá því álitu, sem varð ofan á hjá því á fundi þess 16.—18. júní f. á. Brúin, sem gerð yrði yfir Blöndu á Svínavatnsveginum verður að vísu að álitu A. Siwersons 8700 kr. dýrari en brú skammt fyrir ofan Blönduós á Neðriklifum, en að hún verði mörgum 8000 kr. dýrari, eins og sýslunefndin heldur fram, vegna gífurlegs flutningskostnaðar á brúarefni upp að efra brúarstæðinu, getur meiri hlutinn naumast ætlað, því að A. Siwerson ætti að minnsta kosti að hafa tekið hæfilegt tillit til kostnaðaraukans við flutninginn. Þá er aðgætandi að vegalengdin frá Giljá um Blönduós að Gili er 37240 m. (rúm 4½ míla), en meðfram Svínavatni að austan 26900 m. (um 3½ míla) og þetta gerir töluverðan mun á kostnaðinum við vegagjörðina. A. Siwerson hefur enga áætlun gjört um kostnaðinn við Blönduósvegin, sem hann ef til vill hefur eigi hugsað sjer að gæti komið til greina, en að líkindum yrði sá vegur að minnsta kosti 16000 kr. dýrari en hinn vegurinn, þótt vegagerð sje hin hægasta milli Giljár og Blönduóss, því þá er eptir leiðin upp Langadalinn, og eru á þeirri leið Æsustaðaskriðurnar og aðrir örðugleikar við vegagjörð. Skriðurnar nefnir sýslunefndin ekki, og getur það komið upp á móti því, að A. Siwerson nefnir ekki Svartá, sem er farartálminn á Svínavatnsveginum. Kostnaðurinn við veginn meðfram Svínavatni og brúargjörð yfir Blöndu þar fremra verður eptir áætlun A. Siwersons alls 95000 kr., en veg- og brúargerð á Blönduóisleiðinni yrði að minnsta kosti um 7300 kr. dýrari.

Á hinn bóginn skal það fúslega játað, að miðhluti sýslunnar hefði hið mesta gagn af því, að vegurinn yrði lagður um Blönduós, og yrði þá komizt hjá þeim kostnaði, sem lagning sýsluvegar um Langadalinn hefði í för með sjer, og er þess að gæta, að helmingur af hinu árlega sýsluvegagjaldi sýslunnar, sem ekki er mikið í sjálfu sjer, gengur til aðalpostvega samkvæmt 3. gr. vegalaganna 10. nóvbr. 1887. Ennfremur kemur til skoðunar, að umferðin um efri leiðina er naumast svo mikil að hún geti rjettlætt dýra brúargerð.

Það sem í stuttu máli mælir með veginum meðfram Svínavatni er það, að hann

106 er langtum styttri en Blönduósvegurinn, og liggur beinna fyrir, sbr. grundvallarregluna í 2. gr. laga 10. nóvbr. 1887, um vegi, og að vegagerð og brúargerð á Svínavatnsveginum er ódýrari en vegagerð og brúargerð til samans á hinum veginum, enda hefir A. Siwerson skýrt svo frá, að til þess að nota Svínavatnsvegin fyrst um sinn þyrfti einungis að búa til akveg um mýrarflákann þar, sem er 11400 m. ($1\frac{1}{2}$ míla) á lengd, frá því lítið eitt fyrir austan Laxá fram hjá Svínavatnskirkju og Löngumýri, en sá vegur mundi kosta 32000 kr, og brúin ásamt með 3900 m. löngum vegakafli kosta 55000 kr., alls 87000 kr.

Það sem mælir á móti veginum er það, að fara þarf yfir Svartá, sem getur verið slæmur farartálmi.

Það sem mælir með Blönduósveginum er það, að hann liggur hentugt við fyrir allmarga sýslubúa, og svo er brúargerð ódýrari þar og hægri hvað flutning á brúarefni snertir en á fremri veginum.

Það sem mælir á móti er það, að þessi leið er krókur, og vegagerð dýrari en á hinum veginum meðfram Svínavatni, og að örðugleikar eru á því, að leggja veg um Æsustaðaskriðurnar og víðar í Langadal.

24. Framlagðir voru eftirfylgjandi reikningar og skjöl frá búnaðarskólanum á Hólum.
- a. Prentuð skólaskýrsla fyrir 1889—90.
 - b. Endurrit af fundargjörðum stjórnarnefndarinnar 6. og 7. nóvbr, 1890 og 26. og 27. jan. 1891, og af fundargjörðum hinnar nýju stjórnarnefndar 21.—25. maí 1891.
 - c. Endurrit af framhaldsúrskurði amtsráðsins um skólareikninginn 1887—88 með áritun stjórnarnefndarinnar.
 - d. Endurrit af úrskurðum amtsráðsins um skólareikninginn 1888—89, með áritun stjórnarnefndarinnar.
 - e. Endurrit af úrskurðum amtsráðsins um reikning skólabúsins 1888—89 með áritun stjórnarnefndarinnar um fullnustu úrskurðanna.
 - f. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans 1889—90 með fylgiskjölum, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum reikningshaldara.
 - g. Reikningur skólahúsins 1889—90, með fylgiskjölum, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðartillögum stjórnarnefndarinnar.
 - h. Reikningur Hólakirkju 1888—89, með athugasemd endurskoðenda og svari reikningshaldara.
 - i. Reikningur Hólakirkju 1889—90 með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðartillögum stjórnarnefndarinnar.
 - k. Skrá yfir herbergjaskipun í hinu fyrirhugaða skólahúsi, ásamt uppdrætti af því.
 - l. Reikningur búnaðarskólans fyrir 1890—91 án fylgiskjala.

Amtsráðið yfirfór skjöl þessi og úrskurðaði reikningana stafl. f—i.

Út af fyrirspurn frá stjórnarnefnd skólans um það hvort sængurlega kvenna yrði heimfærð undir 23. gr. tilsk. 26. jan. 1866, um vinnuhjú á Íslandi, sjerilagi þegar konan væri óljett við byrjun vistarársins, ljét amtsráðið í ljósi það álit sitt, að þegar gipt kona ætti í hlut, væri það sjálfsagt að færi um sængurlegu hennar eftir nefndri lagagrein.

Amtsráðið var stjórnarnefndinni samdóma um það, að eigi væri þörf á, að ráðið

gæfi út erindisbrjef handa stjórnarnefndinni, þar sem ákvarðauir um verksvið hennar voru teknar upp í hina nýju reglugjörð skólans.

Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hafði verið því meðmælt, að skólabúið framvegis verzlaði í kaupfjelagi Skagfirðinga og sendi sauði til sölu á Englandi fyrir eigin reikning, en sýslunefndin í Húnavatnssýslu verið því mótfallin, að lifandi peningur væri sendur til útlanda til sölu þar uppá ábyrgð skólabúsins. Amtsráðið var sýslunefndinni í Húnavatnssýslu samdóma um þetta mál og ályktaði, að það skyldi bannað að búið hefði slíka sauðasölu eða hrossasölu um hönd, en ekkert væri því til fyrirstöðu að það að öðru leyti tæki þátt í pöntunarfjelagi til þess að fá sem bezt og ódýrust kaup.

Amtsráðið fjellst á þá ályktun stjórnarnefndarinnar, að eptirleiðis yrðu hafðir 2 undirkennarar við skólann.

Forseti framlagði brjef landshöfðingja 21. ágúst 1890, þar sem hann samkvæmt tillögum amtsráðsins leyfir, að frestað verði að ákveða hvort heldur Norður-Þingeyarsýsla skuli taka þátt í búnaðarskólanum á Hólum eða búnaðarskólanum á Eiðum, þangað til sýslunefndin í nefndri sýslu samkvæmt lögum 11. júlí 1890, um nokkrar breytingar á tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi o. fl., hefði kosið um hvort heldur sýslufjelag þetta skyldi vera partur úr norðuramtinu eða austuramtinu. Nú hefur sýslunefndin í Norður-Þingeyarsýslu á fundi sínum 15.—16. apríl þ. á. kosið að vera með austuramtinu, en hvað hluttöku í öðrum hvorum búnaðarskólanum snertir, kom fram alveg samskonar álit hennar eins og í fyrra (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 16.—18. júní 1890, Stjtið 1890. B, bls. 111), og vill nefndin hafa búnaðarskóla eða fyrirmyndarbú út af fyrir sig. Forseti skýrði frá, að hann með brjefi, dags. 8. f. m., hefði skýrt landshöfðingja frá málavöxtum, en beðið hann að fresta að gera út um málið þangað til komið væri álit sýslunefndanna í Múlasýslunum, sem samstundis væri leitað; ennfremur hafði forseti skýrt stjórnarnefnd Hólaskólans frá þessu, sem í brjefi 30 f. m., sem var framlagt, hafði lýst því yfir, að hún álti það eðlilegast og hagkvæmast, að Norður-Þingeyarsýsla tæki þátt í búnaðarskólastofnun Austfirðinga.

Amtsráðið ræddi þetta mál aptur og gat ekki í neinu breytt tillögum sínum um það frá í fyrra, og vildi leggja það til við landshöfðingja, að hann skipaði svo fyrir, að Norður-Þingeyarsýsla tæki þátt í búnaðarskólahaldinu á Eyðum, og að hluti sýslunnar í búnaðarskólasjóði yrði lagður til skólans þar og hið árlega búnaðarskólagjald. Þetta gjald nemur um 57 kr. á ári, en sýslan átti í sjóði við síðustu árslok 1398 kr. 50 a., og er því ekki vel hugsanlegt, að hún geti komið upp búnaðarstofnun fyrir jafnlítið fje, heldur yrði hún að taka lán, sem yrði sýslufjelaginu mjög þungbært, ef ekki ofvaxið. Ef svo ólíklega skyldi fara, að sýslunefndirnar í Múlasýslunum eigi vildu taka Norður-Þingeyarsýslu í fjelag við sig um búnaðarskóla, væri ekki annað fyrir, en að sameina þessa sýslu við norðuramtíð um búnaðarskólahaldið á Hólum.

25. Framlögð voru eptirnefnd skjöl og reikningar viðvíkjandi Eyðaskóla.

a. Skilríki fyrir því, að fullnægt væri úrskurði amtsráðsins á skólareikningnum 1885—86.

106

- b. Skýrsla um kennsluna á skólanum og verklegar framkvæmdir á skólaárinu 1889—90, og skýrsla um einkunnir við burtfararprófið 1890.
- c. Reikningar fyrir 1889—90 um efnahag skólans ásamt athugasemdum endurskoðenda.

Amtsráðið yfirfór reikninga þessa og ályktaði að heimta ýmsar upplýsingar þeim viðvíkjandi áður en það leggði á þá úrskurð sinn.

26. Framlögð voru eptirnefnd eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfirfarin:

- a. Frá Húnavatnssýslu fundargjörðir frá 3.—7. febr. þ. á.

Amtsráðið samþykkti að sýslunefndin hafði jafnað niður 1050 kr. 90 a. sýslusjóðsgjaldi í stað 992 kr. 51 e: sem niður mátti jafna í mesta lagi.

- b. Frá Skagafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 11.—14. marz þ. á.
- c. Frá Eyjafjarðarsýslu fundargjörðir 11.—14. marz þ. á.
- d. Frá Suður-Þingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 18.—20. marz þ. á.

Sýslumaður hafði að vísu haldið þenna aðalfund sýslunefndarinnar í marz samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 16.—18. júní 1890 (Stjtið. 1890 B., bls. 118) og brjefi þess 3. júlí 1890, en forseti ráðsins hafði samt eigi meðtekið frá sýslumanninum fyr en 3. maí hið fyrgreinda endurrit af gjörðabók nefndarinnar. Þar sem póstur hafði farið um Þingeyjarsýslu í byrjun aprílmánaðar, fann amtsráðið ástæðu til að brýna fyrir sýslumanni, að gæta þess vandlega eptirleiðis, sem honum er gert að skyldu í 37. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og skyldi einnig senda forseta ráðsins sýslusjóðsreikninginn og sýsluvegasjóðsreikninginn með næsta pósti eptir fundarhald sýslunefndarinnar, og svo fljótt sem audið væri aðrar afgreiðslur til ráðsins, er stöfuðu af ályktunum og gjörðum sýslunefndarinnar.

- e. Frá Norður-Þingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 15.—16. apríl þ. á.

Þrátt fyrir framangreinda ályktun amtsráðsins 16.—18. júní f. á. hafði sýslumaður eigi haldið fundinn fyr en í apríl, og ályktaði því amtsráðið að brýna fyrir sýslunefndinni að halda sýslunefndarfundi í marz, og svo tímanlega, að endurrit af fundargjörðunum ásamt sýslureikningum yrði sent forseta fyrst í apríl. Ef þessu eigi yrði hlýtt hafði amtsráðið eigi önnur ráð, en að koma fram ábyrgð gegn sýslumanni.

- f. Frá Norður-Múlasýslu, fundargjörðir frá 11. júní 1890 og 19. marz þ. á.

Út af því, að sýslunefndin hafði ákveðið, að láta nú í vor gera að stuttum vegarkafli af fjallveginum yfir Vestdalsheiði fyrir neðan Vestdalsbrekkur, sem væri orðinn orðinn alveg ófær, uppá væntanlegt endurgjald úr landssjóði, hafði amtmaður skrifað sýslumanni 20. apríl þ. á. og í samhljóðun við brjef sitt 20. desbr. f. á. tjáð sýslumanni, að hann eða sýslunefndin mætti að vísu láta smávegis aðgerðir framframa á aðalpóstvegum og fjallvegum, sem ekki væru sýsluvegir, þegar bráðasta nauðsyn væri til þess, vegna þess að vegur hefði orðið fyrir stórskemmdum, eða hætta væri að fara um hann, en ef um eiginlegar vegagjörðir eða stórvægilegar vegabætur væri að ræða, annaðhvort á aðalpóstvegum eða fjallvegum, sem ekki væru sýsluvegir, útgengju allar hjeraðlútandi ráðstafanir frá landshöfðingja eptir tillögum amtsráða (sýslunefnda) og vegfróðs

Framh.

Skýrsla

106

um aðalfund amtsráðsins í norður- og austuramtinu 3.—6. júní 1891. (Framh.) manns samkvæmt 3. gr. laga 10. nóvbr. 1887, um vegi. Áætlun yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins fyrir árið 1891 virðist eigi vera með felldu. Kostnaður er áætlaður alls 1920 kr. en tekjur 360 kr. 11 a. í sjóði, og gjald hreppanna 828 kr. 65 a., alls 1188 kr. 76 a. Hallinn ætlar svo sýslunefndin jafnist með hundaskattinum, en það er aðgætaandi, að þessi skattur rennur í sveitarsjóðina, en alls ekki í sýslusjóð, sbr. lög 22. maí 1890, um hundaskatt o. fl., og er það allt annað mál, að sýslumaður getur tekið sýslusjóðsgjald hreppanna af hundaskattinum, að því leyti, sem hann til brekkur, en afganginum skal hann skila hreppasjóðunum.

g. Frá Suður-Múlasýslu fundargjörðir frá 17. septbr. 1890 og 4. maí 1891.

Sýslumaður hafði, að líkindum fyrir hönd sýslunefndarinnar, farið þess á leit, að amtsráðið vildi samþykkja, að jafna mætti niður 1657 kr. 43. aur. sýslusjóðsgjaldi eða 21½ eyr. á hvert hundrað, sem fer langt fram úr því, sem jafna mátti niður. Amtsráðið samþykkti þetta eptir kringumstæðunum, en tillagan hefði átt að koma frá sýslunefndinni sjálfri, sem eigi sjest að hafi gert nokkra ályktun um að leita þessa samþykkis.

Amtsráðið fól forseta sínum að leita upplýsinga um hvernig á því stæði, að 500 kr. væru ætlaðar til lögferjunnar á Egilstöðum og Hvammi, sem virðist æði mikið.

Að því leyti, sem sýslunefndin hafði gjört ályktun um hvernig verja skyldi því fje, sem eptir var í sjóði frá 1890 af þeim helmingi sýsluvegagjaldsins, sem gengi til aðalþóstvega, og þeim helmingnum af sýslavegagjaldinu fyrir 1891, er gengi til aðalþóstleiðarinnar, þá vildi amtsráðið leiða athygli nefndarinnar að því, að allar ráðstafanir, er snerta aðalþóstvegi, útganga frá landshöfðingja, en annað mál væri það. að sýslunefndir og amtsráð kæmu fram með tillögur sínar hjer að lútandi. Forseti skýrði frá að hann hefði skrifað landshöfðingja hjer að lútandi, 16. maí f. á. í samhljóðun við óskir sýslunefndarinnar, og fjellst amtsráðið á það.

Aðalfundur sýslunefndarinnar hafði eigi verið haldinn fyrr en 4. maí, þrátt fyrir það að amtsráðið hafði svo fyrirskipað á fundi sínum 16.—18. júní þ. á., að sýslumaður skyldi halda fundinn eigi seinna en í marz. Amtsráðið vildi því enn einu sinni brýna þetta fyrir sýslumanni, en ef það eigi hjálpaði væri ekki annað fyrir hendi en að koma fram ábyrgð gegn honum.

27. Framlagðir voru eptirnefndir sýslusjóðsreikningar fyrir árið 1890,

- a. Úr Húnavatnssýslu.
- b. — Skagafjarðarsýslu,
- c. Eyjafjarðarsýslu,
- d. Suður-Þingeyjarsýslu,
- e. Norður-Þingeyjarsýslu,
- f. Norður-Múlasýslu,
- g. Suður-Múlasýslu.

Við reikninginn úr Suður-Þingeyjarsýslu fannst að athuga, að 4. og 5. fylgi-

16. dag septembermán. 1891.

skjalið ber það með sjer, að sýslunefndin hefur haldið aukafund 13. septbr. 1890, en endurrit úr gjörðabókinni viðvíkjandi þessu fundarhaldi var eigi komið til forseta amtsráðsins; ráðið ljét í ljósi óánægju sína yfir þessu, og ályktaði að sýslumaður skyldi tafarlaust senda forseta endurritið.

Athugasemdir endurskoðenda sýslunefndarinnar við reikninginn úr Suður-Múlasýslu úrskurðaði amtsráðið á þá leið, að eign sjóðsins skyldi talin 478 kr. 43 a. í stað 460 kr. 49 a. eins og í reikningnum stendur.

Að öðru leyti fann amtsráðið ekkert að athuga við ofanefnda sýslusjóðsreikninga og samþykkti þá.

28. Framlagðir voru til rannsóknar og úrskurðar eptirnefndir sýsluvegasjóðsreikningar:

1. Úr Húnavatnssýslu.

2. — Skagafjarðarsýslu.

Við þessa reikninga fannst ekkert að athuga og voru þeir samþykktir.

3. Úr Eyjafjarðarsýslu.

Amtsráðið úrskurðaði reikninginn á þessa leið:

Vantalið vegabóttagjald úr Glæsibæjarhrepp og Vallahrepp, 50 aur. úr hvorum hreppnum, alls 1 kr., ber að færa til inntekta í næsta reikningi.

Sömuleiðis ber að færa til inntekta í næsta reikningi 102 kr., sem borgaðar hafa verið úr sjóðnum fyrir aðgjörð á aðalpóstveginum frá Krókeyri að Gilsferju, en þessi upphæð hefur verið endurborguð úr landssjóði, auk 10 kr., sem síðar er upplýst að eigi gengu til aðgjörðar á aðalpóstveginum, heldur til brúargjörðar á öðrum stað, og skulu því landssjóði endurborgast þessar 10 kr., sem má færa til endilegra útgjalda í sýsluvegasjóðsreikningnum.

Aðalskýrslu um sýsluvegagjörðir á árinu vantaði og sömuleiðis matsgjörðir og vottorð valinkunnra manna um framkvæmdar vegagjörðir; hafði forseti lagt fyrir sýslumann að bæta úr þessu.

4. Úr Suður-Þingeyjarsýslu.

Forseti hafði gjört nokkrar athugasemdir við reikning þenna, sem kom svo seint frá sýslumanni, að eigi var tími til að fá svör reikningshaldara við athugasemdirnar fyrir fundinn, og fól amtsráðið forseta sínum að úrskurða reikninginn þegar svörin væru komin.

5. Úr Norður-Þingeyjarsýslu.

Við þenna reikning fannst ekkert að athuga.

6. Norður-Múlasýslu.

Vottorð tveggja óviðkomandi valinkunnra manna um vegagjörðir í Tungu- hrepp og Loðmundarfjarðarhrepp vantar, og sömuleiðis matsgjörð á veggjörð í Hjaltastadahrepp, og ber sýslumanni að útvega skjöl þessi og senda þau forseta amtsráðsins. Að öðru leyti fannst ekkert að athuga við reikninginn.

7. Úr Suður-Múlasýslu.

Fyrir vegabót á Hólmahálsi eru vangreiddir 50 aur., svo sjóðurinn við árslok 1890 er rjett talinn 121 kr. 83 a. í stað 122 kr. 33 a. og skal þetta leiðrjett í næsta reikningi. Að öðru leyti var reikningurinn samþykktur.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var því fundi slitið.

p. t. Reykjavík, 8. dag. ágústm. 1891.

J. Havsteen.

Ágrip

af fundargjörðum amtsráðsins í Vesturamtinu, dagana frá 15. til 17. júní 1891.

Ár 1891, 15. dag júnímán., átti amtsráð Vesturamtsins fund með sjer í Stykkishólmi. Á fundinum mættu forseti amtsráðsins, amtmaður E. Th. Jónassen, og amtsráðsmennirnir presturinn síra Sigurður Stefánsson og sýslumaður S. E. Sverrisson.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum.

1. Forseti lagði fram:
 - a, reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir árið 1890,
 - b, — — yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir árið 1890,
 - c, — — yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins fyrir árið 1890, og
 - d, — — yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi fyrir árið 1890, voru reikningar þessir yfirfarnir og samþykktir, með því ekkert fannst athugavert við þá.
2. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga:
 - a, Reikning yfir tekjur og gjöld Ísafjarðarsýslu árið 1890,
 - b, — — úr Austur-Barðastrandarsýslu árið 1889 yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins, einnig yfir tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins fyrir sama ár. Sýslusjóðsreikningurinn fyrir árið 1890 var enn ekki kominn úr þessari sýslu.
 - c, Sýslusjóðs- og sýsluvegagjalds-reikning Vestur-Barðastrandarsýslu árið 1890,
 - d, Sýslusjóðs- og sýsluvegagjaldsreikning Strandarsýslu fyrir árið 1890;
 - e, Frá Dalasýslu sömu reikninga fyrir árið 1890, og
 - f, frá Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sömu reikninga s. á. Við reikninga þessa (a—f) fannst ekkert athugavert.

Sýslusjóðs- og sýsluvegagjaldsreikningur frá Mýrasýslu fyrir árið 1890 var enn þá ókominn.
3. Forseti lagði fram eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna:
 - a, Frá Ísafjarðarsýslu: 4. ág. 1890 og 4.—7. marz 1891,
 - b, — Vestur- Barðastrandarsýslu: 30. apríl 1891,
 - c, Dalasýslu: 27. apríl 1891,
 - d, Strandarsýslu: 7.—10. apríl 1891,
 - e, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu: 20.—22. Apríl 1891,
 - f, Mýrasýslu 7. maí 1890,
 - g, Mýrasýslu: 9. apríl 1891,
 - h, Austur-Barðastrandarsýslu: 10. júní 1890.

Viðvíkjandi hinu framlagða endurriti úr gjörðabók sýslunefndar Dalasýslu frá 27. apríl þ. á., ákvað amtsráðið, að veita ekki samþykki sitt til þess, að sýslunefndin hafði veitt aukalækninum í Dalasýslu og Bæjarhreppi 400 króna lán úr sýslusjóði, og fól ráðið forseta sínum að tilkynna oddvita sýslunefndarinnar neitun sína þar að lútandi, þar eð ekki gæti álitizt heimild til að leggja álögur á sýslubúa til þess að lána privatmönnum fje, enda er ráðinu ókunnugt um, hvernig fje þessu skyldi varið, og auk þess að eins sett trygging fyrir láninu í lausafje, sem ráðinu er ókunnugt um, hve mikið er, eða hverskonar. Að öðru leyti fannst ekkert athugavert við eptirritin.

4. Var framlagt brjef, dags. 15. júní 1891, frá stjórn æðarræktarffjelagsins á Breiða-

107

firði og við Strandaflóa, með 5 fylgiskjöllum, þar sem beiðzt er meðmæla amtsráðsins með því, að fjelaginu verði á ný veitt 5000 kr. lán úr landssjóði til vargeyðslu. Amtsráðið ákvað að leggja meðmæli sín með lánbeiðslu þessari, með því skilyrði, að fjelagið ljeti sjer sjerflagi annt um, að spornað sje rækilega við því, að viðkoma svartbaks geti komizt upp, og sjái einnig um, að allar deildir fjelagsins komi sjer saman um, að verðlaunin fyrir flugvarg verði lækkuð til muna frá því, sem viðgengizt hefur að undanfögnu, eða allt að helmingi.

5. Voru framlögð bónarbrjef frá eptirgreindum búnaðarfjelögum, um að fá styrk af fje því, sem í fjárlögunum er veitt í þessu skyni:

a,	Frá búnaðarfjelagi Ögurhrepps í Ísafjarðarsýslu,	
b,	— — — — —	Súðavíkurhrepps í sömu sýslu,
c,	— — — — —	Reykjarfjarðarhr. - — —
d,	— — — — —	Nauteyrarhrepps - — —
e,	— — — — —	Þingeyrarhrepps - — —
f,	— — — — —	Önfirðingahrepps - — —
g,	— — — — —	Mýrahrepps - — —
h,	— — — — —	Barðastrandarhrepps í Barðastrandarsýslu
i,	— — — — —	Rauðasandshrepps - — —
k,	— — — — —	Tálknafjarðarhrepps - — —
l,	— — — — —	Dalahrepps - — —
m,	— — — — —	Suðurfjarðahrepps - — —
n,	— — — — —	Syðrihluta Strandarsýslu,
o,	— — — — —	Hrófbergshrepps í sömu sýslu,
p,	— — — — —	Saurbæjarhrepps í Dalasýslu,
q,	— — — — —	Fellstrandarhr. - — —
r,	— — — — —	Skarðstrandarhr. - — —
s,	— — — — —	Laxárdalshrepps - — —
t,	— — — — —	Hvammshrepps - — —
u,	— — — — —	Skógarstrandar
v,	— — — — —	Staðarsveitar
x,	— — — — —	Helgafellssveitar
y,	— — — — —	Eyrarsveitar
z,	— — — — —	Innra-Ness-hrepps
þ,	— — — — —	Ytra-Nesshrepps
æ,	— — — — —	Eyja- og Miklaholtshrepps
ö,	— — — — —	Kolbeinsstaðahrepps

} í Snæfellness- og Hnappadalssýslu.

Amtsráðið fól forseta sínum að senda bónarbrjef þessi, sem hlutaðeigandi sýslunefndir hafa mælt með, til landshöfðingja, og álitur amtsráðið, að að eins beri að taka þau búnaðarfjelög til greina við styrkveitingu úr landssjóði, sem að minnsta kosti hafi unnið 150 dagsverk að jarðabótum auk þeirra dagsverka, sem gengið hafa til húsabóta og hlöðubygginga.

Amtsráðið vill til leiðbeiningar láta það álit sitt í ljósi, að hæfilegt sje, að leggja helztu jarðabótastörf þannig í dagsverk:

Þúfnasljettun með plóg og herfi 14 □ faðma

Þúfnasljettun með spaða	10	□	faðma
Af tvíhlöðnum grjótgardi, 4 fet á hæð,	2	faðma	að lengd
— einhlöðnum — — — —	4	—	— lengd
— torfgarði 4 ¹ / ₂ fet að hæð, síginn	5	—	— lengd
— vörzluskurðum	240	teningsfet	
— framræsluskurðum	400	—	

en ráðið gjörir jafnframt ráð fyrir, að umrædd jarðabótastörf sjeu ekki sjerstöðum örðugleikum bundin.

6. Var lagt fram brjef, dags. 23. maí 1891, frá sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, þar sem þess var beiðzt, að amtsráðið vildi hlutast til um, að gjört yrði við veginn yfir Rauðamelsheiði á kostnað landssjóðs nú á næstkomandi fjárhagstímabili. — Þareð amtsráðið er á þeirri skoðun, að samkvæmt lögum um vegi frá 10. nóv. 1887 beri að álita umræddan fjallveg sýsluveg, eins og sýslunefndin í Dalasýslu þegar hefur ákveðið, hvað þann hluta fjallvegur þessa snertir, er liggur í síðastnefndri sýslu, er kostnaður við aðgjörð á honum landssjóði óviðkomandi.
7. Var lagt fram brjef, dags. 1. maí 1891, frá sýslumanninum í Dalasýslu, þar sem þess er beiðzt, að amtsráðið veiti laxveiðafjelaginu í Dalasýslu 50 kr., móts við 50 kr., sem sýslunefndin í Dalasýslu hefur veitt fjelagi þessu. Amtsráðið veitti hinar umbeðnu 50 krónur.
8. Voru framlögð brjef, dags. 18. og 30. apríl 1891, frá sýslunefndum Stranda- og Dalasýslna, þar sem farið er fram á, að amtsráðið hlutist til um, að kvennaskóli komist sem fyrst á fót í Vesturamtinu.

Amtsráðið var að vísu hlynt málefni þessu, en sá sjer að þessu sinni ekki fært að ráðast í framkvæmd á því, þar sem um mjög stórt fjárspursmál er að ræða, heldur taldi rjett, að úrslit um það kæmi til aðgjörða hins nýja amtsráðs næsta ár, og því til undirbúnings fól ráðið forseta sínum að leita álits hinna annara sýslunefnda Vesturamtsins um málið.

9. Þá var lagt fram brjef, dags. 18. apríl 1891, frá sýslumanni Strandasýslu, þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar beiðist þess, að amtsráðið vildi skora á alþingi, sem kemur saman á yfirstandandi sumri, að það setji fastar reglur um allt land fyrir því, hverjar jarðabætur skuli njóta verðlauna af búnaðarfjelagastyrknum úr landssjóði, og eptir hvaða mælikvarða þær skuli lagðar í dagsverk.
10. Þá var lagt fram brjef, dags. 18. apr. p. á., þar sem sýslunefndin í Strandasýslu beiðist samþykkis amtsráðsins til, að lögrjettin í Arnkötludal megi leggjast niður og byggjast upp aptur í Tröllatungulandi.

Amtsráðið fól forseta á hendur að beina máli þessu til næsta alþingis.

11. Þá var og lagt fram brjef, dags. 18. apr. p. á., þar sem sýslunefndin í Strandasýslu óskar þess, að amtsráðið leggi samþykki sitt á samning, dags. 23. apr. 1890, á milli búenda Kirkjubólshrepps og Fellshrepps, er fylgdi með brjefinu, að svo miklu leyti sem samningur þessi ekki er samhljóða ákvæðum fjallskilareglugjörðarinnar fyrir Strandasýslu, um heimalandsleitir og sundurdrátt.

107

Amtsráðið samþykkti samninginn, að því leyti sem hann ekki er samhljóða fjallskila- reglugjörðinni í umræddu tilliti.

12. Þá var enn lagt fram brjef frá prestinum í Stafholti, dags. 16. maí 1891, þar sem þess er beiðst, að amtsráðið veiti af jafnaðarsjóði Vesturamtsins fje til meðlags yfirstandandi ár með mállausri stúlku, Guðrúnu Kristjánsdóttur, sem er til heimilis á Eskiholti í Mýrasýslu, þar sem vel fer um hana og henni gefst kostur á að læra almenna vinnu.

Amtsráðið veitti 100 kr. úr jafnaðarsjóði með hinum nefnda málleysingja, þar sem nú sem stendur ekki er kostur á að útvega honum frekari kennslu.

13. Samkvæmt beiðni frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík var ákveðið að veita nefndum skóla 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði Vesturamtsins fyrir yfirstandandi ár.
14. Í tilefni af brjefti sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, dags. 18. marz 1890, viðvíkjandi reglum fyrir heilbrigðisnefndir, ákvað amtsráðið að fela forseta sínum á hendur að semja slíkar reglur, sem allar sýslunefndir amtsins eigi kost á að gefa álit sitt um, eptir að hafa borið sig saman við hlutaðeigandi hreppsnefndir, og skyldu reglur þessar að því búnu leggjast fyrir amtsráðið til endilegrar samþykktar.
15. Í tilefni af brjefti skólastjórans í Ólafsdal, dags. 13. júní 1891, þar sem hann beiðist tilhlutunar amtsráðsins um, að snúið sje á íslenzku hinum nauðsynlegu kennslubókum í námsgreinum þeim, sem kenna þarf við búnaðarskólana hjer á landi, ályktaði amtsráðið, að fela forseta, að fara þess á leit við alþingi, að það vildi veita nauðsynlegt fje til þess að láta sem fyrst útleggja eða frumsemja kennslubækur, er nota mætti við búnaðarskólana.
16. Þá var framlagt brjef, dags. 13. júní 1891, frá skólastjóra Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal, þar sem hann leggur til, að smíðar sjeu felldar úr reglugjörð fyrir nefndan skóla, sem skyldunámsgrein.

Amtsráðið fjellst á þessa tillögu, að smíðar sjeu ekki framvegis skyldunámsgrein við skólann, en fól forseta sínum að skora á skólastjóran, að annast um, að veitt verði kennslupiltum á skólanum tilþögn í íslenzkri rjettritun, svo sem kringumstæður leyfa.

17. Ákveðið að verja til Ólafsdalsskólans á þessu ári, eins og hjer segir:

1. Meðgjöf með 3 piltum í eldri og með 8 piltum í yngri deild, samtals respektive 133 kr. 33 a. og 250 kr. fyrir hvern, samtals	2400 kr.
2. Til verkfærakaupa og viðhalds þeirra	75 —
3. Til prófdómenda	40 —
4. Laun handa forstöðumanni skólans	800 —
5. Laun handa aukakennara	350 —
6. Til bókakaupa og kennsluáhalda	100 —
7. Vextir og afborgun af bankaláni	130 —
	Samtals: 3895 —

og skyldi til þess ganga:

1. Vextir af búnaðarsjóði Vesturamtsins	415 —
2. Búnaðarskólagjald amtsins	632 —
3. Af vöxtum af búnaðarskólasjóði	348 —

Flyt: 1395 —

	Flutt: 1395 kr.	107
4. Styrkur úr landssjóði	2500 —	
	Samtals: 3895 —	
18. Var rædd og samþykkt eftirfylgjandi		
Áætlun		
um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs amtsins 1892.		
Tekjur:		
1. Eptirstöðvar í sjóði	1000 —	
2. Niðurjöfnun	2000 —	
	Samtals: 3000 —	
Gjöld:		
1. Til bólusetninga og heilbrigðismála	650 —	
2. Til heyrnar og málleysingja	100 —	
3. Kostnaður við amtsráðið	800 —	
4. Til ferðakostnaðar	150 —	
5. Ýmisleg gjöld	300 —	
6. Eptirstöðvar	1000 —	
	Samtals: 3000 —	

Fleiri mál voru ekki fyrirtekin, og var fundi slitið, eptir að hann hafði staðið

15. 16. og 17. júnímán.

Amtmaðurinn í Vesturamtinu, Reykjavík, 3. septbr. 1891.

E. Th. Jónassen.

Ágrip

108

af fundargjörðum amtsráðsins í Suðuramtinu, dagana frá 27. til 30. júní 1891.

Árið 1891, hinn 27. júnímán., átti amtsráðið í Suðuramtinu fund með sjer á skrifstofu amtmannsins í Suðuramtinu.

Á fundinum voru: Amtmaðurinn í Suðuramtinu, amtsráðsmaður Isleifur prestur Gíslason í Arnarbæli og vara-amtsráðsmaður Sæmundur prófastur Jónsson í Hraungerði.

Þessi málefni komu þar til umræðu:

1. Forseti lagði fram:
 - a, reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir árið 1890,
 - b, reikning yfir búnaðarskólagjaldið í Suðuramtinu fyrir árið 1890, og
 - c, leigulidasjóðsreikning Suðuramtsins fyrir árið 1890;

Voru reikningar þessir yfirfarnir og fannst ekkert athugavert við þá.
2. Forseti lagði fram eftirfylgjandi sýslusjóðsreikninga:
 - a, Reikning fyrir Austur-Skaptafellssýslu fyrir árið 1890. Við hann fannst ekkert athugavert.
 - b, Reikning fyrir Vestur-Skaptafellssýslu fyrir árið 1890. Við hann fannst ekkert að athuga.
 - c, Reikning fyrir Rangárvallasýslu fyrir árið 1890. Við hann var ekkert að athuga.

108

- d, Reikning fyrir Vestmannaeyjasýslu árið 1889. Við hann var ekkert að athuga.
- e, Reikning fyrir Vestmannaeyjasýslu árið 1890. Við hann var heldur ekkert athugavert.
- f, Reikning fyrir Árnessýslu fyrir árið 1890. Við þann reikning er þetta athugavert:
1. Að oddvita ber að gjöra ráðstöfun til, að gjald fyrir borgarabryf handa Ívari Sigurðssyni, 50 kr., sem fallnar voru í gjalddaga fyrir löngu, verði tafarlaust greiddar sýslusjóðnum.
 2. Sömuleiðis ber oddvita að hlutast til um, að fyrverandi settur sýslumaður Björn Bjarnarson endurborgi 1 kr. 60 a. til sýslusjóðs, er hann hefur látið greiða sjer úr nefndum sjóði fyrir þingboðsílát, þar eð gjald þetta er sýslusjóði óviðkomandi.
 3. Við reikning yfir tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins vill amtsráðið gjöra þá athugasemd, að oddvita sýslunefndarinnar ber að gjöra gangskör að, að innheimta frá formanni sínum í embættinu, Stefáni Bjarnarsyni, þann hluta af skuld Magnúsar Jónssonar í Bráðræði til vegasjóðs Árnessýslu, sem amtsráðinu er kunnugt um, að borgaðar hafa verið til tjeðs sýslumanns, svo framarlega sem skuld þessi er ekki enn greidd í sýslusjóð; en síðasti sýsluvegasjóðsreikningur ber ekki með sjer, að svo sje, enda þótt skilríki sjeu fyrir því, að fyrverandi sýslumaður, Stefán Bjarnarson, hefur fyrir æði löngum tíma veitt fje þessu viðtöku.
- g. Reikning fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir árið 1890. Við hann fannst ekkert athugavert.
- h. Reikning fyrir Borgarfjarðarsýslu fyrir árið 1890. Við þann reikning athugast þetta:
1. Amtsráðið viðurkennir, að oddviti hefur auðsjáanlega gjört sjer mikið far um, að innheimta á þessu ári útistandandi sýslusjóðs- og sýsluvegagjald frá fyrri árum, og væntir því fremur, að það sem enn stendur eptir, verði innheimt sem fyrst.
 2. Með skýrskotun til þess, sem tekið er fram í athugasemdum við reikninginn fyrir árið 1887, vill amtsráðið brýna fyrir oddvita að ganga eptir fylgiskjöllum með sýslureikningnum, svo að þau geti öll fylgt reikningnum, þegar hann er sendur til endurskoðara.
 3. Amtsráðið heldur enn fram ákvæðum sínum um útreikning á vegagjaldinu eptir verðlagsskrá undanfarandi árs, og það því fremur, sem 10. gr. í lögum 10. nóvbr. 1887 virðist styðja þá skoðun þess, og þessvegna álízt athugasemd endurskoðara um það atriði í vegareikningnum ekki vera á rökum byggð.
3. Forseti lagði fram eptirrit þau, er nú skal greina, af fundarbókum sýslunefndanna.
- a, í Austur-Skaptafellssýslu, fundargjörðir 4 maí 1891; fannst ekkert athugavert við þær.
- b, í Vestur-Skaptafellssýslu, fundargjörðir 22.—23. apríl 1891; fannst heldur ekkert athugavert við þær.

Ágrip

af fundargjörðum amtsráðsins í Suðuramtinu, dagana frá 27. til 30. júní 1891.

c, í Rangárvallasýslu, fundargjörðir 25. og 26. ágúst 1890. Við þær var ekkert að athuga.

Fundargjörðir 29. og 30. apríl 1891. Við þær athugar amtsráðið það eitt, að þar sem þær bera ekki með sjer, að sýslunefndin hafi áskilið neina vexti af því vegafje, sem inni stendur hjá fyrverandi sýslumanni H. E. Johnssyni, og sem hún hefur gefið honum gjaldfrest á, telur amtsráðið fulla ástæðu til, að hæflegir vextir verði greiddir af því, eins og líka rjettara hefði verið fyrir sýslunefndina, sem hefur ábyrgð á sjóðnum, að heimta veð fyrir þessu fje.

d, í Vestmannaeyjasýslu, fundargjörðir 2. septbr. 1890. Við þær var ekkert að athuga. — Fundargjörðir 19. febr. 1891 og 2. júní s. á. Við þær fannst heldur ekkert að athuga.

e, í Árnessýslu, fundargjörðir 24. sept. 1890. Við þær var ekkert að athuga. Fundargjörðir 20.—22. apríl 1891. Við þær fannst ekkert athugavert.

f, í Gullbringu- og Kjósarsýslu, fundargjörðir frá 28.—29. okt. 1890. Við þær var ekkert að athuga. Fundargjörðir 21.—22. maí 1891. Við þær athugast það eitt, að amtsráðið getur ekki fallizt á þá ákvörðun sýslunefndarinnar, að vextir skuli ekki greidast þetta ár af eptirstöðvum af hallærsláni, sem ýmsir hreppar sýslunnar hafa fengið af sýslusjóði, og felur því forseta, að leggja fyrir oddvita sýslunefndarinnar, að innheimta þessa vexti hjá hlutaðeigandi hreppum og greiða þá í landssjóð innan loka þessa árs.

g, í Borgarfjarðarsýslu, fundargjörðir 25.—27. febr. 1891. Við þær fannst ekkert athugavert.

4. Voru framlögð bónarbrjef frá eptirfylgjandi búnaðarfjelögum, um styrk af því fje, sem í fjárlögunum er ætlað búnaðarfjelögum:

a, í Austur-Skaptafellssýslu:

frá búnaðarfjelagi Borgarhafnarhrepps,
— framfarafjelagi Hornfirðinga og Lónsmanna,
— búnaðarfjelagi Örfæinga.

b, í Vestur-Skaptafellssýslu:

frá búnaðarfjelagi Kleifahrepps.

c, í Rangárvallasýslu:

frá búnaðarfjelagi Holtamannahrepps,
— framfarafjelagi Landamannahrepps,
— búnaðarfjelagi Hvolhrepps,
— — — Austur-Landeyjahrepps,
— búnaðar- og jarðabótafjelagi Merkurbæja.

d, í Árnessýslu:

frá búnaðarfjelagi Grímsnesshrepps,
— — — Ölfushrepps,
— — — Gaulverjabæjarhrepps,
— — — Gnúpverjahrepps,
— — — Hrunamannahrepps,
— — — Hraungerðishrepps,
— — — Villingaholtshrepps,

23. dag septembermán. 1891.

108

- frá búnaðarfjelagi Skeiðahrepps,
 — — Sandvíkurhrepps,
 — — Stokkseyrarhrepps,
 — — Biskupstungnahrepps.
- e, í Gullbringu- og Kjósarsýslu:
 frá jarðabótarfjelagi Kjósarhrepps,
 — búnaðarfjelagi Seltjarnarnesshrepps,
 — — Mosfellssveitarmanna og Kjalnesinga.
- f, í Borgarfjarðarsýslu;
 frá búnaðarfjelagi Leirár- og Melahrepps.
 — — Innra-Akranesshrepps,
 — — Strandarhrepps,
 — — Hálsahrepps,
 — — Andakýlshrepps,
 — — Lundareykjadalshrepps,
 — — Skilmannahrepps,
 — — Skorradalshrepps,
 — — Reykholtshrepps.
- g, — — Suðuramtsins.

Amtsráðið fól forseta sínum, að senda bönarbrjef þessi, þau er fengið hafa meðmæli sýslunefnda, til landshöfðingja, og álitur, að aðeins beri að taka þau búnaðarfjelog til greina við styrkveitingu úr landssjóði, sem hafa að minnsta kosti unnið 150 dagsverk að jarðabótum, auk þeirra dagsverka, sem gengið hafa til húsabóta og hlöðubygginga.

Amtsráðið vill til leiðbeiningar láta þá skoðun sína í ljósi, að hæfilegt sje, að leggja helztu jarðabótastörf þannig í dagsverk:

Þúfnasljettun með plóg og herfi	14	<input type="checkbox"/>	faðma
Þúfnasljettun með spáða	10	<input type="checkbox"/>	faðma
Af tvíhlöðnum grjótgarði, 4 fet á hæð,	2		faðma að lengd
— einhlöðnum — — — — —	4		— — lengd
— torfgarði 4 $\frac{1}{2}$ fet að hæð, sígnum	5		— — lengd
— vörzluskurðum	240		teningsfet
— framræsluskurðum	400		— —

en amtsráðið gjörir jafnframt ráð fyrir, að umrædd jarðabótastörf sjeu ekki sjerstökum örðugleikum bundin.

Amtsráðið mælir með því, að búnaðarfjelagi Suðuramtsins verði í ár veittar 2000 kr. af því fje, sem í fjárlögunum er ætlað búnaðarfjelögum.

- Forseti lagði fram brjef frá prófastinum í Borgfjarðarprófastsdæmi, dags. 5. desbr. f. á., þar sem hann biður um yfirlýsingu amtsráðsins, sem umráðanda Hvanneyrar-kirkju, um það, hvort lög 22. maí 1890, um innheimtu og meðferð á kirknafje, 7. gr., skuli ná til þeirrar kirkju, sem er bændakirkja. — Amtsráðið ályktaði, að láta í þessu efni sitja fyrst um sinn við það, sem verið hefur.
- Var lagt fram brjef frá kvennaskólanefndinni í Reykjavík, dags. 4. p. m., sem fer

- þess á leit, að kvennaskólanum verði veittur styrkur af jafnaðarsjóði suðuramtsins eftir því sem amtsráðið sjái sjer frekast fært. Amtsráðið ákvað að veita tjeðum skóla 100 kr. í ár af jafnaðarsjóði.
7. Var framlagt brjef frá sýslumanninum í Árnessýslu, dags. 12. p. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar þar fer þess á leit, að amtsráðið hlutist til um, að nýtt bóluufni verði árlega sent í hvern hrepp sýslunnar eða prestakall. Amtsráðið fól forseta, að annast um framkvæmd á þessu.
 8. Var lagt fram brjef frá sýslumanninum í Árnessýslu, dags. 12. p. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar þar ber það undir álit amtsráðsins, hvort ekki sje eðlilegra og rjettara, að telja ekki meðal eptirstöðva í hinum árlegu sveitareikningum gömul þurfamannalán, sem lítil líkindi sjeu til að fáist endurgoldin, þar sem þetta gefi alveg ranga hugmynd um hinn sanna efnahag hreppanna, en að þar á móti sje látin fylgja hvers árs reikningi skrá yfir þessi lán. Amtsráðið fjellst á, að þetta sje miklu rjettara, og fól oddvita, að gjöra ráðstafanir til, að þessi tilhögun komizt á í öllum sýslum amtsins, að því viðbættu, að nauðsynlegt sje, að sveitabækur beri glögglega með sjer, hvað hver hreppur á hverjum tíma á úti-standandi í lánnum.
 9. Forseti lagði fram reglugjörð fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu um notkun afrjetta fjallskil o. fl., sem amtsráðinu hafði verið send til staðfestingar. Amtsráðið fól forseta að yfirfara hana og staðfesta hana, ef ekkert fyndist í henni, sem væri lögum gagnstætt.
 10. Þá var lögð fram reglugjörð fyrir Austur-Skaptafellsýslu um notkun afrjetta, fjallskil m. fl. — Amtsráðið fól hana sömuleiðis oddvita til rannsóknar og staðfestingar, ef hún hefði ekkert inni að halda, sem lögum væri gagnstætt.
 11. Var lögð fram reglugjörð fyrir Vestmannaeyjasýslu um fjársöfn m. m. Amtsráðið fól forseta sínum, að yfirfara hana og staðfesta, ef hún væri lögum samkvæm.
 12. Var lögð fram reglugjörð um grenjaleitir og refaveiðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Amtsráðið fól forseta, að rannsaka hana og staðfesta, ef hún væri lögum samkvæm.
 13. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Vestmannaeyjasýslu, dags. 3. p. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar þar biður um samþykki amtsráðsins til þess, að jafna megi niður á Vestmannaeyjahrepp 64 kr. fram yfir það, sem áætlanin hljóðar um. Amtsráðið veitir þetta leyfi.
 14. Þá var lagt fram brjef frá sýslumanninum í Vestmannaeyjasýslu, dags. 3. p. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar þar biður um, að amtsráðið hlutist til um, að skipuð verði heilbrigðisnefnd þar á eyjunum. Amtsráðið ákvað að fela forseta sínum, að semja reglur fyrir heilbrigðisnefndir, sem allar sýslunefndir amtsins fái svo kost á að segja álit sitt um, eptir að hafa borið sig saman við hlutaðeigandi hreppsnefndir, og skuli reglur þessar, að því búnu, leggjast fyrir amtsráðið til endilegrar samþykktar.
 15. Forseti lagði fram brjef frá oddvita sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu, dags. 2. p. m., sem biður amtsráðið að hlutast til um, að gjörðir sjeu á yfirstandandi sumri rúmgóðir náttthagar kringum Reykjavík fyrir útflutningsfje, að fjárkaupmenn verði fengnir til að nota þá, þog að ráðstafanir verði gjörðar til að fjeð hafi nægilegt

108

- beitiland á daginn í kringum Reykjavík. Amtsráðið fól amtmanninum, að gjöra nauðsynlegar, framkvæmanlegar ráðstafanir til þess, að vel verði farið með útlutningsfje það, sem á haustin er rekið til Reykjavíkur.
16. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu, dags. 2. p. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar í Austur-Skaptafellssýslu fer þess enn á ný á leit við amtsráðið, að það hlutist til um, að Austur-Skaptafellssýsla verði skilin frá Suðuramtinu og sameinuð austuramtinu, með þeim skilyrðum, sem tekin eru fram í ályktun sýslunefndarinnar í tjeðri sýslu á fundi 27. apríl 1889. Amtsráðið vill veita eindregin meðmæli sín með þessu, og fól forseta, að afgreiða málið til landsstjórnarinnar.
 17. Eptir beiðni sýslunefndarinnar í Árnessýslu veitti amtsráðið samþykki til þess, að vegurinn frá Múla í Biskupstungum að Þjórsárholti verði framvegis sýsluvegur.
 18. Forseti lagði fram brjef frá sýsluönnunum í Skaptafells- og Árnessýslum, þar sem þeir fyrir hönd sýslunefndanna í Vestur-Skaptafells- og Árnessýslum fara fram á, að veitt verði fje úr landssjóði til að endurbæta lítt færa og ófæra kafla á aðalpóstvegnum í þessum sýslum. Amtsráðið fól forseta að beina þessum tilmælum til landshöfðingja með beztu tilmælum.
 19. Lagðar voru fram tillögur sýslunefndanna í Austur- og Vestur-Skaptafellssýslum um það, hvernig verja skuli þeim helmingi sýsluvegagjaldanna í þessum sýslum, sem í ár á að ganga til aðalpóstleiðarinnar, og fól amtsráðið forseta, að senda þær til landshöfðingja með meðmælum sínum.
 20. Samkvæmt ákvæðum amtsráðsins á aðalfundi þess f. á., hafði forseti leitað tillaga allra sýslunefnda í amtinu um það, hverjar varúðarreglur mundu tiltækilegastar til þess, að fyrirbyggja eignatjón, leiðandi af rekstrum á sölu-sauðfje og hrossum gegnum sýslurnar. Voru nú tillögur um þetta komnar frá öllum sýslunefndum, og framlagðar. Eptir að amtsráðið hafði nákvæmlega yfirfarið þessar tillögur, komst það að þeirri niðurstöðu, að allsendis ómögulegt væri, að setja neinar hagfelldar, framkvæmanlegar ákvarðanir hjeraðlútandi, nema með lagaboði.
 21. Lagt var fram bónarbrjef frá Oddi presti Gíslasyni um 300 kr. úr jafnaðarsjóði til bjargráðaframkvæmda. Amtsráðið veitti 100 kr. í þessu skyni.
 22. Forseti lagði fram brjef frá sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu, þar sem beðið er um meðmæli amtsráðsins til landshöfðingja viðvíkjandi aðgjörð á aðalpóstveginum gegnum Mosfells- Kjalarness- og Kjósarhreppa, og brjef frá Hvalfjarðarstrandarhreppi, er fer fram á umbætur á aðalpóstleiðinni þar. Amtsráðið fól forseta, að senda landshöfðingja þessar beiðnir og mæla með því að þeim verði framgengt, þegar fje er fyrir hendi.
 23. Amtsráðið veitti að þessu sinni að eins 50 kr. styrk af jafnaðarsjóði til sæluhúsvardarins á Kolviðarhóli, Jóns Jónssonar, af þeirri ástæðu, að talsvert almennar kvartanir hafa komið fram yfir honum sem sæluhúsverði.
 24. Amtsráðinu hafði borizt brjef frá sýslunefndinni í Borgarfjarðarsýslu, dags. 1. marz p. á., sem fer þess á leit, að amtsráðið hlutist til um, að betri tilhögun komist á með auglýsingar á óskilafjenaði á haustin, og er þess getið, að brjefi þessu fylgi tillögur frá nefnd, er kosin hafði verið af sýslunefndinni til að fjalla um þetta mál, en þær tillögur fylgdu ekki með þessu brjefi til amtsráðsins. Amtsráðið fól forseta sín-

um, að ganga eptir þessum tillögum, og því næst að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir í málefni þessu, samkvæmt þeim tillögum, að svo miklu leyti sem hann gæti fallizt á þær.

108

25. Því næst var rædd og samin áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins fyrir árið 1892, svo látandi:

Tekjur:

1. Eptirstöðvar 1891	1500 kr.
2. Niðurjöfnun	2050 --
	Samtals: 3550 --

Gjöld:

1. Til bóluasetninga og annara heilbrigðismálefna	500 --
2. — ferðakostnaðar	200 --
3. — kennslu heyrnar og malleysingja	• --
4. — sáttamála	100 --
5. Kostnaður við amtsráðið	550 --
5. Ýmisleg útgjöld	700 --
7. Eptirstöðvar	1500 --
	Samtals: 3550 --

26. Lögð var fram skýrsla frá skólustjóra Sveini Sveinssyni um búnaðarskólann á Hvanneyri fyrir fardagaárið 1890—91, reikningur yfir kostnað við búnaðarskólann s. á., — og tillögur frá þeim 2 sýslunefndarmönnum í Borgarfjardarsýslu, sem eiga að hafa umsjón með skólanum, um það, hverjar umbætur á húsum o. fl. þeim virðast óumflýjanlega nauðsynlegar hið allra fyrsta að unnt er. Samkvæmt þeim skýrslum, sem forseti lagði fram, um allan kostnað, er leitt hefur af skólastofnun þessari frá byrjun, árið 1889, er amtsráðinu það ljóst, að tillag það af opinberu fje, er skólanum hefur hingað til hlotnast, er mjög svo ónógt, og stafar það einkum af því, að strax varð að koma upp skólahúsi, er kostaði e. 5000 kr., kaupa áhöfn á jörðina m. fl. — Þessvegna felur nú amtsráðið forseta, að fara þess á leit við alþingi í sumar:

1. að veittar verði til búnaðarskólans á Hvanneyri um næsta fjárhagstímabil að minnsta kosti 3000 kr. hvort árið, og
2. að ekki þurfi um næsta fjárhagstímabil að greiða annað en vexti af því fje, er búnaðarskólinn hefur fengið að láni úr landssjóði, samkvæmt skuldabryfum $\frac{19}{10}$ 1885 og $\frac{11}{6}$ 1886. — Síðan var fundarbókin upplestin og fundi slitið hinn 30. júní.

Amtmaðurinn í suðuramtinu, Reykjavík 3. septbr. 1891.

E. Th. Jónassen.

Reglugjörð

fyrir Austur-Skaptafellssýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettarhöld, meðferð á óskilafje, refaveiðar o. fl., samþykkt af sýslunefnd Austur-Skaptafellssýslu 1890.

I. *Um upprekstur.*

1. gr.

Áð svo miklu leyti, sem heimaland er eigi nægilegt til beitar á sumrum, ber öllum, sem afrjett eiga eða fengið geta hjá öðrum, að nota hann til uppreksturs fyrir fjallfje sitt. Hreppsnefndin sjer um, að þetta sje eigi vanrækt, og yfir höfðuð gætir þess, að heimahögum sje eigi íþyngt um of á sumrum. Heimilt skal hreppsnefnd, að gjöra ítölu í afrjett þar sem því verður við komið.

2. gr.

Lömb skulu setin að minnsta kosti 3 sólarhringa, áður en þeim er sleppt á afrjett; að öðru leyti hefur hreppsnefndin vald til að segja fyrir, hvernig haga skal rekstrum í afrjett, og um að reka það fje aptur til afrjettar, sem fram rennur að sumrinu.

II. *Um lögsöfn.*

3. gr.

3 skulu lögsöfn hvert haust. Skal byrja hið fyrsta mánudaginn í 23. viku sumars; hvenær hin 2 fram fara, skal hreppsnefndin ráða, en gjöri sjer far um, að í þeim verði samgöngur við næstu hreppa. Ef veður bannar safn eða ónýtir á rjettum safnsdögum, skal taka næsta dag, er veður leyfir. 4. lögsafn mega hreppsnefndirnar fyrirskipa, ef þurfa þykir.

4. gr.

Allir búendur og húsmenn, sem hafa til umráða 10 sauðkindur, að lömbum meðtöldum, skulu skyldir til að leggja mann til lögsafna eptir því, sem hreppsnefndin fyrirskipar.

5. gr.

Hreppsnefndin boði með fjallskilaseðli 10 dögum fyrir fyrsta lögsafn, hvernig leitum skuli hagað, og hverjir fara skuli í utansveitarrjettir.

6. gr.

Hreppsnefndinni ber að ráða umsjónarmann—fjallkóng—einn eða fleiri við afrjettarsmölun; hefur hann eða þeir öll ráð og fyrirsögn á hendi á afrjettinum, skipar í leitir og ræður sjerhverju öðru, er safnsmenskunni viðvíkur, allt þangað til safnið er komið til lögrjetta, og er leitarmönnum skylt að hlýða honum meðan á þessu stendur; einnig skal hann sjá um að leitin gangi eigi inn í annara afrjetti.

7. gr.

Sjerhver leitarmaður skal vera með fullri greind og heilsu, og forsvaranlega útbúinn að hestum, nesti, fötum, skóleðri og tjaldrúmi. Nefndin skal haga svo til, að hinir marklöggestu, sem völ er á, sjeu sendir í utansveitarrjettir.

8. gr.

Ef fjallkongur með 2 tilkvöddum leitarmönnum, sem bezt eru tilfallnir, gjörir einhvern leitarmann apturreka, fyrir einhvern brest á því, sem áður er talið, eða fyrir óhlýðni, er að álíta, sem hlutadeigandi búandi hafi engin fjallskil gjört, en skjóta má hann úrskurði fjallkongsins til hlutadeigandi hreppsnefndar til endilegra úrslita.

9. gr.

Þar skal hver vera í göngum, sem honum er skipað, og þeir, sem fjár-ríkastir eru sæti hinum örðugustu, nema hamra- göngur sje; þær skulu þeir hafa, sem bezt eru til færir. Allar leitir fari samhliða fram, svo að eigi leynist eða renni fje á milli.

10. gr.

Haga skal fjallgöngum, þar sem því verður viðkomið, svo, að eigi verði misgöngur hreppa á milli; skulu hreppsnefndir þær, sem hlut eiga að máli, koma sjer saman um, hvernig því verði við komið.

III. *Um rjettir.*

11. gr.

Lögrjettir og aukarjettir skulu vera í hverjum hreppi, þar sem verið hafa eða hreppsnefnd ákveður nú með ráði búenda. Þær rjettir skulu byggja og þeim viðhalda þeir hreppsþúar, sem þær nota helzt og þeim eru næstir, eptir fyrir mælum hreppsnefndar. Þegar lögrjett eða aukarjett skal byggja eða bæta, kveður hreppsnefnd með sæðli til þeirra starfa þá menn, sem þeirri rjett eiga uppi að halda og svo marga, sem menn ætla til þurfa. Rjettarþóndi skal stýra þeim verkum eða sá, sem hreppsnefndin ákveður.

Nú vilja allir búendur heldur borga fyrir rjettarhleðslu, en vinna að henni, og skal þá hreppsnefnd kaupa menn til starfa, en jafna kostnaði niður á rjettar-búendur eptir fjárhæð hvers þeirra. Dilka skal byggja hjá lögrjettum öllum, þar sem hreppsnefnd þykir þurfa.

12. gr.

Hver búandi er skyldur að leita heimaland ábylisjarðar sinnar, ef það er eigi stærra en svo, að það sje notað fyrir búsmala frá heimili manns, og reka skilvíslega til rjetta allan þann fjenað, sem þar finnst og hann á ekki sjálfur, eptir nákvæmari ráðstöfun hreppsnefndarinnar.

13. gr.

Rjettarstjóri skal vera við hverja rjett þá dregið er, og skipar hann nægilega marga menn til að draga úr óskilafje. Hann skal sveitarnefnd velja og setja. Svo skal og ætíð einn af hreppsnefndarmönnum eða valinn maður af þeim vera við rjettir sveitarinnar á rjettardögum, til að gæta nauðsynlegrar reglu með rjettarstjóra og hafa gætur á, að fjenaður sje eigi rangdreginn í dilkana.

IV. *Um eptirleitir.*

14. gr.

Um eptirleitir skipar hreppsnefndin fyrir, þá er henni þurfa þykir.

15. gr.

Fari einhverjir í eptirleit, að afloknum þeim eptirleitum, sem hreppsnefndin fyrir skipar samkvæmt þessari reglugjörd, skulu þeir fá $\frac{1}{4}$ verðs eptir mati hreppsnefndar af því sauðfje, sem þeir finna á innfjöllum, eptir að liðnar eru 6 vikur af vetri.

V. *Um meðferð á óskilafje.*

16. gr.

Kalineyrt og eyrnalaust fje og ómerkinga skal sjerhver reka til lögrjetta, bæði í fjallsöfnum og byggðasöfnum, og skal hreppsnefndin sjá um, að allt slíkt sje dregið í dilk sjer. Haldi einhver slíku fje frá rjettum, eða dragi sjer það án leyfis hreppsnefndar með launung eða ofriki, hefur hann fyrirgjört hinni sömu kind, þótt móðir helgi sjer á eptir. Síðan skal leiða ær að dilkum, sem og leyfa mönnum með öðru móti að sanna eignarrjett sinn með óbrigðulum einkennum, en eigi af fjárbragði einu saman. Ómerkinga þá, sem enginn getur helgað sjer í síðustu lögrjett, skal sá eignast, sem býr á jörð þeirri, er rjett stendur á, en hreppsnefndin afhendir það; en kalineyrt og eyrnalaust fje skal þegar í hverri rjett selt við uppboð, hlutadeigandi sveitarsjóði til inntektar.

17. gr.

Allir ómerkingar, sem finnast að afloknum lögrjettum, skulu afhentir hreppsnefndinni, og geti enginn helgað sjer þá, skulu þeir seldir hlutadeigandi sveitarsjóði til inntektar.

18. gr.

Úr 1. og 2. lögrjett skal óskilafje sleppt í byggð, en í 3. rjett skal það afhent hlutadeigandi hreppstjóra, sem þá tekur það í vöktun, sjer um, að reglulegar lýsingar á því gangi til næstu hreppa, og síðan skal það selt við fyrirfram auglýst, opinbert uppboð, ef eigendur hafa eigi leitt sig að því. Í vöktunarkaup ber hreppstjóra 2 au. fyrir hvert lamb og 4 au. fyrir eldri kindur um sólarhringinn.

19. gr.

Til næstu fardaga á eptir á eigandi aðgang að söluverði herrar kindar, en borgi allan löglegan áfallinn kostnað. Hafi þá enginn eigandi gefið sig fram, tilfellur andvirðið þeim hreppi, þar sem óskilafjed er selt.

20. gr.

Til þess að geta sannað eignarrjett sinn að sauðfje, hlýtur eigandi að hafa lögheimilt og augljóst mark. Gefi 2 eða fleiri sig fram sem eiganda að sama marki, er hreppstjóri eigi skyldur til að svara kindinni úr vöktun eða verði hennar eptir sölu, fyr en einhver þeirra hefur löglega sannað eignarrjett sinn. Þó hefur sá forrjett, sem meiri líkindi eru til samgöngu á fje, á þeim stað, sem kindin kemur frá.

21. gr.

Yfir höfuð skal farið eptir skrásettum eyrnamörkum og auglýstum brennimörkum, en því að eins eptir óskrásettum eyrnamörkum, hornamörkum og óauglýstum brennimörkum, að eigandi gefi skýringar um þau.

VI. *Um rekstra.*

22. gr.

Þeir sem taka við rekstrum hjá haustrjettum, skulu reka þá þangað, sem rjettarstjóri mælir fyrir og eins og hann ákveður.

23. gr.

Enginn búandi skal láta fje annara manna vera saman við sitt fje lengur en hann fær hjá komizt, heldur skilja það úr og láta reka til næsta bæjar í þær áttir, sem eigendur eru. (Framhald).

Reglugjörð

109

fyrir Austur-Skaptafellssýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettarhöld, meðferð á óskila-
fje, refaveiðar o. fl., samþykkt af sýslunefnd Austur-Skaptafellssýslu 1890.
(Framhald)

24. gr.

Þegar rekstur kemur á bæ, skal búandi eða annar í hans stað rannsaka kind-
urnar og seðla, ef fylgja, og taka úr, ef rangdregið er, og stefna í rjetta átt. Nú er
enginn rekstrarfær maður heima, er rekstur kemur á bæ, og skal þá rekstrarmaður skilja
úr fje, sem eptir skal verða, en reki svo rekstur áfram til næsta resktrarfærs manns.
Það, sem áfram á að halda, skal reka tafarlaust til næsta bæjar, ef fjeð er hvorki þreytt
nje hungrað, beita því og gefa hey að öðrum kosti. Þannig skal reka og fara með
þangað til hver eigandi fær sitt. Eina kind er eigi skylt að reka. Skal búandi geyma
hana sem sitt fje og láta eiganda vita. Fari annar rekstur í sömu átt, skal hann koma
kindinni í hann ef þess er kostur.

25. gr.

Það skal vera aðalregla um meðferð á rekstrum, að hver fari svo vel með þá,
sem hann eigi, reki hvorki hart, meiði eða ofþreyti, svelti eigi, láti eigi standa inni í
illum húsum eða úti í fárviðrum.

26. gr.

Enginn má sleppa rekstrum eða týna af þeim.

27. gr.

Rekstrum á utansveitarfje ráðstafar hreppsnefndin eptir málavöxtum.

28. gr.

Þegar áfelli dettur á milli lögsafna eða eptir lögsafn, svo hýsa þurfi og gefa
utansveitarfje, sem er í hreppnum, þá skal þar hirða, sem það er statt þegar áfelli dett-
ur á, nema hreppsnefnd skipi öðruvísi fyrir, þangað til kostur verður á, að koma því
til eiganda. Borgun fyrir hjúkrun þess fjár greiði eigandi við móttöku fjárens eptir
mati hreppsnefndar.

VII. *Um eyðing refa, grenjaleitir og grenjavinnslu.*

29. gr.

Refir eru óhelgir hvervetna, og skal eyða þeim með eitri og skotum og hverjum
helzt hætti, sem unnt er. Þó má eigi bræla gren nje rífa, nema þá er það eigi verður
unnið með öðru móti.

30. gr.

Hver hreppsnefnd skal skyld að sjá um, að eitrad sje fyrir refi á hverjum vetri
þá er mest eru harðindi, og skulu 3 hinir skynsömustu menn í hverjum hreppi tiltaka
hvar og hve víða eittra skuli. Hreppsnefndin skal sjálf velja menn þessa, og sjeu vald-
ir einkum þeir, er bezt skyn bera á refaveiðar.

31. gr.

Búendur í hverjum hreppi, þar sem grenja er von, skulu skyldir að gjera grenja
leitir í löndum sínum á vori hverju, þá og þar, er hreppsnefndin álitur þess þörf, og
kveður þá til þessa með nægum fyrirvara, milli fardaga og Jónsmessu. Skal hún fela
einum manni eða fleirum að ráða fyrir leitinni. Ef einhver þeirra, sem kvaddur er,
mætir eigi á ákveðnum tíma, verður álitid sem hann hafi hvergi farið, og varðar það

5. dag októbermán, 1891.

109 3 kr. sekt, nema hann sanni lögleg forföll. Geti einhver búandi eigi látið mann í leitina, verður hann að fá til mann annarstaðar, en gjöri hann það eigi, skal leitarforingi fá þann mann á kostnað búanda.

32. gr.

Hreppsnefnd ber í tæka tíð ár hver að hafa ráðið skotmann 1 eða fleiri til að vinna gren í hreppnum. Enginn skotmaður má án gildra orsaka skorast undan að vinna gren innan hrepps; hreppsnefnd skal annast um, að útvega mann með skyttunni á grenið. Skotmaður skal fá 4 krónur fyrir fyrra dýrið, er hann vinnur á greni, og 8 krónur fyrir hið síðara dýrið, og 50 au. fyrir hvern yrðling, er hann getur sannað að hann hafi náð á greni. Í kaup fær hann 2 kr. um hvern sólarhring, sem hann liggur við greni, og sama kaup fær viðlegu-maður. Báðir skulu fæða sig og leggja sjer hesta án sjerstaks endurgjalds.

33. gr.

Hvar sem gren finnst, skal það vaktað þar til skotmaður kemur, annars skal þar enga umgöngu hafa og enginn vegsummerki gjöra, fyrri en skotmaður er kominn. Nú finnst gren, þótt ekki sje í leit, og skal sá, er finnur, tafarlaust skýra hreppsnefnd frá, eða skotmanni, ef hann er nær.

34. gr.

Sýni skotmaður eða vökumaður skadlega vanrækt um vinnslu grens, og það verður sannað, missa þeir af kaupi eptir málavöxtum, eptir því sem hreppsnefndin ákveður. Skjóta má úrskurði hreppsnefndarinnar undir atkvæði sýslunefndarinnar.

35. gr.

Hver sem vinnur dýr utan dýraleita, fær 4 krónur fyrir hvert dýr, er hann vinnur á þennan hátt.

36. gr.

Hverjum þeim, sem elur yrðlinga eða refi heima hjá sjer og sleppir þeim úr gæzlu, varðar það sekt ekki minni en 4 kr., nema hann geti sannað að refurinn hafi náðst aptur og verið drepinn.

Skyldar eru hreppsnefndir að senda sýslunefndinni ár hvert greinilega skýrslu um grenjaleitir, refaveiðar og eitrun, hver í sínum hreppi.

38. gr.

Kostnað allan til eitrunar og refaveiða skal greiða úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

39. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varðar sektum, 1–10 krónum eptir málavöxtum, sem renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

*

*

*

Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda er framanskriðuð reglugjörð hjer með samþykkt og löggilt, og skal hún öðlast gildi 24. sept. þ. á. Fyrir hönd amtsráðs suðuramtsins,

Amtmaðurinn í suðuramtinu, Reykjavík 31. ágúst 1891.

E. Th. Jónassen.

Reglugjörð

um fjársöfn m. m. fyrir Vestmannaeyjasýslu.

1. gr.

Hver búandi, sem grasnyt hefur, er skyldur til að leggja mann eða menn til fjársafns eptir því sem hreppsnefndin fyrirskipar. Heimilt er hreppsnefnd, ef hún þykist geta gjört það safninu að skaðlausu, að lofa 2 eða fleiri að leggja saman, ef þeir hafa til ábúðar að eins part úr jörðu.

2. gr.

Fjársöfn eru 7 á ári, 4 vorsöfn og 3 haustöfn. Hreppsnefndin ákveður hvenær ganga skal til hvers einstaks safns, en auglýsa skal hún það minnst degi á undan við kirkju eða á annan hjer tíðkanlegan hátt. Ennfremur skal hún sjerstaklega kalla hvern skyldan mann í safnið.

3. gr.

Hreppsnefndin ákveður hvaða svæði búendur hver um sig skulu láta leita, og skulu þeir leggja fullgilda menn til þeirrar leitar. Þyki hreppsnefndinni einhverjir hafa sent menn, sem eigi sjeu gildir, og verði fje eptir í þeirra leit, getur hreppsnefndin sent menn upp á þeirra kostnað til að sækja fjeð.

4. gr.

Hreppsnefndin sjer um að allar leitir fari fram samhliða, svo eigi leynist fje eða renni á milli, og ber gangnamönnum að haga sjer í göngunum eptir fyrirlagi hreppsnefndar eða þeirra, sem í umboði hennar stjórna safninu.

5. gr.

Hreppsnefndin sjer um að rjett hreppsins með tilheyrandi dilkum sje haldið vel við. Hún á að sjá um, að dilkarnir sjeu svo stórir, að enginn þurfi að hleypa út úr þeim fyr en að afstöðnum rjettum, eða þegar hreppsnefndin eða sá, sem í umboði hennar stjórnar rjettarhaldinu, leyfir. Bygging á hreppsriettinni hvílir jafnt á öllum búendum, en hlutaðeigendur eru skyldir að byggja dilka sína og viðhalda þeim, og skulu þeir vera fullgjörir þann dag, sem hreppsnefndin ákveður. Varðar það sektum ef út af bregður, og skal hreppsnefndin tafarlaust ljúka verkinu á kostnað hinna seku.

6. gr.

Vilji hreppsnefndin breyta um rjettarstað þarf hún til þess samþykki meiri hluta hreppsúa.

7. gr.

Allir gangnamenn eru skyldir að reka til rjettar og annast innresktur í rjettina eptir því sem hreppsnefndin skipar fyrir. Hreppsnefndin kveður upp hvenær rjettum er lokið og gætir þess, að allt fari fram í sem beztri reglu. Hver og einn er skyldur að hlýða ráðstöfunum hennar í því efni.

8. gr.

Komi fje fyrir í rjettunum, sem enginn leiðir sig eiganda að, eða sem enginn getur helgað sjer með óbrigðulum einkennum, skal það selt í síðustu haustrjett og fellur andvirði þess að fráregnum kostnaði í sveitarsjóð.

9. gr.

Rjett er að hver fjáreigandi á Vestmannaeyjum hafi að eins eitt fjármark, og

110 skulu þeir, sem nú brúka fleiri mörk, hafa skýrt hreppsnefndinni frá, hvert markið þeir ætli framvegis að brúka, innan mánaðar frá því þessi reglugjörð öðlast gildi.

10. gr.

Brot á móti því, sem fyrir er mælt í reglugjörð þessari, varðar sektum frá 1 kr. til 100 kr., eptir málavöxtum, sem renna í sveitarsjóð; þó skal uppljóstrarmaður eða uppljóstrarmenn hljóta helming sekta.

*

Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, er reglugjörð þessi hjermeð staðfest og samþykkt, og skal hún öðlast gildi 15. október 1891.

Fyrir hönd amtsráðsins í suðuramtinu,

Amtmaðurinn í suðuramtinu, Reykjavík 8. sept. 1891.

E. Th. Jónassen.

III

Reglugjörð

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu um grenjaleitir, notkun afrjetta, fjallskil og rjettarhöld m. fl.

1. kaflí.

Um grenjaleitir og eyðing refa og hræfugla.

1. gr.

Á vori hverju skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um, að reglulegar grenjaleitir sjeu gjörðar í tæka tíð í hreppnum, bæði á afrjettum og í heimalöndum, svo opt og á þann hátt, sem henni þykir nauðsynlegt og tryggilegast, og skal hver hrepps- búandi, sem samkvæmt 14. gr. reglugjörðar þessarar á að inna fjallskil af hendi, skyldur að leggja til svo marga menn til grenjaleitar, sem hreppsnefndin ákveður, og skal þá einkum tekið tillit til landrýmis og fjártölu hlutaðeiganda.

2. gr.

Hreppsnefndin skal á vori hverju fyrir miðjan maímánuð láta grenjaleitarseðla eptir þörfum ganga um hrepinn, og skal í þeim ákveðið, hvernig haga skuli grenjaleitum það vor, og skal grenjaleitarmönnum svo skipað, að eigi þurfi að yfirgefa gren, þá finnst, fyr en skotmaður er þangað kominn. Varast skal og að hundar komi á það, eins og allt annað, er fælt getur dýrin í burtu, eða orsakað að þau flytji í burtu yrðlingana.

3. gr.

Undir eins og gren finnst skal ábúandi tafarlaust tilkynna það hreppsnefndinni, sem þá skal útvega skotmann, og ber henni, ef mögulegt er, fyrir fram að hafa samið við skotmann innan hrepps eða utan áður en grenjaleitir byrja ár hvert, svo marga, sem þurfa þykir til grenjavinnslu í hreppnum. Hafi hreppsnefndin náð samningi við skotmann, skal sá, í hvers landigren finnst, tilkynna þeim skotmanni, er næst honum býr og samning hefur gjört við hreppsnefndina, og þarf þá ekki að aðvara hana. Sá skal sjá skotmanni fyrir fæði, í hvers landi grenið er, og leggja til vökumann, hvortveggja fyrir sanngjarna borgun af hreppssjóði. Daglaun eptir hvers árs verðlagsskrá

skal skotmaður hafa frá því hann fer að heiman og þar til hann kemur heim til sín aptur, en að auki fái hann 8 kr. fyrir alunnið gren, það er að segja, þegar hann getur sannað, að hann unnið hafi bæði dýrin og alla yrðlinga þeirra. Vinni hann aptur á móti að eins annað fullorðna dýrið, fær hann fyrir stegginn 3 kr. 50 aura og læðuna 2 kr. 50 aura og fyrir hvern einstakan yrðling 50 aura.

Ennfremur má hver, sem sjerstaklega skarar fram úr öðrum í því að eyðileggja refi og hræfugla, á hverjum tíma árs sem vera skal, búast við að fá af hreppssjóði hæfilega þóknun eða þá heiðurslaun úr sýslusjóði fyrir framúrskarandi dugnað í því efni.

4. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal hafa vald til, að láta árlega eitra fyrir refi á vetrum, svo framarlega sem hún álfur, að það geti komið að tilætludum notum, og þá haga eitruninni eptir samkomulagi við aðrar hreppsnefndir, þar sem refar hafa samgöngur milli hreppa. Líka skal hreppsnefndin sjá um að skotmaður fái eitur á vorum til að eitra með fyrir yrðlinga í grenjum.

5. gr.

Fyrir hvern hrafn sem drepinn er í hreppnum skal greiða 15 aura, og fyrir hverja örn 1 krónu, og skal hver, sem vill verða borgunar þessarar aðnjótandi, sýna hreppsnefndinni nef af flugvargi þeim, er hann hefur unnið, og skulu þau að því búnu eyðilögð.

6. gr.

Sjerhver kostnaður sem leiðir af að eyða refum og hræfuglum borgist af hreppssjóði, eður með dýrato'li. sem lagður sje á allt sauðfje í hreppnum veturgamalt og eldra eptir því sem hreppsnefndinni í hverjum hreppi sýnist best eiga við; álíti hún fjárframtal einhvers hreppsbúa tortryggilegt, eða undanfellt að tilkynna minni gjaldastofn, en tíund nær, má hún láta viðkomandi hreppstjóra telja fje í hreppnum og borgast sá kostnaður af þeim er brotlegir finnast, ella af hreppssjóði.

2. kaflí.

Um sauðfjármörk.

7. gr.

Sjerhver fjáreigandi skal skyldur, að hafa glögggt mark á fje sínu, en aðfengið fje skal því að eins markað upp, að ekkert aukaben verði eptir, heldur semja við fyrri eiganda um, að fá að hafa hans mark á kindinni, en að eins brennimerkja á horni eða klauf með sínu eigin brennimarki, og skal hver sem á kind með slíku marki, skyldur að senda hreppsnefndunum í næstu hreppum lýsingarseðla á þeim svo snemma, að þeir verði komnir viðkomandi hreppsnefnd í hendur í fyrstu rjettum, og skal slíkt endurtaka ár hvert.

8. gr.

Markaskrá fyrir sýsluna skal prenta að minnsta kosti 10. hvert ár, og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum og setja þau saman eptir stafrofsröð í greinilega skrá. Skal í því skyni sjerhverjum fjáreiganda skylt að skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd greinilega frá eyrna- og brennimarki sínu. Því næst skal sjerhver hreppsnefnd senda sýslunefndinni markaskrá hreppsins og lætur hún þá semja aðalskrá yfir öll mörk í sýslunni og að því búnu skal

III sú markaskrá send hreppsnefndunum til endurskoðunar og samanburðar, áður en hún sje prentuð.

9. gr.

Enginn má marka kindur í lögrjettum nema með samþykki rjettarstjóra og undir umsjón hans.

3. kaflí.

Um geldfjárrekstra á fjalllönd á vorum.

10. gr.

Allir fjáreigendur skulu skyldir að reka á fjall að vorinu allt geldfje sitt í eigið land, ef til er, annars þar sem hægt er að fá upprekstrarland, og þá fyrir sanngjarna borgun, sbr. 12. gr.

11. gr.

Álíti hreppsnefndin að einhver hreppur að eins hafi upprekstrarland fyrir sitt eigið fje, hefur hún vald til að banna öllum búendum og landeigendum þess hrepps að taka fje til uppreksturs, hvert heldur úr öðrum sveitum eða sýslum.

12. gr.

Í upprekstartoll greiðast 8 aurar fyrir hverja veturgamla kind eða eldri og 5 aurar fyrir hvert lamb, alls þess fjár, er á fjall ber að reka, og skal tollurinn greiddur hlutaðeigandi landeiganda innan loka októbermánaðar.

4. kaflí.

Um fjallgöngur á haustum.

13. gr.

Tvær skulu vera fjalleitir á hausti. Fyrsti leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars, og skal samdægurs rjettað í öllum þeim lögrjettum, þar sem því verður við komið, en í skilarjettum skal rjettað sem hjer segir:

Í Brjámslækjarrjett miðvikudaginn næstan eptir göngur.

Í Norðurbotnsrjett samdægurs.

Í Skógarrjett samdægurs.

Í Austmannsdalsrjett sama dag.

Í Trostansfjarðarrjett þriðjudaginn.

Annar leitardagur skal vera mánudagur næsti eptir fyrsta leitardag, og skal þá rjettað samdægurs og úrtíningsfje allt rekið í skilarjett, sem svo skal haldin miðvikudaginn næsta eptir síðasta leitardag.

14. gr.

Sjerhver búandi og hver annar í hreppnum, sem á að minnsta kosti 6 fullorðnar kindur, skal skyldur til að gjöra fjallskil í hreppi sínum, og sækja fje í aðrar rjettir eptir því sem hreppsnefndin í hvert skipti nákvæmar skipar fyrir í fjallskilaseðlinum.

15. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd skal í fjallskilaseðlinum útnefna einn eða fleiri gangna-stjóra; skulu þeir stýra göngum leitarmanna, tilkynna hreppsnefndinni, ef einhver vanrækir að gjöra fyrirskipuð fjallskil, og annast um að allt fari vel og skipulega fram, er að fjallgöngum lýtur, sjerílafi hvað meðferð á fjallafje snertir. Sömuleiðis skal hrepps-

nefndin skipa einn eða tvo rjettarstjóra við hverja lögrjett, eptir því sem hún álitur með þurfa. Enginn er skyldur að vera rjettarstjóri nema eitt ár í senn. III

16. gr.

Fjallafje það, sem á sumrum slangrar í fje manna, skal svo opt sem því verður við komið skilja úr heimafje og reka aptur á fjall.

5. kafli.

Um rjettarhöld og meðferð á úrtíningsfje.

17. gr.

Ein eða fleiri lögrjettir skulu vera í hverjum hreppi, á þeim stöðum sem hjer segir:

Í Barðastrandarhreppi: á Suðurhamri, Brjámslæk og Haukabergi.

Í Rauðasandshreppi: í Vesturbotni, Skógi og Breiðuvík.

Í Tálknafjarðarhreppi: í Norðurboti og Kvígindisfelli.

Í Dalahreppi: í Selárdal og Austmannsdal.

Í Suðurfjarðarhreppi: í Trostansfirði og Dufansdal.

Af lögrjettum þessum skulu skilarjettir vera eins og segir í 13 gr.

18. gr.

Valdi bygging lögrjetta grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess verður krafizt, koma fyrir fullt endurgjald af sveitarsjóði hlutaðeigandi hrepps eptir mati óvilhallra manna, sem rjetturinn útnefnir.

19. gr.

Í lögrjettum þeim, sem nú eru eða síðar verða ákveðnar, skal rjetta að haustinu allt það geldfje, er safnast í fjárleitum af fjalli, og það fje úr búfjárhögum, er ábúandi eða heimilismenn hans ekki eiga, og skulu gangnastjórar kanna eða láta kanna heima-fje hvers fjáreiganda í hreppnum, þá bóúð er að draga úr því það utanbæjarfje, er fund-ist hefur í heimahögum og skulu þeir að því búnu annast um, að utanbæjarfje sje rekið til lögrjettar.

20. gr.

Hreppsnefndin skal sjá um, að lögrjettir hreppsins sjeu í gildu og fjárheldu standi, og skulu dilkar svo rúmgóðir, að enginn þurfi út að hleypa fyr en fjárdrætti er lokið. Bæði innanhrepps- og utanhreppsmenn skulu í þeim lögrjettum, sem þeir eiga von á töluverðum fjenaði, skyldir að hlaða upp hæfilega stóra dilka, eptir nákvæmari á kvörðun hlutaðeigandi hreppsnefndar.

21. gr.

Rjettarstjórar, sem hreppsnefndin hefur skipað í fjalleitarsæðlinum, skulu ávallt vera við staddir við rjettarhöld til þess að hafa umsjón með að allt fari vel og skipulega fram. Sjerílagi skulu þeir annast um að áreiðanlegir menn gæti þess vandlega, áður en út er hleypt úr hverjum dilki, að þar sje engin misdregin kind, og síðan skulu þeir sjá um, að hrepps-fje sje rekið bæ frá bæ og afhent eiganda, og skulu allir hrepps-búar skyldir til að reka endurgjaldslaust fje manna rjetta boðleið um hreppinn frá lögrjett að heimkynni, bæði í fyrstu og öðrum göngum einu sinni.

22. gr.

Rjettarstjórar skulu annast um, að ómerkingar sjeu dregnir í einn dilk jafnóð-

III um og þeir finnast, og skulu áður en rjettahaldinu er lokið láta lambsmæður helga sjer dilka sína.

23. gr.

Úrtíningur úr 1. og 2. rjett skal vandlega geymdur til skilarjettardags, sem er miðvikudagurinn í 23. viku sumars, hjá þeim búanda, sem hreppsnefndin ákveður, gegn 4 aura borgun fyrir hverja sauðkind um sólarhringinn. Sannist það, að sá sem trúað var fyrir geymslu fjárins hafi haft á því ótilhlýðilega meðferð, fær hann enga borgun, heldur bakar sjer sektir samkvæmt 30. gr. í reglugjörð þessari.

24. gr.

Að afliðnu nóni sjálfan skilarjettardaginn skulu hlutaðeigandi rjettarstjórar semja nákvæma lýsing á eyrnamarki og öðrum einkennum þeirra óskila eða úrtínings kinda, sem ekki spyrjast upp í skilarjett, og svo fljótt sem unnt er senda þessa lýsingarseðla hreppsnefndinni, en annist um, að þeir verði birtir í nærliggjandi hreppum, en úrtínings fjeð skulu þeir afhenda til geymslu þeim manni, er skipaður hefur verið til að geyma það samkvæmt 23. gr. Það úrtíningsfje, sem enginn hefur helgað sjer innan 14 daga, skal selt við opinbert uppboð af hreppstjóra sveitarinnar á 14. degi eptir skilarjettardag, er mýjetíð fje og ómerkinga, sem enginn getur helgað sjer í rjettum, skal selja eptir ákvörðun hreppsnefndarinnar, þegar skilarjettardagur er liðinn.

25. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverjum hreppi eptir afstaðnar skilarjettir, og þekkja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eigenda geymdar í vörslum hreppsnefndarinnar, sem annast um að eigendum verði við fyrsta tækifæri gjört aðvart um það; hafi eigendur ekki leitt sig að kindum þessum á Marteinsmessu, skal selja þær við opinbert uppboð, sem áður sje auglýst almenningi í hreppnum með nægum fyrirvara.

Kindur þær sem koma fyrir eptir skilarjettir og enginn þekkir eigendur að, skulu þegar seldar við opinbert uppboð, er sje birt á löglegan hátt í hreppnum og nágrennasveitum.

26. gr.

Lýsing á óskilafje því, er við uppboð er selt, skal við lok hvers árs sendast þeim manni, er sýslunefndin ákveður, og skal hann sjá um, að lýsingar þessar sjeu auglýstar í blaði því í Reykjavík, er opinberar auglýsingar flytur. Hver sem getur helgað sjer eitthvað af hinu selda fje innan 9 mánaða eptir að auglýsingin er birt á prenti, hefur rjett til að fá andvirði þess að frádregnum öllum sanngjörnum og lögboðnum kostnaði, er fyrir því var hafður. Andvirði hins selda óskilafjár greiðist í hlutaðeigandi hrepps-sjóð og verður það eign hans, ef enginn eigandi leiðir sig að því. Sama gildir og um andvirði ómerkinga, eða þess fjár sem mýjetíð er.

27. gr.

Gangnastjórar og rjettarstjórar skulu hlífðarlaust tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefnd brjeflega alla óhlýðni gegn fyrirskipunum þeirra, en hreppsnefndin kærir slíkt, og sjerhverja aðra skylduvarækt í tilliti til fjallskila fyrir sýslumanni til sektar að lögum, samkvæmt 30. gr.

(Framh.)

Nýútkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 4. júlí 1891 (A. nr. 11, bls. 24—25).

Lög um að íslensk lög verði eptirleiðis að eins gefin út á íslenzku, undirskrifuð af konungi 18. septbr. 1891 (A. nr. 12, bls. 26--27).

Fjáráaukalög fyrir árin 1888 og 1889, undirskrifuð af konungi 18. septbr. 1891, (A. nr. 13, bls. 28 - 31).

Lög um viðauka við lög 14. janúarm. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, undirskrifuð af konungi 18. sept 1891 (A. nr. 14, bls. 32—35).

Lög um lækkun á fjárreiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi, undirskrifuð af konungi 18. sept. 1891. (A. nr. 15, bls. 36—37).

Lög um bann gegn eptirstæling frímerkja og annara póstgjaldsmiða, undirskrifuð af konungi 18. sept. 1891 (A. nr. 16, bls. 38—39).

Viðaukalög við lög um brúargjörð á Ölfusá 3. maí 1889, undirskrifuð af konungi 18. sept. 1891 (A. nr. 17, bls. 40—41).

Reglugjörð

III

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu um grenjaleitir, notkun afrjetta, fjallskil og rjettarhöld m. fl.

(Framhald):

6. kafli.

Um ótamin hross.

28. gr.

Skyldur skal hver maður að koma öllum sínum ótömdu hrossum á fjall svo snemma á vori hverju, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd álitur óhætt og nauðsynlegt, og er engum heimilt, að hafa hross þessi í heimahögum, frá því þau eiga að rekast og allt til rjetta að hausti, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd álíti ómögulegt, eptir því sem tilhagar, að fá handa þeim fjallland, eða að heimalandi tryppaeigenda sje svo varið að hann geti öllum skaðlaust haft þau þar.

29. gr.

Nema öðruvísi umsemji skal greiða í upprekstartoll fyrir hvert ótamið hross 10 fiska, og skal hrosseigandi hafa greitt landeiganda toll þenna, innan loka októbermánaðar ár hvert.

7. kafli

Um sektir fyrir afbrot gegn reglugjörð þessari.

30. gr.

Öll brot móti reglugjörð þessari skulu kærð fyrir hlutaðeigandi sýslumanni, og varða þau 2-20 króna sektum, allt eptir stærð og eðli brotanna, nema því að eins að þyngri hegning við liggja samkvæmt lögum. Sektirnar renna í sjóð þess hrepps, þar sem

28. dag októbermán. 1891.

111 brotið er framið. Verði ágreiningur um í hvaða hreppi brotið er framið skal sektin falla til þess eða þeirra hreppa, þar sem afbrotamenn eiga heimili, að tiltölu rjettri.

31. gr.

Öll eldri og yngri fyrirmæli, þessu efni viðkomandi, sem ekki eru samkvæm reglugjörð þessari, eru hjer með úr gildi numin.

*
Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda er framanskriðuð reglugjörð hjer með staðfest og löggilt, og skal reglugjörðin öðlast gildi frá 1. janúar 1892.

Amtmaðurinn í vesturamtinu, Reykjavík 15. sept. 1891.

E. Th. Jónassen.

112 Brjef landshöfðingja til biskups um flutning Fróðarkirkju. — Samkvæmt til-
8. ágúst. lögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegum brjefum dags. 8. júní þ. á. og 6. þ. m. og eptir að löglegt samþykki hjeradsfundar er þar til fengið, vil jeg hjer með eptir ósk hlutaðeigandi safnaðar, samkvæmt 4. gr. í lögum nr. 3, 27. febr. 1880, veita samþykki mitt til þess að kirkjan á Fróðá í Snæfellsnessprófastsdæmi, er hlutaðeigandi söfnuður hefur tekið að sjer fjárhald á verði rifin niður og flutt út í Ólafsvík og endurbýggð þar á lóð þeirri er landssjóður á; þó er kirkjuflutningur þessi bundinn því skilyrði, að eigandi Fróðár greiði 800 króna álag á nefnda kirkju, eins og hann hefur skuldbundið sig til með afsalsbrjefi dags. 22. apríl þ. á. og að prestmötugjaldið af Fróðá, 100 þd. smjörs, hvíli framvegis á jörðinni eigs og áður. Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

113 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna, um lántökuleyfi handa prestakalli
12. ágúst. til túbóta. — Útaf erindi því frá sjera Ólafi Ólafssyni, presti að Lundi í Borgarfjarðarprófastsdæmi, er jeg meðtók með þóknanlegu brjefi yðar herra amtmaður og háæruverðugi herra, dags. 8. þ. m. og samkvæmt tillögum yðar í nefndu brjefi vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki 1000 króna embættislán upp á Lundar prestakall, auk þeirra 450 króna, sem eptir standa af láni því, er tekið var handa prestakallina til kirkjubýggingar árið 1889, en lántökuleyfi þetta er bundið þeim skilyrðum, að nefndum 1000 kr. verði varið til þess að sljetta og bæta túnið á Lundi, að hinar fyrirhuguðu túbætur verði framkvæmdar svo fljótt sem verða má eptir samkomulagi milli hlutaðeigandi prófasts og prests, að lánið verði endurborgað á næstu 20 árum með $\frac{1}{20}$ á ári auk vaxta, að regluleg skoðunar og matsgjörð, er hlutaðeigandi prófastur með 2 dómkvöddum mönnum framkvæmi, fari fram á hinum unnu túbótum, þegar presturinn tjáir sig hafa unnið upp hið fengna lán, að presturinn eða bú hans, ef hann flytur sig frá brauðinu eða deyr, áður en lánið er að fullu endurborgað, borgi það af hinu óendurgoldna láni, sem eptir reglulegri skoðunar og matsgjörð samkvæmt framansögðu, kann að reynast að vera óeytt, og að ofanefndur sjera Ólafur Ólafsson afhendi stiptsyfirvöldunum til frekari tryggingar fyrir skilvísri endurborgun hins umrædda láns með vöxtum lífsábyrgðarskírteini frá lífsábyrgðar- og framfærslustofnuninni frá 1871, að upphæð

2000 kr. og setji tryggingu þá er stiptsyfirvöldin álíta fullnægjandi fyrir því, að nefndu 113
 ábyrgðarskirteini verði haldið í fullu gildi með áskildri iðgjaldagreiðslu. 12. ágúst.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu, um ávísanir uppi 114
 tollgjöld. — Með 2 þóknanlegum brjefum, dags. 11. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, 12. ágúst.
 sent hingað meðal annars 2 ávísanir, aðra útgefna 12. f. m. af Jóni Magnússyni á C.
 A. Leth & Co. að upphæð 3000 kr. og hina 10. s. m. af St. Guðmundssyni á Örum &
 Wulff, að upphæð 1000 kr., er eiga að greiðast hin fyrri 1 mánuði, en hin síð-
 arnefnda 3 mánuðum eptir sýningu, og tjáð þjer það vera með hliðsjón af lögum
 um tollgreiðslu dags. 22. maí f. á. að þjer hafið leyft að ávísanirnar væru þannig úr
 garði gjörðar og teljið það jafnvel «gott fyrir landssjóð» að helmingur fyrri ávísunar-
 innar skuli geta fengizt greiddur einum mánuði í staðinn fyrir 3 mánuðum eptir
 sýningu.

Útaf þessu vil jeg hjermeð, um leið og jeg lýsi óánægju minni yfir því að þjer
 þrátt fyrir margítrekaðar áminningar hafið tekið við þannig lögudum ávísunum eins og að
 ofan getur um uppí borgun á tolli, þjónustusamlega benda yður á, að það er byggt á
 misskilningi einum, að ofanumgetin lög gefi nokkra heimild til að stýla tollgreiðsluávis-
 anir þannig, að þær eigi fyrst að borgast 3 mánuðum eptir sýningu. Sá, sem á að
 svara tolli getur því að eins samkvæmt 1. gr. nefndra laga fengið frest með nokkurn
 hluta tollgreiðslunnar, að hann fái lögreglustjóra í hendur öll umráð yfir vörum þeim,
 sem frestað er greiða toll af, og á þá þegar svo er ástatt, eins og skýrt er tekið fram í
 2. gr. laganna, að greiða tollinn að fullu, auðvitað annaðhvort í peningum eða með á-
 vísunum, er borgast eiga við sýningu, um leið og lögreglustjóri sleppir aptur umráðum
 yfir vörunum, og á þetta að vera gjört eigi seinna en 3 mánuðum eptir að vörurnar
 flytjast til landsins.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu, um 115
 höfrungareka á þjóðjörðum — Í þóknanlegu brjefi, dags. 13. f. m., hafið þjer, 24. ágúst.
 herra amtmaður, skýrt frá því, að rjett fyrir næstliðna páska hafi talsvert af höfrung-
 um hlaupið á land og náðst á Reynistaðaklaustursjörðinni Reykjum á Reykjaströnd,
 á Þingeyraklaustursjörðinni Höfnum á Skaga, og á Munkaþverárklausturjörðinni
 Skógum í Axarfirði, og hafa hlutaðeigandi umboðsmenn verið í vafa um, hvort
 skoða skuli feng þennan sem leiguliðagagn eða sem eign landsdrottins að
 nokkru eða öllu leyti, þ. e. hvort telja beri höfrunga með hnísnum eða hvölum, og hafið
 þjer lýst yfir þeirri skoðun yðar, að höfrungar eigi að teljast með hnísnum, með því
 að orðið hnisa í Jónsbók þýði hvorttveggja, bæði þær skepnur sem menn nú kalla hnís-
 ur og þær, sem nú nefnast höfrungar, og að ummæli Jónsbókar um hvali yfir höfuð
 bendi til þess, að átt sje við langtum stærri skepnur en höfrungar eru; álítið þjer því
 höfrungahlaup þetta að öllu leyti landssjóði óviðkomandi sem landsdrottni.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, að jeg er samþykur því,
 sem þjer þannig hafið tekið fram, og ber því að endurborga ábúandanum á Reykjum,
 Páli Hálldórssyni það, sem umboðsmaðurinn hefur innheimt sem hluta landssjóðs af

115 höfrungunum, að frádregnum áföllnum kostnaði. Í sambandi við framangreint málefni
24. ágúst. hafð þjer borið upp þá fyrirspurn, hvort umboðsstjórnin eigi að láta af hendi fátækra-
hlut af hvólum, sem landssjóður kann að eiga tilkall til, eptir Jónsbókar rekabálki 10.
kap., eða hvort þessi ákvörðun verði álitin felld úr gildi með 14. gr. fátækraeplugjörð-
arinnar 8. jan. 1834.

Til svars uppá þessa fyrirspurn skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að þó að fátækrahlutur af hval, sem er fluttur eða skorinn á helgum degi, sje ekki talinn með venjulegum tekjum sveitarsjóða í ofannefndri laga- grein, þá getur það að mínu álitu alls ekki verið því til fyrirstöðu, að ákvæði Jónsbókar í 10. kap. rekabálks standi í fullu gildi að því er þau ná til, en vitaskuld er, að þau snerta alls ekki það tilfelli, er hval rekur á helgum degi, heldur lúta þau að eins að vinnu þeirri sem unnin er að flutningi hvals eða skurði.

116 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu, um
25. ágúst. skipting á eignum og skyldum norðuramtsins og austuramtsins. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 14. maí þ. á., og þar með fylgjandi ágripsendurrit úr gjörðabók sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu, er sýnir að sýslunefndin hefur samkvæmt 1. gr. í lögum 11. júlí 1890 um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi, kosið að Norður-Þingeyjarsýsla verði hluti af hinu nýja Austuramti, hef jeg samkvæmt tillögum yðar og með ástæðum þeim er þjer tilfærið fyrir tillögum yðar, ákveðið, að skipting á norður- og austuramtinu skuli fara fram við áramótin 1891 og 1892, og skiptast þá sjóðir, eignir, skuldir og skuld- bindingar milli norðuramtsins og austuramtsnsi svo sem hjer segir:

1. Jafnaðarsjóður norður- og austuramtsins skiptist milli amtanna tiltölulega eptir því, er sýslurnar í hvoru þeirra hafa lagt til sjóðsins um síðustu 5 ár, þannig að Norður- amtið hlýtur $\frac{10}{27}$ hluta, en austuramtið $\frac{11}{27}$ hluta af sjóðnum, að meðtöldum ó- endurgoldnum fyrirframborgunum í árslok 1891.

Skuld sú, sem hvílir á jafnaðarsjóði, sem er eptirstöðvar af láni til brúnna á Skjálfandafljóti, greiðist af ömtunum eptir sama hlutfalli.

2. Amtsbókasafnið á Akureyri verði eign norðuramtsins, sem aptur taki að sjer allar þær skuldbindingar og kostnað, sem eign þessari fylgir, að meðtaldri skuld útaf kaupum á stof handa safninu.
3. Af eyðublöðum, er amtið á (undir bólusetningarvottorð og verðlagsskrár), fær norð- amtið $\frac{2}{3}$ en austuramtið $\frac{1}{3}$ hluta.
4. Búnaðarsjóði norður- og austuramtsins skal skipt eins og styrk til eflingar búnaði hefur áður verið skipt, eptir mannfjölda í ömtunum samkvæmt manntali 1890, þannig að norðuramtið hlýtur $\frac{16}{25}$ en austuramtið $\frac{9}{25}$ hluta af sjóðnum.
5. Starfsvið eptirnefndra sjóða segir til þess, að styrktarsjóður fátækra ekkna og mun- aðarlausra í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað og Prentsmíðjusjóður norður- og austuramtsins (sjá stofnunarskrá sjóðsins, Stjt. 1886, B. bls. 125) verður undir stjórn amtsráðsins í norðuramtinu, en gjafasjóður Guttorms prófests Þorsteinssonar til fá- tækra í Vopnafjarðarhreppi og gjafasjóður Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar til fá- tækra í Vallasókn undir stjórn amtsráðsins í austuramtinu,

Skyldugreiðslur, sem á jafnaðarsjóði hvíla samkvæmt lögum, svo sem kostnaður 116 til amtsráðsins, sáttamála, heilbrigðismála (bólusetningar), heyrnar- og málleysingja, 23 ágúst. notkun fangelsa, svo og út af fjárkláða, ef fyrir kann að koma, greiðir hvort amtið fyrir sig, eptir því, sem þar tilfellur. Kostnað við samning verðlagsskráa, svo sem hina venjlegu þóknun til hjeradsprófastsins í Eyjafjarðarsýslu, greiði norðuramtið að $\frac{2}{3}$ en austuramtið að $\frac{1}{3}$ hluta.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Bref landshöfðingja til sýslumannsins í Hánavatnssýslu, um leyfi til halda 117 lotteri. — Hjer með læt jeg ekki hjálíða þjónustusamlega að tjá yður, herra sýslumað- 3. sept. ur, að jeg eptir beiðni, er hingað hefur borizt beina leið, frá forstöðukonu kvennaskólans á Ytriey, hef veitt leyfi til þess að hún haldi lotterí til ávinnings fyrir hinn svo-nefnda «Kvenmenntunarsjóð», er stofnaður var á Ytriey veturinn 1890 91 af 45 kvennmönnum, um eptirnefnda muni:

1. Harmonium fyrir 160 krónur
2. Sessuborð nr. 1 18 —
3. Sessuborð nr. 2 12 —
4. Armband — 15 —

og hef jeg eptir kringumstæðunum samþykkt, að 2500 seðlar sjeu gefnir út til nefnds lotteris, og hver seldur á 1 krónu, að því áskildu, að nákvæmlega sje hlýtt þeim reglum og ráðstöfunum, er þjer sem lögreglustjóri gjöríð til þess, að allt fari vel og rjettilega fram.

Þetta er yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar ráðstöfunar.

Bref landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna, um breyting á lántökuleyfi til 118 húsabyggingar á prestssetri. — Eptir að hafa móttekið þóknanlegt brjef stiptsyfir- 5. sept. valdanna dags. 31. f. m. og þar með fylgjandi beiðni prestsins að Gaulverjabæ, síra Ólafs Helgasonar, þar sem hann sækir um breytingu á lántökuleyfi því til húsabyggingar á nefndu prestsetri, sem fyrirrennara hans í embættinu, síra Jóni sál. Steingrímssyni, var veitt með brjefi mínu dags., 27. febr. þ. á., vil jeg hjermeð samkvæmt tillögum yðar fallast á, að upphæð lánsins verði aukin um 400 krónur, þannig að lánið allt verði 3200 kr., og að í stað tvíloptaðs húss, 11×12 álna, verði byggt einloptað hús 14×12 álna með porti, 1 al. 9 þuml., og með kjallara undir hálfu húsinu, ef því verður við komið, í stað útibúrs.

Svo vil jeg og veita leyfi til að borgunarfresturinn verði 28 ár, ef presturinn getur fengið lán með svo löngum afborgunarfresti, en um það, hvort slíkt lán geti fengið úr landssjóði, er ávaxtist og endurborgist á 28 árum með 6% á ári, verður ekki sagt fyrr en yfirlit er fengið yfir fjárhag landssjóðs í árslok 1891.

Auglýsing.

Með því að heilbrigðisráðið fyrir dýralækningar í Danmörku hefur látið í ljósi að hættu þeirri, sem stafar af innflutningi útlendra, ósútaðra húða að því er snertir uppkomu og útbreiðslu miltisbrands og annara drepvænna skepnusjúkdóma, geti naumast orðið afstýrt, nema ef allar slíkar húðir væri lagðar í klórkalks uppleysingu (1—12) áður en þær eru seldar, en að hættan sje minni, ef húðirnar sjeu bleyttar upp í straumbörðu vatni heldur en í pollum og straumlygnum lækjum, þá er hjer með allur almenningur áminntur um, að leggja útlendar ósútaðar húðir ekki í bleyti í pollum eða vatni, sem lítill straumur er í, og helst alls ekki þær, sem skepnum er auðveldur aðgangur að til að drekka.

Reykjavík, 6. október 1891,
Landshöfðinginn yfir Íslandi,
Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI
samkvæmt fjárlögunum fyrir 1890 og 1891.
10. gr. C. 4. b.

Eptir að hlutaðeigandi amtsráð höfðu sent landshöfðingja tillögur sínar og sýslunefndanna viðvikjandi styrk af þeim 8000 kr., sem ræðir um í þessum fjárlagalið, hafa eptirnefndum búnaðarfjélögum verið veittar styrksupphæðir þær, fyrir árið 1891, sem hjer segir.

A. Í suðuramtinu:

1.	Búnaðarfjélagi Suðuramtsins	kr. 2000,00
2.	— Hornfirðinga og Lónsmanna —	51,50
3.	Búnaðar- og jarðabótafjel. Merkurþæja —	55,20
4.	Búnaðarfjélagi Austurlandeyjahrepps . —	36,80
5.	— Hvolhrepps	36,80
6.	— Holtamannahrepps . . . —	27,60
7.	— Villingaholtshrepps . . . —	92,00
8.	— Gaulverjabæjarhrepps . . —	92,00
9.	— Stokkseyrarhrepps . . . —	220,00
10.	— Sandvíkurhrepps —	64,40
11.	— Hraungerðishrepps . . . —	92,00
12.	— Skeiðahrepps	36,80
13.	— Gnúpverjahrepps —	33,10
14.	— Hrunamannahrepps . . . —	92,00
15.	— Biskupstungnahrepps . . —	92,00
16.	— Grímsnesshrepps —	165,60
17.	— Seljarnarnesshrepps . . . —	73,60
18.	— Mosfellssv. og Kjalnesinga —	110,40
19.	— Hvalfjarðastrandarhrepps —	92,00
20.	— Innra-Akranesshrepps . . —	92,00
21.	— Skilmanahrepps	55,20
22.	— Leirár- og Melahrepps . . —	46,00
23.	— Skorradalshrepps —	33,10
24.	— Lundareykjadalshrepps . . —	36,80
25.	— Andakýlshrepps	64,40
26.	— Reykholtaldalshrepps . . . —	73,60
27.	— Hálahrepps	33,10
		<u>— 3898,00</u>

B. Í vesturamtinu.

1.	Búnaðarfjel. Borgarhrepps	kr. 73,60
2.	— Þverárhll. og Norðurárdalshr. —	73,60
3.	— Kolbeinstaðahrepps	— 27,60
4.	— Eyja og Miklaholtshreppa	— 55,20
5.	— Eyrarsveitar	— 27,60
6.	— Helgafellssveitar	— 27,60
7.	— Skógarstrandahrepps	— 55,20
8.	— Laxárdalshrepps	— 36,80
9.	— Hvammshrepps	— 105,20
10.	— Saurbæjarhrepps	— 46,00
11.	— Reykhólahrepps	— 27,60
12.	— Geiradalshrepps	— 27,60
13.	— Barðastrandarhrepps	— 49,70
14.	— Tálknafjarðahrepps	— 40,50
15.	— Ónfirðinga	— 27,60
16.	— Øgurhrepps	— 36,80
17.	— Súðavíkurrepps	— 27,60
18.	— Reykjarfjarðahrepps	— 55,20
19.	— Syðrihluta Strandasýslu	— 111,40
20.	— Hrófbergshrepps	— 27,60
		— 960,00

C. Í norður- og austuramtinu.

1.	Búnaðarfjel. Vindhælishrepps	kr. 47,00
2.	— Engihlíðahrepps	— 91,00
3.	— Bólstaðarhlíðahrepps	— 123,00
4.	— Svinavatnshrepps	— 256,00
5.	— Torfalækjarhrepps	— 183,00
6.	— Sveinstaðahrepps	— 80,00
7.	— Áshrepps	— 125,00
8.	— Þorkelshólshrepps	— 74,00
9.	— Þverárhrepps	— 266,00
10.	— Kirkjuhvammshrepps	— 72,00
11.	— Ytri-Torfustaðahrepps	— 153,00
12.	— Holtshrepps	— 28,00
13.	— Akrahrepps	— 71,00
14.	— Lýtingsstaðahrepps	— 65,00
15.	— Seiluhrepps	— 37,00
16.	— Staðahrepps	— 92,00
17.	— Sauðahrepps	— 25,00
18.	— Rípurhrepps	— 19,00
19.	Framfarafjelagi Glæsibæjarhrepps	— 99,00
20.	Búnaðarfjel. Svarfdælinga	— 112,00
21.	— Arnarneshrepps	— 179,00
22.	Framfarafjelagi Ógulsstaðahrepps	— 86,00
23.	— Hrafnagilshrepps	— 39,00
24.	Búnaðarfjelagi Saurbæjarhrepps	— 32,00
25.	Framfarafjelagi Yxndælinga	— 34,00
26.	Búnaðarfjelagi Svalbarðastrandarhrepps	— 24,00
27.	Búnaðarfjelagi Fnjóskadæla	— 123,00
28.	Framfarafjelagi Grýtubakkahrepps	— 42,00
29.	Búnaðarfjelagi Ljósavatnshrepps	— 67,00

30.	Jarðabótafjel.	Helgastaðahrepps	— 95,00
31.	—	Húsavíkurhrepps	— 64,00
32.	—	Mývatnssveitar	— 60,00
33.	Búnaðartfel.	Keldhverfinga	— 80,00
34.	—	Útfella og Framtunguhreppa	— 41,00
35.	—	Fljótsdalshrepps	— 44,00
36.	—	Hjaltaстаðahrepps	— 46,00
37.	—	Jökulsárhlíðar	— 20,00
38.	—	Eyðaþinghár	— 32,00
39.	Túnræktarfelagi	Akureyrarkaupstaðar	— 16,00
			kr. 3142,00

EMBÆTTASKIPAN.

31. ágúst m. var lækna skólakandidat Gíslí Pjetursson af landshöfðingja settur til þess á eigin ábyrgð að gegna hjeraðslæknisembættinu í 13. lækni shjeraði (Vopnafríði) frá 1. sept. að telja, meðan embættið er óveitt.

27. s. m. var cand. juris Páll Einarsson settur af ráðgjafanum til að vera málfærslu- maður við landsyfírrjettinn frá 1. oktbr. næstkomandi að telja.

29. septbr. var yfírdómari Kristján Jónsson, af landsh. settur til þess fyrst um sinn á eigin ábyrgð og ásamt sínu eigin embætti, að veita forstöðu amtmannsembættinu í suðuramtinu og vesturamtinu, meðan það er óveitt.

22. okt. veitti landshöfðingi prestaskólakandidat Jóni Pálsyni Höskuldsstaða presta- kall í Húnavatnsprófastsdæmi, eptir að tillögu hlutadeigandi safnaða hafði verið um það leitað.

24. s. m. var Rafnseyrar prestakall í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi veitt af landshöfðingja prestaskólakandidat Richardi Torfasyni samkvæmt kosningu hlutadeigandi safnaða.

GÆZLUSTJÓRI VIÐ SÖFNUNARSJÓÐINN.

2. október setti landshöfðingi samkvæmt 8. gr. í lögum um söfnunarsjóð Íslands 16. febr. 1888 yfírdómara Jón Jensson til þess að gegna störfum gæzlustjóra við söfnunarsjóðinn í stað amtmanns E. Th. Jónassens, þar til nýr gæzlustjóri verður kosinn á næsta alþingi.

HEIÐURSGJAFIR:

Af vöxtunum af styrktarsjóði Kristjáns konangs IX, fyrir árið 1890 var þeim Brynjólfi Bjarnasyni í Engey og Einari Jónssyni í Garðhúsum í Grindavík hinn 31. ágúst veittar heiðursgjafir, hinum fyrnefnda 180 krónur fyrir framúrskarandi dugnað í jarðabótum og húsa- byggingum á leigujörð, svo og skipasmíðar (144 skip), en hinum síðarnefnda 100 krónur fyrir framúr- skarandi dugnað í jarðabótum, húsa gjörð og framkvæmdum, er að fiskiveiðum láta í byggðarlagi hans.

KENNSLA HEYRNAR- OG MÁLLEYSINGJA.

20. ágúst var prestur að Gaulverjabæ, síra Ólafur Helgason, af landshöfðingja kjörinn til þess, að takast á hendur kennslu heyrnar- og málleysingja hjer á landi. og fara utan til að búa sig undir það starf.

ÓVEITT EMBÆTTI

sem ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veiting á:

Hjeraðslæknisembættið í 13. lækni shjeraði (Vopnafríði). Árslaun 1500 krónur.

Auglýst 11. septbr. 1891.

Bónarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans 22. febrúar 1892.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, eiga þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsúrskurdum 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 að láta umsóknarbrjefum sínum fylgja tilhlýðileg vottorð um, að þeir kunni íslenzka.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um tollskrár. — Eptir að 120
 fjármálastjórninni og utanríkisráðaneytinu hafði verið skrifað út af þóknanlegu brjefi 12. sept.
 herra landshöfðingjans, dags. 19. marz p. á., um kvartanir nokkurra sýslumanna yfir
 því, hvernig tollgæzlumenn í Danmörku orða tollskrárnar yfir vörur, sem fluttar eru
 þaðan til Íslands og tollskyldar eru á Íslandi, hefur fjármálastjórnin tilkynnt ráðaneyti-
 nu, að hún hafi í umburðarbrjefi til tollstöðvanna¹ (sjá umburðarbrjefasafn yfirtoll-
 stjórnarinnar, nr. 2 1891, staðið h.) mælt svo fyrir, að fyrirskipanir þær, sem áður
 hafa verið gefnar með tilliti til áfengisdrykkja, öls og tóbaks, og að því lúta, að í hvert
 sinn, er skip er afgreitt til Íslands, skuli að svo miklu leyti, sem unnt er, tilgreina all-
 ar þær vörur, er skipið hefur meðferðis og tollskyldar eru á Íslandi, á tollskrá skip-
 anna, með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að reikna út tollinn
 á Íslandi, skuli eptirleiðis einnig gilda að því er snertir kaffi, kaffibæti, sykur og síróp,
 og brýnt fyrir tollebættismönnum, að gefa nefndar upplýsingar með svo mikilli ná-
 kvæmni, sem audið sje. Fjármálastjórnin hefir auk þess látið í ljósi, að skýrslur þær,
 sem hún hafi fengið um málefni það, sem að framan ræðir um, sýni, að gildandi á-
 kvarðana, er lúta að því, að ljetta tollútreikninginn á Íslandi á vörum þeim, er hingað til
 hafa verið tollskyldar þar, hafi verið gætt af tollmönnum með svo mikilli nákvæmni, sem
 audið hafi verið eptir kringumstæðunum, og ef það hafi komið fyrir, að upplýsingar
 þær, sem á tollskránum hafa verið gefnar, hafi einstöku sinnum ekki verið fullnægj-
 andi, þá verði að taka tillit til þess, að á vörum frá »transitupplagi« tollbúðarinnar í
 Kaupmannahöfn og frá »frilager« sje að eins tilgreind þyngd að umbúðum meðtöldum
 (brúttóþyngd), þegar þær eru teknar þaðan, og megi eptir gildandi reglum (242. gr. í
 tolltilskipuninni) flytja þær út, án þess skýrt sje frá eða rannsakað, hverjar þær sjeu, svo
 að það verði að nokkru leyti að vera undir álitum komið, hvort ástæða sje til eptir
 kringumstæðunum, ásigkomulagi vörusendinganna og skýrslu útflytjanda, að álitu vör-
 una tollskylda á Íslandi, og að tollgæzlumenn hafi því að eins, að slíkt verði álituð,
 rjett til að rannsaka nákvæmar, hver varan sje og hve mikið af henni. Fjármálastjórnin

1) Með því að svo hefur verið fyrir skipað með lögum 9. ágúst 1889, að þegar
 fluttar sjeu til Íslands eptirnefndar vörur, skuli greiða til landssjóðs:

1. af kaffi og kaffibæti hvers konar 10 aura af pundi,
2. af sykri og sírópi 5 aura af pundi,

þá koma til framkvæmda, einnig að því er þessar vörutegundir snertir, fyrirskipanir
 þær, sem skráðar eru í umburðarbrjefasafninu nr. 2—1872, f. og nr. 2—1876, a. um,
 að í hvert skipti, sem skip eru afgreidd til Íslands, skuli, að svo miklu leyti sem unnt
 er, tilgreina allar þær vörur, sem skipið hefur meðferðis og tollskyldar eru á Íslandi,
 á tollskrá skipanna, ásamt öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess, að
 tollurinn geti orðið reiknaður á Íslandi.

Það er því hjer með fyrirskipað, að á tollstöðvunum sjeu gefnar upplýsingar
 þær, sem nauðsynlegar eru í nefndu tilliti, með svo mikilli nákvæmni, sem audið er,
 og sjerstaklega ber að sjá um, að á tollskránum sjeu tilfærð merki og »brutto«- og
 »netto«-þyngd í öllum tilfellum, þar sem tollgæzluliðið getur aflað sjer þar að lútandi
 upplýsinga, og skal það tekið fram, að finna má »netto«-þyngdina á þeim
 vörum, sem fluttar eru út frá »transitupplagi« eða »frilager«, og sem á Íslandi eru
 tollaðar eptir vigt, með því að draga lögmetna umbúðaþyngd frá »brutto«-þyngdinni,
 eða reikninga umbúðaþyngdina eptir vöruskránni eða áætla hana eptir kunnugleik um
 þyngd umbúða.

10. dag nóvembermán. 1891.

- 120 hefir loks út af kærunum yfir því, að í seinni tíð hafi verið látið fyrir farast að tilgreina merki á tollskyldum vörum á tollskránum til Íslands, tekið fram, að eptir tolltilskipununum verði að eins heimtað, að gefið sje upp viðtakandamerki þegar vörur í umbúðum eru teknar út af »kreditupplaginu«, »transitupplaginu« eða »frilager«, en ekki þegar um innlendar, innfluttar og tolllestar vörur er að ræða, og að tollskrárnar geti þannig ekki ætíð haft inni að halda upplýsingar um þetta.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

121

Ágrip

af reikningi landsbankans 1. júlí—30. septbr. 1891.

Tekjur.

1. Í sjóði 1. júlí 1891:	kr. 68,152.42
2. Borguð lán:	
a. Fasteignarveðslán	kr. 18,763.80
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 9,284.33
c. Handveðslán	— 1,515.45
d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.	— 800.00
e. Reikningslán	— 122.33
3. Fasteign lögð bankanum út fyrir láni að upphæð	— 750.00
4. Innlestir víxlar	— 56,072.00
5. Ávísanir innlestar	— 2,686.65
6. Vextir	— 8,779.89
7. Diskonto	— 644.77
8. Ýmislegar tekjur	— 95.18
9. Seld konungleg ríkisskuldabryf að upphæð	— 4,800.00
10. Frá Landmandsbankanum	— 10,058.70
11. Innlög á hlaupareikning	— 22,236.94
12. Sparisjóðsinnlög	— 103,242.06
	Tekjur alls
	kr. 308,004.52

Gjöld.

1. Lán veitt:	
a. Fasteignarveðslán	kr. 40,740.00
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 22,675.00
c. Handveðslán	— 3,000.00
d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.	— 4,375.00
e. Reikningslán	— 500.00
2. Vixlar keyptir	: — 52,477.00
3. Ávísanir keyptar	— 2,650.00
4. Keypt konungleg ríkisskuldabryf að upphæð	— 400.00
5. Útborgað af innlögum á hlaupareikning	— 23,881.97
	Flyt
	kr. 150,698.97

		Flyt kr. 150.698,97	121
6. Útborgað af sparisjóðsinnlögum	kr. 79,140.04		
Útborgaðir dagvextir þar af	— 104.88	— 79,244.92	
7. Til Landmandsbankans		— 6,605.24	
8. Kostnaður við bankahaldið (laun o fl.)		— 1,679.25	
9. Ýmisleg útgjöld		— 325.49	
10. Til jafnaðar móti tekjulið 3		— 750.00	
11. Í sjóði 30. sept. 1891		— 68,700.65	
	Gjöld alls	kr. 308,004.52	

Athugasemdir:

Landsbankinn átti 30. sept. 1891:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Fasteignarveðskuldabréf	kr. 615,362.08		
b. Sjálfskuldarábyrgðarskuldabréf	— 99,128.14		
c. Handveðskuldabréf	— 45,206.55		
d. Skuldabréf fyrir lánum sveita- og bæjarfjelaga o.fl.—	19,953.27		
e. Skuldabréf fyrir reikningslánnum	— 377.67	kr. 770,027.71	
2. Önnur skuldabréf:			
a. konungleg ríkisskuldabréf	kr. 249,200.00		
b. skuldabréf Reykjavíkurborgar	— 1,500.00	— 250,700.00	
3. Vixla		— 64,815.00	
4. Ávísanir		— 1,690.00	
5. Fasteignir lagðar bankanum út fyrir lánnum að upphæð		— 1,050.00	
6. Hjá Landmandsbankanum		— 1,404.98	
7. Í sjóði		— 68,700.65	
	Alls	kr. 1,158,388.34	

Hinn 30. sept. var seðlaskuld bankans við landssjóð	:	kr. 430,000.00
Innlög á hlaupareikning s. d.	—	4,685.11
Sparisjóðsinnlög s. d.	—	583,884.80
Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur var 31. des. f. á.	—	22,871.15
Varasjóður bankans s. d.	—	83,379.43
